



Tugþúsundir íbúar Katalóníu streymdu út á götur Barcelona til að mótmæla því að spænsk yfirvöld handtóku þrettán opinbera katalónska starfsmenn. 1. október er fyrirhuguð þjóðaratkvæðagreiðsla í landinu en yfirvöld í Madrid hafa gert allt sem í þeirra valdi stendur til að koma í veg fyrir að hún fari fram. Spánverjar vilja alls ekki missa Katalóníu úr aski sínum en 20 prósent af landsframleiðslu Spánar eiga rætur að rekja til héraðsins. NORDICPHOTOS/AFP

## Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Þorgerður Katrín skrifar um það sem hefði getað gerst. **18**

**SPORT** Ólafur Jóhannesson er elsti meistaraþjálfarinn. **28**

**LÍFÍÐ** Dýrasti búgarður landsins er til sölu en eignin er litlir 692 fermetrar. **50**

**PLÚS SÉRBLAÐ • FÓLK**

\*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

## HNÍFAPARATÖSKUR

12 MANNA  
ÁSAMT FYLGIHLUTUM  
MIKIÐ ÚRVAL  
VERÐ FRÁ KR. 24.990



Tékk  
**KRISTALL**

LAUGAVEGI 178 – SÍMI 568 9955

Kringlan

GÓÐGERÐADAGUR  
KRINGLUNNAR

5%

af veltu renna til  
sjálfsvígsforvarna-  
samtakanna **PIETA**

AF ÖLLU  
HJARTA

OPIÐ TIL 21 Í KVÖLD

## Minnast hins andríka skálds

**ANDLÁT** Háskólasamfélagið og rithöfundar eru harmi slegnir við fráfall Sigurðar Pálssonar rithöfundar, sem er látinn 69 ára að aldri. Hann greindist með krabbamein í brjóst-himnu fyrir þremur árum.

Sigurður var fréttaritari, leiðsögumaður, kennari og vann við sjónvarp og kvikmyndir. Hann hafði þó einkum fengist við ritstörf og þýðingar um langt skeið. Hann var forseti Alliance Française um skeið og formaður Rithöfundasambands Íslands. Sigurður var sámdur fálkaorðunni á nýársdag 2017.



Sigurður Pálsson,  
rithöfundur

„Auðvitað vissum við að hverju dró og þó gat maður auðveldlega blekkt sig til að vona að honum yrði lengri lífdaga auðið af því hvað hann var til hinstu stundar gersamlega brílljant og andríkur,“ segir Pétur Gunnarsson rithöfundur um vin sinn. – jhh / sjá síðu 8

# Prestur sendur í leyfi vegna meintrar áreitni

Biskup Íslands hefur sent sr. Ólaf Jóhannsson, sóknarprest í Grensáskirkju, í leyfi meðan úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar fjallar um mál sem tengjast honum. „Ég líð ekki svona á minni vakt,“ segir Agnes M. Sigurðardóttir biskup.

**ÞJÓDKIRKJAN** Fagræð kirkjunnar um meðferð kynferðisbrota innan íslensku þjóðkirkjunnar hefur sent þrjú aðskilin mál á síðustu dögum til úrskurðarnefndar kirkjunnar þar sem meintur gerandi í kynferðisbrotamálinum er einn og sami sóknarpresturinn, sr. Ólafur Jóhannesson í Grensáskirkju í Reykjavík og fyrrverandi formaður Prestafélags Íslands. Ólafur var sendur í leyfi í sumar til að einbeita sér að betrun hjá sálfræðingi.

Sr. Ólafur hefur áður komið við sögu fagræðs þjóðkirkjunnar um meðferð kynferðisbrota og hefur Fréttablaðið fengið staðfest að mál gegn honum hafi einnig verið rekið fyrir fagræðinu árið 2010.

„Ég sendi sr. Ólaf í leyfi í sumar því ég líð ekki svona mál á minni vakt,“ segir Agnes M. Sigurðardóttir, biskup

Ég veitti honum taltal og sendi hann í meðferð hjá sálfræðingi.

Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands



up Íslands. „Ég beitti þeim úrræðum sem lög og reglur segja til um, og eitt af því var að senda hann í leyfi. Ég veitti honum taltal og sendi hann í meðferð hjá sálfræðingi.“


Leyfið var til 15. ágúst síðastliðins og eftir það gekk hann aftur til starfa í Grensáskirkju. Agnes segist

síðan hafa heyrt af hinum tveimur málunum í gær og því gripið strax til ráðstafana vegna þeirra. „Eftir þá meðferð var það mat sálfræðings að hann væri reiðubúinn til að koma aftur til þjónustu í kirkjunni. Ég hef í dag [í gær] fengið þær upplýsingar að fleiri mál hafi komið til úrskurðarnefndarinnar og hefur hann farið í leyfi á meðan úrskurðarnefndin er að vinna í málinu,“ segir Agnes.

Fyrsta málið á þessu ári kom inn á borð fagræðs síðastliðið vor. Brotapoli, sem ekki vill koma fram undir nafni, staðfestir að hafa á þeim tíma sent málið til fagræðs þar sem meintur gerandi er sr. Ólafur. Í síðustu viku hafi málið síðan verið áframsent til úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar. Fyrsti fundur úrskurðarnefndarinnar um málið er á dagskrá í dag.

– sa / sjá síðu 6

## Veður



Allhvöss sunnanátt var vestanlands í nótt, en hægari austan til. Austan kaldi í dag en allhvass vindur sunnan Eyjafjalla. Rigning með köflum sunnan til en víða bjartviðri norðanlands. **SJÁ SÍÐU 32**

## Trúður vill í borgarstjórn

**BANDARÍKIN** Framboð Pats Payaso er hvalreki fyrir þá sem telja að aðeins trúðar fari út í stjórnmál. Payaso, sem er á fullu í framboði til borgarstjórnar í Boston, kemur nefnilega fram klæddur sem trúður í kosningabaráttunni.

Payaso, sem er spænskættaður, ákvað að nýta nafn sitt til hins ítrasta en Payaso þýðir trúður á spænsku. Trúðslætin ná víða en frambjóðandinn virðist hafa skráð mann sem stjórnanda framboðs síns án þess að spyrja hann leyfis.

Einn frambjóðenda, sitjandi borgarfulltrúinn Anniessa Essaiði George, hefur lítinn húmor fyrir uppátæki Payasos og sagði hann vera að gera grín að kosningunum. Kosningarnar fara fram 7. nóvember næstkomandi en sjö frambjóðendur berjast um fjögur laus sæti. – jõe

## Steypuvinna í úrhelli



Iðnaðarmenn í Kópavogi létu ekki rigninguna í gær á sig fá. Hérna eru þeir við steypuvinnu í hverfinu 201 Smári en það ris nú sunnan Smáralindar. Í hverfinu verður 620 íbúða byggð. Eftt var til hugmyndakeppni um götuheitin og Silfursmári og Sunnusmári urðu fyrir valinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Lögreglukonur standa vaktina á lögreglustöðinni í Grafarholti. MYND/LÖGREGLAN

## Lögreglukonum fjölgar

**LÖGREGLA** Konum fjölgar smám saman í starfslíði lögreglunnar. Hjú lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu starfa nú 66 konur og eru þær 22 prósent alls lögregluliðs höfuðborgarsvæðisins en þær voru 48 við upphaf árs 2014, eða sextán prósent.

„Þetta er jákvæð og ánægjuleg þróun,“ segir í tilkynningu frá lög-

reglunni á höfuðborgarsvæðinu, en lengi hefur verið bent á að fleiri konur vanti til starfa hjá lögreglunni.

Fréttablaðið skýrði frá því í júlí að konur væru í meirihluta innritaðra nemenda í lögreglufræðum við Háskólann á Akureyri á yfirstandandi haustönn. Innritaðar konur voru 76 en karlar 74. – aá

## Sjúkrabíll tafðist með innlyksa kjólameistara

Hildur Bolladóttir, kjólameistari á Skólavörðustíg, sem veiktist skyndilega fyrir stuttu, segir sjúkrabíl hafa átt erfitt með að komast að húsinu þar sem hún býr vegna lokana. Lögregla fari þar ekki um á nóttunni og óþjóðalýður vaði uppi.

**REYKJAVÍK** „Ég held að það geti ekki verið löglegt að læsa mann svona inni,“ segir Hildur Bolladóttir kjólameistari sem lenti í mikill töf við að komast með sjúkrabíl á spítala vegna lokunar á Skólavörðustíg þar sem hún býr.

Hildur og eiginmaður hennar, Ófeigur Björnsson gullsmíður, eiga húsið á Skólavörðustíg 5 og bæði búa þar og reka sína atvinnustarfsemi. Um miðjan ágúst veiktist Hildur skyndilega og þurfti á sjúkrabíl að halda. Þá vandaðist málið.

„Hér er gatan lokuð við Bergstaðastræti fimm mánuði á ári með hengilás og þeir sem voru á sjúkrabílnum höfðu ekki lykिल að hliðinu,“ segir Hildur. Þrátt fyrir að sjúkrabíll hafi verið nærri í miðbænum þegar hringt hafi verið fyrir hana hafi gengið seint að komast frá staðnum aftur. Sjúkrabílnum hafi verið ekið í öfuga akstursstefnu upp Skólavörðustíg og snúið þar við með herkjum til að koma Hildi á brott.

„Sjúkrabíllinn ætlaði að halda áfram upp eftir en gat ekki opnað hliðið og þurfti að snúa við,“ segir Hildur. Aðeins sé opið fyrir bíla niður Skólavörðustíginn milli klukkan átta og ellefu á morgnana svo hægt sé að aka með vörur að verslunum. Klukkan hafi verið eitt eftir hádegi þegar hún veiktist skyndilega, svo hún datt út og vissi ekki af sér.

„Læknirinn í bílnum sagði mér að það benti allt til þess að það hefði blætt inn á heila og þá er þetta mínútopursmál. Sem betur hafði ekki blætt inn á heila en það hefði getað farið verr því þetta náttúrulega tafði alveg heilmikið.“



Að venju læstu borgarstarfsmenn Skólavörðustíg klukkan eitt í gær fyrir Hildi Bolladóttur og öðrum sem vilja fara þar um á bil. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**Læknirinn í bílnum sagði mér að það benti allt til þess að það hefði blætt inn á heila og þá er þetta mínútopursmál.**

Hildur Bolladóttir, kjólameistari

Hildur segir áhrifin af lokunum gatna á verslun og þjónustu í miðbænum vera svakaleg. Þau hjónin finni vel fyrir því. „Við erum búin að missa Íslendingana. Það er hvergi hægt að fá bílastæði og þeir nenna ekki að standa í þessu. Ég er mest að

sauma fyrir konur á besta aldri og þær bara treysta sér ekki í bæinn. Enda eru verslanir að gefast upp hér og flytja upp í Skeifholt og inn í Skeifuna og annað eða eru hreinlega hættar.“

Þá segir Hildur að lokanirnar eigi sér jafnvel enn skuggalegru hliðar. „Hér á nóttunni þrífst alls konar ósömi,“ segir hún. „Það er verið að selja eiturlyf og það er veggjakrot og vitleysa vegna þess að lögreglan sést hér ekki. Hún kemst ekki á bilunum inn í þessar lokuðu götur og hún fer ekki fótgangandi að nóttu til af öryggisástæðum. Ástandið verður alltaf verra og verra.“

gar@frettabladid.is

29. september í 4 nætur

Frá kr.  
**44.995**  
m/morgunmat

Allt að  
**39.950** kr.  
afsláttur á mann

**2**  
FYRIR  
á flugsæti  
m/gistingu

FLUGSÆTI  
ÁÐUR KR.  
79.900  
NÚ KR.  
39.950

Helgarferð á spottprís

**PRAG**

Heimsferðir

Kringlan

# AF ÖLLU HJARTA

## LÁTTU GOTT AF ÞÉR LEIÐA GEFUM SAMAN

Góðgerðadagur Kringlunnar er í dag. Af því tilefni renna 5% af veltu verslana og veitingastaða til PIETA, sjálfsvígsforvarnasamtaka.

Pieta býður gestum Kringlunnar upp á veglega dagskrá og fræðslu

Kl. 14.00

Gissur Páll Gissurarson syngur  
Forseti Íslands, herra Guðni Th. Jóhannesson,  
tilkynnir hvar Pieta húsið verður  
Sala hefst á happdrættismiðum Pieta

Kl. 17.00

Íþróttaálfurinn skemmtir í göngugötu  
Björgvin Franz Gíslason leikari tekur lagið

Kl. 18.00

Björgvin Franz Gíslason happdrættisstjóri dregur út fjölda glæsilegra  
vinninga m.a. KitchenAid hrærivél frá Byggt og búið, úlpu frá 66°Norður  
og skó frá Timberland (eingöngu er dregið úr seldum miðum)

Kl. 20.00

Danssýning frá Kramhúsinu  
Jóhanna Guðrún og Davíð Sigurgeirsson ásamt  
Gospelkór Jóns Vídalíns flytja tónlist

Í göngugötu verður boðið upp á fræðslu um starfsemi Pieta,  
sem og veitingar.

Glæsileg tilboð frá fjölmörgum verslunum í allan dag.



OPIÐ

**10-21**  
ALLA FIMMTUDAGA

**GLÆSILEG TILBOÐ OG  
FJÖLBREYTT DAGSKRÁ**

kringlan.is

facebook.com/kringlan.is

# Rúmlega 60 prósent telja Bjarta framtíð hafa haft gilda ástæðu

**STJÓRN MÁL** Tæplega tveir af hverjum þremur, eða 64,3 prósent þeirra sem afstöðu taka, telja að meintur trúnaðarbrestur vegna málsmeðferðar á málum barnaniðinga hafi verið gild ástæða til stjórnarslita. Hins vegar telja 35,7 prósent að það hafi ekki verið gild ástæða til stjórnarslita. Þetta sýna niðurstöður skoðanakönnunar Fréttablaðsins sem gerð var 18. september.

Eins og fram hefur komið ákvað stjórn Bjartrar framtíðar að slíta stjórnarsamstarfi við Sjálfstæðisflokkinn og Viðreisn eftir að upplýst hafði verið að Benedikt Sveinsson, faðir Bjarna Benediktssonar forsætisráðherra, hafði skrifað undir umsögn fyrir dæmdan barnaniðing vegna umsóknar um uppreist æru. Sigriður Andersen dómsmálaráðherra upplýsti svo um það opinberlega að

» **64,3 prósent telja að meintur trúnaðarbrestur hafi verið gild ástæða til stjórnarslita.**

hún hefði sagt forsætisráðherra frá tengslunum. Forystumönnum annarra stjórnflokka var ekki sagt frá þeim.

Hringt var í 1.311 manns þar til

náðist í 800 manns samkvæmt lagskiptu úrtaki. Spurt var: Var meintur trúnaðarbrestur vegna málsmeðferðar á málum barnaniðinganna gild ástæða til stjórnarslita? Alls tóku 79 prósent afstöðu til spurningarinnar, 16 prósent sögðust óákveðin í afstöðu sinni.

Gallup birti líka í gær niðurstöður skoðanakönnunar þar sem spurt var hvort nýliðnir atburðir hefðu gefið

tilefni til stjórnarslita. Niðurstaða í þeirri könnun var sú að 62 prósent voru sammála því að atburðirnir hefðu gefið tilefni til stjórnarslita en 32 prósent voru því ósammála. Könnun Gallup var netkönnun sem gerð var dagana 15. til 19. september. Heildarúrtaksstærð var 1.413 og þátttökuhlutfall var 53,4 prósent. Einstaklingar voru handahófsvaldir úr Viðhorfhópi Gallup. – jhh

## Hælisleitandi í gæsluvarðhald

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur staðfesti í gær úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur um að marokkóskur hælisleitandi skyldi sæta gæsluvarðhaldi í tvær vikur. Undanfarnar vikur hefur lögregla itrekað þurft að hafa afskipti af manningum.

Maðurinn hefur meðal annars gengið berserksgang á Domino's, verið allsnakinn á götum borgarinnar og gengið þar berserksgang. Við eina handtökuna spurði maðurinn lögreglumenn hvort þeir gætu ekki skotið hann. Þá deildi hann mynd sem tengist ISIS á Facebook-síðu sinni og á að baki dóma í Noregi, Hollandi, Frakklandi og Marokkó. Brotin eru margvísleg, þjófnaðir, skjalafals og hótanir.

Hælisumsókn mannsins hefur verið hafnað og í janúar staðfesti kærufélag útlendingamála synjun við umsókn hans um vernd. Unnið er að því að senda manninn úr landi. – jõe

## Afhenda gögn um Kröflulínu 4

**STJÓRNSÝSLA** Skútustaðahreppi er skylt að afhenda Landvernd öll skjöl sem tengdust ákvörðun sveitarfélagsins um framkvæmdaleyfi vegna lagningar Kröflulínu 4.

Félagið óskaði eftir gögnum í október, tveimur dögum fyrir þingskosningar, en nokkuð hafði verið rætt um málið á síðustu dögum þingsins. Hreppurinn taldi sér ekki unnt að afhenda öll gögnin þar sem upplýsingalög heimiluðu það ekki.

Landvernd óskaði hins vegar eftir gögnum á grundvelli laga um upplýsingarétt um umhverfismál. Taldi nefndin að gögnin heyrðu þar undir. Ekki var fallist á rök Skútustaðahrepps um að um vinnugögn væri að ræða þar sem gögnin höfðu borist á milli utanaðkomandi sérfræðinga og sveitarfélagsins. Þá var ekki fallist á að neinar undanþágureglur giltu um gögnin og væri sveitarfélaginu því skylt að afhenda þau. – jõe

# Niðurstöður kjaraviðræðna gætu haft áhrif á íbúðaverð

Dregið hefur úr verðhækkunum á húsnæði í Reykjavík en aukinn kraftur er á landsbyggðinni. Hagfræðingur hjá Íbúðalánasjóði efast um að íbúðaverð lækki á næstunni. Niðurstöður kjaraviðræðna kunna að hafa áhrif á þróun fasteignaverðs. Auknar ráðstöfunartekjur gætu ýtt undir hærra húsnæðisverð.

**EFNAHAGSMÁL** Það er afar ólíklegt að íbúðaverð hækki jafn hratt næstu misseri og það hefur gert síðustu misseri. En það er einnig afar ólíklegt að það verð muni lækka, sagði Ólafur Heiðar Helgason, hagfræðingur hjá Íbúðalánasjóði, á fundi um kólnun fasteignamarkaðarins sem fram fór í gær.

Ólafur vakti athygli á því að tólf mánaða hækkun vísitölu íbúðaverðs nam 23,5 prósentum í maí, sem jafngilti 21,5 prósentu hækkun að teknu tilliti til verðbólgu. Til samanburðar hefur meðalhækkun raunverðs íbúða á höfuðborgarsvæðinu verið 3,8 prósent undanfarna tvo áratugi. „Hækkunin hefur verið umfram það síðan í janúar 2014. En síðan í maí hefur hægt verulega á þessum verðhækkunum,“ sagði Ólafur Heiðar.

Tólf mánaða hækkun vísitölu á höfuðborgarsvæðinu í ágúst nam 19,1 prósentu og var hækkun sérbylils talsvert meiri en hækkun fjöleignarhúsa. Ólafur Heiðar segir að einnig hafi dregið nokkuð úr fjölda undirritaðra kaupsamninga.

Markaðurinn heldur hins vegar áfram að vera mjög kröftugur á landsbyggðinni, að sögn Ólafs Heiðars. Þetta eigi sérstaklega við um svæði í jaðri höfuðborgarsvæðisins þar sem tólf mánaða hækkunartakturinn í júlí var á bilinu 25 til 40 prósent.

Ólafur segir nokkrar ástæður hafa verið fyrir þeirri hækkun sem varð á fyrri hluta ársins. Ein skýringin er sú að landsmönnum fjölgaði verulega á fyrri helmingi árs, enda eftirspurn eftir erlendu vinnuafli mikil.

„Þegar landsmönnum fjölgar um 5.500 á sex mánuðum, þá hefur það sín áhrif á fasteignamarkaðinn, bæði



Líklega mun sá fjöldi íbúða sem er á leiðinni á markað verða til að draga úr verðhækkunum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

» **Þegar landsmönnum fjölgar um 5.500 á sex mánuðum, þá hefur það sín áhrif á fasteignamarkaðinn.**

Ólafur Heiðar Helgason, hagfræðingur hjá Íbúðalánasjóði



kaupmarkaðinn og leigumarkaðinn, þrátt fyrir að nýjum íbúðum sé að fjölga töluvert á þessum tíma,“ segir Ólafur Heiðar. Þetta jafngildi þriggja prósentu fjölsfjölgun á ársgrundvelli en meðalfjölgun síðustu ára sé 1 prósent á ári.

Ólafur leggur þó áherslu á að fleiri þættir hafi áhrif. Vextir á íbúðalánum hafi lækkað til langs tíma og kaupmáttur heimila vaxið mjög hratt. „Að auki getur verið að það hafi bara verið almenn stemning sem hafi átt einhvern þátt í þessum verðhækkunum. En það er mjög erfitt að greina á milli þessara þátta.“

Ólafur segir að á næstu árum muni eitthvað draga úr þeim mikla framboðsskorti sem hefur verið undanfarið. „Þegar nýjar íbúðir koma inn á markaðinn er líklegt að það muni eitthvað dempa þær miklu verðhækkunir sem hafa verið að undanfögnu,“ segir hann.

Niðurstöður kjaraviðræðna muni einnig hafa áhrif á verðþrýsting á markaði. Þegar framboð á húsnæði er lítið geti auknar ráðstöfunartekjur ýtt undir hærra verð. Þá myndu lægri vextir að óbreyttu leiða til verðhækkana.

jonhakon@frettabladid.is

SLÁANDI SEPTEMBER  
AFSLÁTTUR

**panda cross**  
4x4

Með 300.000 kr afslætti.

DÆMI: 2.990.000 kr.

MEÐ AFSLÆTTI: 2.690.000 kr.

Allir sem kaupa eða panta nýjan Fiat hjá Ís-Band í september, geta fengið sláandi afslátt.



5 ÁRA  
ÁBYRGÐ

- 300.000 kr.

\*Tilboðið gildir til 30. september 2017

**ÍSABAND**  
ISLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOD

Umboðsaðili Alfa Romeo, Chrysler, Dodge, Fiat, Fiat Professional, Jeep og Ram Trucks á Íslandi - Þverholti 6  
270 Mosfellsbær - s. 534 4433 - www.isband.is - isband@isband.is - Opið virka daga 10-18 - Laugardaga 12-16



## Nýjar áherslur

– við bjóðum ykkur velkomin til okkar í Kringluna

Við höfum opnað útibúið okkar í Kringlunni eftir umfangsmiklar breytingar. Þar mótum við þægilegri bankaþjónustu í samvinnu við þig.

- Lengsti opnunartími bankaútibúa á Íslandi – opið alla daga eins og verlanir Kringlunnar
- Starfsfólk aðstoðar og leiðbeinir m.a. við notkun á stafrænum þjónustuleiðum
- Stóru málin leyst með hjálp sérfræðinga með fjarfundabúnaði
- Viðburðir, fræðsla og frábært kaffi

Líttu við. Saman látum við góða hluti gerast.

 **Arion banki**  
– fyrir framtíðina

## Handtóku varaforseta Katalóníu

**SPÁNN** Lögreglan á Spáni handtók í gær á annan tug katalónskra embættismanna og gerði húsleit í ráðuneytum héraðsins. Á meðal þeirra handteknu var Josep Maria Jové, annar varaforseti héraðsins, en spænsk yfirvöld hafa úrskurðað fyrirhugaða atkvæðagreiðslu um sjálfstæði héraðsins ólöglega.

Mariano Rajoy, forsætisráðherra Spánar, hafði undanfarna daga biðlað til stjórnar Katalóníu um að hætta við atkvæðagreiðsluna og meðal annars hótad því að héraðið yrði svipt fjárræði. Í gær sagði hann að aðgerð lögreglu hefði verið nauðsynleg, yfirvöld hefðu verið tilneydd. „Ekkert lýðræðisríki í heim-

**Aðgerðir lögreglu-unnar eru lýðræðislegur skandall.**

Ada Colau, borgarstjóri í Barcelona

inum gæti samþykkt áform þessa fólks.“

Carles Puigdemont, forseti Katalóníu, boðaði stjórn sína á neyðarfund í gær. Sakaði hann spænsku ríkisstjórnina um að svipta Katalóníu sjálfstjórnarrétti sínum og lýsti yfir neyðarástandi í héraðinu. – þea



Sr. Ólafur Jóhannsson, sóknarprestur í Grensáskirkju, er fyrrverandi formaður Prestafélags Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/EYFÓR

## Neitar ásökunum um kynferðislega áreitni

Sr. Ólafur Jóhannsson, sóknarprestur í Grensáskirkju, segir það af og frá að hann hafi gerst sekur um kynferðislega áreitni. Þrjú mál eru komin á borð úrskurðarnefndar Þjóðkirkjunnar þar sem Ólafur er meintur gerandi.

**ÞJÓÐKIRKJAN** Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands, hefur sent sr. Ólaf Jóhannsson, sóknarprest í Grensáskirkju í Reykjavík, í leyfi meðan úrskurðarnefnd fjallar um þrjú mál tengd honum. Hann var sendur í leyfi í sumar til að einbeita sér að betrun hjá sálfræðingi. Fyrsta málið á þessu ári kom inn á borð fagræðs Þjóðkirkjunnar um meðferð kynferðisbrota síðastliðið vor.

Ólafur neitar því staðfestlega að um kynferðislega áreitni hafi verið að ræða í því máli. „Þar á í hlut kona sem ég hef talið til kunningja í ákveðnu samhengi. Ég tók utan um hana og kyssti hana á kinnina. Það er atvikið. Ég hélt það væri óhætt en það var greinilega ekki. Algjörlega fráleitt að kalla það kynferðislega áreitni að mínu mati, [þetta] var saklaus koss á kinn,“ segir Ólafur.

Hann lýsir því að hann sé mjög hryggur yfir því að málið sé komið á þennan stað „Auðvitað var það rangt af mér að gera þetta ef það var óþægilegt fyrir hana. Það er engin spurning. En það var ekki kynferðisleg áreitni og tengdist engu slíku.“

Árið 2010 var einnig lögð fram kvörtun til fagræðs vegna sama prests. Ólafur játar því og segist hafa heyrt af því máli en mjög óformlega. Hann segist hafa hitt sálfræðing eftir

**Ég hef fengið þær upplýsingar að fleiri mál hafi komið til úrskurðarnefndarinnar og hefur hann farið í leyfi á meðan nefndin er að vinna í málinu.**

Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands



það mál sem hafi snúist um að læra að setja sér mörk í samskiptum sínum við hitt kynið. „Ég hef alltaf hitt sálfræðing öðru hverju. En í mínum skilningi og skilningi íslenskra laga snýst það ekki um kynferðislega áreitni,“ segir Ólafur.

Elína Hrund Kristjánsdóttir, formaður fagræðsins, segir fagræðið taka á móti brotaþolum og veita þeim aðstoð. Trúnaður sé við brotaþola og markmið fagræðs sé að hlusta á alla og taka þeim vel. Niðurstaða í málinu í mars hafi verið að senda málið til úrskurðarnefndar Þjóðkirkjunnar. „Úrskurðarnefnd fer svo yfir málið og kallar til viðeig-

andi aðila að borðinu og úrskurðar í málinu,“ segir Elína. Brotaþolinn í málinu vildi ekki kæra til lögreglu heldur vildi að málið fengi efnislega meðferð innan kirkjunnar.

Fagræðið, sem er sjálfstæð eining, vinnur í samvinnu við brotaþola og aðstoðar þá við að senda málið þangað sem brotaþolar sjálfir vilja. Fagræðið stýrir því ekki í hvaða farveg málin fara. Aðstoð og hlustun á brotaþola er meginsteifið í vinnu ráðsins. Í ráðinu sitja reyndir aðilar á sviði sálfræðis.

Dögg Pálsdóttir er formaður úrskurðarnefndarinnar. Verkefni nefndarinnar er að taka til meðferðar ágreiningu á kirkjulegum vettvangi og um hana er fjallað í Þjóðkirkjulögum. Hún staðfestir að þrjú mál séu nú til meðferðar hjá úrskurðarnefnd sem komið hafa frá fagræðinu þar sem sr. Ólafur er meintur gerandi. Bárust þau úrskurðarnefndinni í síðustu viku. Fyrsti fundur úrskurðarnefndarinnar um málið er á dagskrá í dag.

„Við erum eins og hver önnur stjórnsýslunefnd, að sjálfsögðu hvílir á okkur rannsóknarskylda þar sem við gefum málsaðilum kost á að skila gögnum og köllum eftir gögnum ef þörf er á,“ segir Dögg. sveinn@frettabladid.is

Hugmyndaleit



## Hvað á að vera í Sunnutorgi?

Reykjavíkurborg óskar eftir hugmyndum að starfsemi í Sunnutorgi að Langholtsvegi 70.

Við val á starfsemi verður miðað við að húsið gæði hverfið meira lífi og fjölbreytni. Leigutaki skal leggja fram hugmyndir að útliti og umhverfi en húsið hefur mikið látið á sjá síðustu ár.

Húsið verður sýnt þriðjudaginn 26. sept. kl. 15-16

Hugmyndir um fyrirhugaða starfsemi og opnunartíma berist þjónustuveri Reykjavíkurborgar Borgartúni 12 - 14 fyrir kl. 16.00, þriðjudaginn 3. október 2017.

Nánari upplýsingar á reykjavik.is/leiga



Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar | s. 411 11 11  
Ráðhús Reykjavíkur | reykjavik.is/leiga

## Réttarball



**HLJÓMSVEIT  
GEIRMUNDAR  
VALTÝSSONAR** 22.-23.  
SEPT.  
2017

Smelltu þér á alvöru réttarball um helgina með Geirmundi Valtýssyni og félagum

**TILBOÐS  
MATSEÐILL**

Foréttur: Humar í hvítlaukssmjöri  
Aðalréttur: Nautalund (200 gr.)  
karftöfluvöflur, Béarnaisesósa  
5,490 kr.



www.kringlukrain.is

## Kosningarnar kosta hundruð milljóna

**STJÓRN MÁL** Gera má ráð fyrir því að kostnaður vegna alþingiskosninganna sem boðað hefur verið til þann 28. október næstkomandi muni nema nokkur hundruð milljónum króna. Fjárukalög í fyrra gerðu ráð fyrir að heildarkostnaður vegna kosninganna í fyrra yrði allt að 488 milljónir króna. Ljóst er að kostnaðurinn við kosningarnar nú verður sist lægri.

Samkvæmt upplýsingum frá fjármálaráðuneytinu hefur ekki verið rætt sérstaklega hvernig brugðist verði við en að tveir möguleikar séu í stöðunni.

Annars vegar sé heimild til að sækja fjármagn í almennan varasjóð sem ætlaður er til að bregðast við útgjöldum sem eru tímabundin, ófyrirsjáanleg og óhjákvæmileg



Lýðræðið kostar sitt en nú er ljóst að kosið verður til Alþingis í annað sinn á innan við ári. FRÉTTABLAÐIÐ/EYFÓR

og ekki hægt að bregðast við með öðrum hætti. Þessum almenna varasjóði er lýst þannig að hann sé nokkurs konar „geymslustaður fyrir fjárheimildir sem hægt er að grípa til ef slíkar aðstæður skapast“.

Hinn möguleikinn er að gera ráðstafanir í fjárukalögum, líkt og gert var í september í fyrra þegar 320 milljónir voru eyrnamerkar beinum kostnaði við að halda sjálfar kosningarnar. Við bættist síðan 121 milljón króna sem ráðgert var að þyrfti í biðlaun og annan þingfararkostnað þar sem þá var orðið ljóst að óvenju margir þingmenn gæfu ekki kost á sér til endurkjörs. Svo var gert ráð fyrir 47 milljónum í ýmis útgjöld sem myndu falla til í framhaldi af kosningunum, eins og kaupa á tækjum og búnaði fyrir nýja alþingismenn. Alls 488 milljónir króna.

Það er því ljóst að í mörg horn þarf að líta fyrir komandi kosningar og tíðindi síðustu daga eru ríkissjóði kostnaðarsöm. mikael@frettabladid.is



# HINN EINI SANNI SLÁTURMARKAÐUR

## Í HAGKAUP SKEIFUNNI

AFGREITT ÞRIÐJUDAGA - LAUGARDAGA FRÁ KL. 14-18

ÓFROSID OG FERSKT  
DAGLEGA!



Heilslátur 5 ferskt	5.699 kr/pk
Heilslátur 3 ferskt	3.799 kr/pk
Heilslátur 5 ferskt án blóðs	5.599 kr/pk
Heilslátur 3 án blóðs	3.599 kr/pk
Pindar	399 kr/kg
Eistu	599 kr/kg
Blóð 1 L	199 kr/pk
Mör	169 kr/kg
Sviðahausar hreinsaðir	599 kr/kg
Vambir 3 stk	1.199 kr/pk



Brak liggur víða um höfuðborgina San Juan. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## María lék Púertó Ríkó grátt

**PÚERTÓ RÍKÓ** Allt rafmagn fór af Púertó Ríkó í gær þegar fellibylurinn María fór þar yfir. Var um að ræða versta storm sem skolið hefur á ströndum sérstaka sambands-svæðisins.

Sjónarvottar, sem Reuters fréttastofan talaði við, segja ástandið hræðilegt. Vindurinn hafi rífið þök af húsum og breytt strætum í stórfljót. Í gamla bæ höfuðborgarinnar San Juan mátti sjá rafmagnsstaura, tré og loftkælikerfi fljóta með straumnum innan um dýr sem höfðu orðið vedurofsanum að bráð. „Hættuástandið ríkir enn. Flóða-

viðvaranir hafa verið gefnar út fyrir öll svæði Púertó Ríkó. Haldið ykkur á öruggum stöðum,“ tísti ríkisstjórnin Ricardo Rossello þegar versta veðrið var gengið yfir. 3,5 milljónir manna búa á eyinni.

„Þegar við eigum kost á að fara út á ný munum við sjá að eyjan okkar er ónýtt,“ segir Abner Gomez, stjórnandi almannavarna landsins.

Minnst níu fórust á Dóminíku og Gvadelúpeyjum þegar María fór þar yfir. Í gær hægði á vindhraða hennar en búist er við því að hann aukist á ný. Ekki hafa borist fregnir af mannfalli á Púertó Ríkó. – jõe

# Missti ekki úr kennslustund þrátt fyrir erfið veikindi

Sigurðar Pálssonar rit höfundar er minnst sem vinsæls og virts kennara. Hann var fjölhæfur listamaður og andrikt ljóðskáld. Hann barðist við krabbamein í þrjú ár.

**ANLÁT** „Á þessari stundu er mér efst í huga söknuður við fráfall einstaks vinar úr æsku og allar götur síðan. Auðvitað vissum við að hverju dró og þó gat maður auðveldlega blekkt sig til að vona að honum yrði lengri lífdaga auðið af því hvað hann var til hinstu stundar gersamlega brilljant og andrikur,“ segir Pétur Gunnarsson rithöfundur um vin sinn Sigurð Pálsson, rithöfund og þýðanda.

Háskólasamfélagið og rithöfundar eru harmi slegin við fráfall Sigurðar Pálssonar rithöfundar, sem er látinn 69 ára að aldri. Hann greindist með krabbamein í brjóstthimnu fyrir þremur árum. Sigurður var fréttaritari, leiðsögumaður, kennari og vann við sjónvarp og kvikmyndir. Hann hafði þó einkum fengist við ritstörf og þýðingar um langt skeið. Hann var forseti Alliance Française um skeið og formaður Rithöfundasambands Íslands. Sigurður var sæmdur fálkaorðunni á nýársdag 2017.

„Að tala við hann var alltaf eins konar ljóðagjörningur. Við áttum ótal símtöl í gegnum árin og maður var alltaf uppnuminn eftir hvert símtal. Hann talaði oft í myndmáli og var talandi skáld, ekki bara skrifandi skáld,“ segir Rúnar Helgi Vignisson, dósent við íslenskudeild Háskóla Íslands og umsjónarmaður með ritlistarnámi við skólann.

Rúnar Helgi segir að Sigurður hafi haldið þessu ljóðræna tungutaki alveg fram á síðasta dag. „Það er hálfur mánuður síðan ég hitti hann síðast á líknardeildinni og þá var það enn þá ljóðræn upplifun að heyra hann lýsa sínum veikindum og sínu meini. Hann var enn skapandi í hugsun, alveg fram í andlátinu,“ segir Rúnar Helgi. Hann segir nemendur sína hafa tjáð sig opinskátt um andlát Sigurðar, enda hafi hann verið afar vinsæll og virtur kennari. Þau séu slegin þó að þau hafi vitað í hvað stefndi.

Sigurður kenndi ritlist í tólf ár og leiðbeindi jafnframt nemendum

## Stofna félag um rekstur við Seljalandsfoss

**UMHVERFISMÁL** Rangárbíng eystra og Landeigendafélag Seljalandsfoss undirbúa stofnun sameiginlegs rekstrarfélags um framkvæmdir og rekstur við Seljalandsfoss og Hamragarðasvæðið.

Hratt vaxandi umsvif hafa verið við Seljalandsfoss á næstliðnum árum vegna mikillar fjölgunar ferðamanna. Áætlað er að yfir hálf milljón manna hafa komið að fossinum í fyrra. Gjaldtaka fyrir bílastæði hófst þar í júlí í sumar og veitinga- og minjagripasala hefur verið þar á svæðinu frá árinu 2013. – gar

» Um 500 þúsund ferðamenn skoðuðu Seljalandsfoss á síðasta ári.



Sigurður Pálsson hlaut margsinnis verðlaun fyrir verk sín, en var jafnframt virtur kennari. „Hann naut þess að vera í samskiptum við ritlistarnema og gladdist yfir velgengni þeirra,“ segir Rúnar Helgi Vignisson. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hann var til hinstu stundar gersamlega brilljant og andrikur.

Pétur Gunnarsson, rithöfundur og vinur Sigurðar



með lokaverkefni þeirra. „Síðustu tvo vetur kenndi hann með krabbameinið og missti ekki úr eina einustu kennslustund þótt af honum væri dregið. Hann naut þess að vera í samskiptum við ritlistarnema og gladdist yfir velgengni þeirra,“ segir Rúnar Helgi.

Pétur segir að æviverk Sigurðar sé mikið að vöxtum, ljóð, leikrit, sögur og síðast en ekki síst öll þau erlendu verk sem hann miðlaði íslenskum lesendum í hágæða þýðingum. „Allt mun það lifa áfram og maðurinn sjálfur ógleymanlegur öllum sem honum kynntust,“ segir hann.

jonhakon@frettabladid.is

## Efins um ágæti hertra reglna

**ESB** Viðskiptaráðherra Finnlands, Kai Mykkänen, gagnrýnir áætlanir Evrópusambandsins, ESB, um að herða reglur um erlendar fjárfestingar í Evrópu.

Í viðtali við Financial Times segir ráðherrann að það kunni að koma Þýskalandi og Frakklandi að gagni en ögri samtímis Kína, Indlandi og Bandaríkjunum.

Markmiðið með hertum reglum er meðal annars að koma í veg fyrir að útlendingar stofni fyrirtæki í einu ESB-landi til þess að kaupa fyrirtæki í öðru ESB-landi. Hindra á að erlendir fjárfestar geti sniðgengið þær reglur sem gilda um slík kaup í viðkomandi löndum.

Umræðan um hertar reglur um kaup á fyrirtækjum hefur aukist í kjölfar aukinna fjárfestinga Kínverja í Evrópu undanfarnin ár. Finnski viðskiptaráðherrann telur hertar reglur ekki koma í veg fyrir fjárfestingarnar, heldur aðeins auka skrifinnnskuna. – ibs



ESB hyggst herða reglur um fjárfestingar útlendinga í Evrópu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Listamannalaun 2018

Umsóknarfrestur 2. október

Auglýst eru til umsóknar starfslaun listamanna sem úthlutað verður árið 2018 í samræmi við ákvæði laga nr. 57/2009.

Umsóknarfrestur er til kl. 16:00, mánudaginn 2. október.

Starfslaun eru veitt úr sex sjóðum, þeir eru:

launasjóður hönnuða  
launasjóður myndlistarmanna  
launasjóður rithöfunda  
launasjóður sviðslistafólks  
launasjóður tónlistarflytjenda  
launasjóður tónskálda

Umsóknir skiptast í eftirfarandi flokka:

- Starfslaun fyrir einn listamann í einn launasjóð eða fleiri, falli vinnan undir fleiri en einn sjóð.
- Starfslaun fyrir skilgreint samstarf listamanna í einn launasjóð eða fleiri, falli vinnan undir fleiri en einn sjóð.
- Starfslaun fyrir sviðslistahópa. Sviðslistahópaumsókn er felld inn í atvinnuleikhópaumsókn.

Umsókn um starfslaun, lög og reglugerðir eru á vefslóðinni [www.listamannalaun.is](http://www.listamannalaun.is). Nota þarf íslykil / rafræn skilríki við umsóknina.

Hafi umsækjandi hlotið starfslaun áður, verður umsókn aðeins tekin til umfjöllunar ef framvinduskýrslu vegna síðustu úthlutunar hefur verið skilað til stjórnar listamannalauna, sbr. ákvæði 4. gr. laga um listamannalaun nr. 57/2009.

- Ferðastyrkir verða ekki veittir.
- Eingöngu verður tekið við rafrænum fylgigögnum í gegnum umsóknarkerfið.

Nánari upplýsingar veitir Ragnhildur Zoëga á skrifstofu Rannís, [listamannalaun@rannis.is](mailto:listamannalaun@rannis.is).

Stjórn listamannalauna, ágúst 2017

launasjóður artists' listamanna salary fund

rannís  
[www.rannis.is](http://www.rannis.is)



SEPTEMBER  
TILBOÐ  
BRIMBORGAR

FOCUS ST-LINE



## SPORTLEGUR LÚXUS

Ford Focus ST-Line er sérstök útfærsla af Ford Focus. Ford Focus ST-Line er sportlegur í útliti með álpedulum og sportstýri. Hann er sérlega skemmtilegur í akstri með hinni aflmiklu og margverðlaunuðu 150 hestafla EcoBoost vél. Sportleg sætin auka enn frekar á akstursánægjuna. Ford Focus ST-Line er vel búinn, með sportfjöðrun og stútfullur af sportlegum eiginleikum.

FORD FOCUS ST-LINE FRÁ 3.390.000 KR.

TILBOÐSVERÐ FRÁ:

**2.990.000** KR.

Tilboðið gildir um bíla sem til eru á lager og afhentir í september.

SPARAÐU  
400.000 KR.

### ST-Line búnaður

- 150 hestafla EcoBoost vél
- 8" snertiskjár í miðjustokk
- Leiðsögukerfi með Íslandskorti
- SYNC samskiptakerfi sem tengist snjallsíma
- Fimm stjörnu öryggi hjá EURO NCAP
- 17" Rock Metallic álfelgur
- ST-Line merkingar á hliðum
- ST-Line útlitskitt og innstigshlífar
- ST-Line LED framljós
- ST-Line þriggja arma leðurklætt stýri
- ST-Line sportsæti og sportpedalar



**Ford er frábær!**

**Komdu, reynsluaktu og upplifðu Ford Focus ST-Line**

[ford.is](http://ford.is)



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík  
Bíldshöfða 6  
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri  
Tryggvabraut 5  
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:  
Söluveildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17  
og laugardaga kl. 12-16



## HJÁLPARTÆKI DAGLEGS LÍFS

Málþing á Reykjavík Hilton Nordica  
miðvikudaginn 27. september kl. 16-19

Hjálpartæki auðvelda fólki daglegt líf. Þau eru mörgum nauðsynleg og sumum lífsnauðsynleg. Miklum kostnaði við þau er mætt með opinberum styrkjum að uppfylltum þröngum skilyrðum.

Á málþinginu verður fjallað um framboð, úrval og þjónustu vegna hjálpartækja á Íslandi og notendur segja frá sinni reynslu. Íslensk löggjöf verður skoðuð með tilliti til alþjóðlegra samninga og kallað eftir opinberri stefnumótun í málaflokknum.

### Dagskrá

- 16.00 **Setning** Ellen Calmon, formaður ÖBÍ
- 16.10 **Ávarp** Óttarr Proppé, heilbrigðisráðherra
- 16.20 **Nauðsyn eða hvað?** Emil Thóroddsen, form. málefnaáhrifa ÖBÍ um heilbrigðismál
- 16.40 **Lagareglur um hjálpartæki í íslenski löggjöf með hliðsjón af Samningi SÞ um réttindi fatlaðs fólks** Daniel Isebarn Ágústsson hrl.
- 17.00 **Margþættur vandi heyrnarskerts fólks** Hjörtur Heiðar Jónsson, formaður Heyrnarhjálp
- 17.20 **Kaffihlé**
- 17.40 **Staða og stefna í hjálpartækjamálum hjá Sjúkrtryggingum Íslands** Björk Pálsdóttir, sviðsstjóri hjá Sí
- 18.00 **Aðstöðumunur eftir búsetu og sjúkdómum** Guðrún Sonja Kristinsdóttir, iðjupjálfi
- 18.20 **Tæki til hjálpar – upplifun á þjónustu varðandi hjálpartæki fyrir ungan mann á Íslandi og í Danmörku** Elfa Dögg S. Leifsdóttir, móðir
- 18.40 **Samantekt** Nichole Leigh Mosty, formaður velferðarnefndar Alþingis
- 19.00 **Málþingi slitið**

Málþingið er öllum opið og aðgangur ókeypis.

Skráðu þátttöku á [www.obi.is](http://www.obi.is) fyrir 25. september

Málefnaáhrifa ÖBÍ um heilbrigðismál



Guðlaugur Þór Þórðarson hefur styrkt stöðu sína verulega innan Sjálfstæðisflokksins frá hrúni og bakland hans er sterkt. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Skörp skil milli forystunnar og flokksfélaganna

Guðlaugsmenn vilja flýta varaformannskjöri en forystumenn Sjálfstæðisflokksins vilja fresta því fram yfir kosningar. Baráttan í Reykjavík verður hörð.

**STJÓRN MÁL** Allt hverfist nú um Guðlaug Þór Þórðarson í hringið valdabaráttunnar innan Sjálfstæðisflokksins. Varaformannskjöri er enn óráðið og skiptar skoðanir eru um hvort bjóða eigi fram óbreytta framboðslista fyrir kosningar. Skörp skil virðast vera milli forystu flokksins annars vegar og flokksfélaganna í Reykjavík, helsta vígi Guðlaugs Þórs, hins vegar. Stíft er fundað í flokknum þessa dagana.

Landsfundi hefur verið frestað fram í mars vegna boðaðra kosninga. Ekki liggur hins vegar fyrir hvort flokksráð verður kallað saman fyrir kosningar til að kjósa varaformann, eða hvort flokkurinn fer án varaformanns í kosningabaráttuna. Guðlaugur Þór og Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir eru helst orðuð við embætti varaformanns.

Sjálfstæðismenn í Reykjavík hafa lagt mikla áherslu á að varaformaður verði kjörinn fyrir kosningar. Flokksforystan og stuðningsmenn Þórdísar vilja biða landsfundar.

Hörð baráttan er einnig í upp-siglinu um oddvitasæti í Reykjavík fyrir komandi kosningar. Guðlaugur Þór er talinn öruggur í oddvitasæti annars kjördæmisins en hitt kjördæmið er oddvitalaust eftir fráfall Ólafar Nordal.

Forysta flokksins hefur lagt áherslu á að bjóða eigi fram óbreytta lista eða því sem næst, herma heimildir Fréttablaðsins. Verði þeirri línu fylgt í Reykjavík ætti Brynjar Nielsson að færast upp í fyrsta sætið í Reykjavík suður við hlið Guðlaugs sem mun án efa leiða norðurlistann.

» Hörð baráttan er í upp-siglingu um oddvitasæti Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík fyrir komandi kosningar.

Það eru hins vegar kjördæmarráðin en ekki flokksforystan, sem ákveða hvernig ráðað verður á framboðslista kjördæmanna. Í Verði, fulltrúaráði Sjálfstæðisfélags Reykjavíkur, er alls óvíst að vilji forystunnar verði látinn ráða. Sterkur vilji er til þess að sá sem fylla mun skarð Ólafar fái lýðræðislegt umboð til að leiða lista. Þá er allt opið. Brynjar gæti þurft að víkja öðru sinni fyrir Sigríði Andersen, en margir stuðningsmanna Brynjarar töldu ranglega fram hjá honum gengið þegar Sigríður var skipuð dómsmálaráðherra í febrúar síðastliðnum.

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir þykir einnig eiga tilkall til forystu, enda ritari flokksins og næstráðandi Bjarna Benediktssonar meðan enginn varaformaður hefur verið valinn. Brynjar og Áslaug voru í 2. sæti sitt á hvorum lista fyrir síðustu kosningar en Sigríður var í 3. sæti á eftir Brynjar.

Þá heyrast einnig þær raddir ferskir vindar þurfi að fá að blása um forystuna í Reykjavík og eru nöfn aðstodarmanna bæði Bjarna og Guðlaugs sterklega orðuð við framboð, jafnvel í forystusæti.

Sirry Hallgrímsdóttir er einnig sögð ihuga framboð í Reykjavík eins og Fréttablaðið greindi frá fyrr í vikunni. [adalheidur@frettabladid.is](mailto:adalheidur@frettabladid.is)

## Fundu byssur í lyftum og trjám

**DANMÖRK** Frá því að herferð lögreglunnar í Kaupmannahöfn hófst fyrir nokkrum vikum gegn stríðandi gengjum í borginni hafa 49 manns verið handteknir. Alls hafa 23 skotvopn fundist. Að sögn lögreglunnar fundust skotvopnin í stigagöngum, kjöllurum, lyftum, trjám og runnum nálægt þeim stöðum sem félagar í gengjunum halda sig. Auk þess hefur verið lagt hald á 104 hnifa og barefli.

Fyrr í sumar voru skotbardagar

# 49

hafa verið handteknir herferð lögreglunnar.

gengjanna í Kaupmannahöfn nær daglegt brauð og síðustu ár hafa tugir fallið í skotárásum. Ástandið er nú sagt orðið rölegra. – **ib**

# Tæki færi



### SIEMENS Uppþvottavél

14 manna. Sex kerfi. Hljóð: 44 dB. Hnífaparaskúffa. Einnig fánleg í stáli.

Tækifærissverð: SN 436W02MS  
**77.900 kr.**  
Fullt verð: 99.900 kr.



10 ára ábyrgð á iQdrive mótornum.

### SIEMENS Þvottavél

Vindur upp í 1400 sn./mín. Kolalaus mótur með 10 ára ábyrgð.

Tækifærissverð: WM 14N18SDN  
**94.900 kr.**  
Fullt verð: 119.900 kr.

## SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 • Sími 520 3000  
[www.sminor.is](http://www.sminor.is)

# KLÁRIR FYRIR



# VETURINN

Ekki láta veturinn koma þér á óvart.  
Renndu við í dag og tryggðu þér einn með drifi á öllum á góðu verði.



Rnr. 121267

HYUNDAI Santa Fe III Premium  
Nýskr. 10/15, ekinn 49 þ.km,  
dísil, sjálfskiptur.

VERÐ:  
**5.990 þús. kr.**



Rnr. 330976

NISSAN Qashqai Acenta 4wd  
Nýskr. 07/16, ekinn 43 þ.km,  
dísil, beinskiptur.

VERÐ:  
**3.590 þús. kr.**



Rnr. 144327

RENAULT Kadjar Zen 4wd  
Nýskr. 07/16, ekinn 57 þ.km,  
dísil, beinskiptur.

VERÐ:  
**3.490 þús. kr.**



Rnr. 400148

SKODA Yeti 4x4  
Nýskr. 07/14, ekinn 49 þ.km,  
dísil, beinskiptur.

VERÐ:  
**3.090 þús. kr.**



Rnr. 121308

NISSAN Juke Acenta 4wd  
Nýskr. 09/16, ekinn 5 þ.km,  
bensín, sjálfskiptur.

VERÐ:  
**3.650 þús. kr.**



Rnr. 144358

MAZDA CX-3 Optimum  
Nýskr. 04/17, ekinn 3 þ.km,  
bensín, sjálfskiptur.

VERÐ:  
**3.990 þús. kr.**



Rnr. 370723

VW Tiguan Trend&Fun  
Nýskr. 05/14, ekinn 59 þ.km,  
dísil, sjálfskiptur.

VERÐ:  
**3.590 þús. kr.**



Rnr. 390109

NISSAN Qashqai Acenta 4wd  
Nýskr. 05/16, ekinn 57 þ.km,  
dísil, beinskiptur.

VERÐ:  
**3.390 þús. kr.**



Rnr. 330967

SUBARU Forester Premium  
Nýskr. 06/16, ekinn 61 þ.km,  
bensín, sjálfskiptur.

VERÐ:  
**3.790 þús. kr.**



Rnr. 360121

HYUNDAI Tucson Comfort  
Nýskr. 03/16, ekinn 21 þ.km,  
dísil, sjálfskiptur.

VERÐ:  
**4.490 þús. kr.**



Rnr. 390352

SUBARU Levorg Premium Eyesight  
Nýskr. 01/17, ekinn 13 þ.km,  
bensín, sjálfskiptur.

VERÐ:  
**4.490 þús. kr.**



Rnr. 370742

NISSAN Qashqai SE  
Nýskr. 07/10, ekinn 48 þ.km,  
bensín, sjálfskiptur.

VERÐ:  
**2.190 þús. kr.**



Rnr. 121315

HYUNDAI Santa Fe III Style  
Nýskr. 05/16, ekinn 24 þ.km,  
dísil, sjálfskiptur.

VERÐ:  
**5.990 þús. kr.**



Rnr. 144190

KIA Sportage 4wd  
Nýskr. 06/15, ekinn 84 þ.km,  
dísil, sjálfskiptur.

VERÐ:  
**3.590 þús. kr.**



Rnr. 144318

NISSAN Juke Acenta + 4wd  
Nýskr. 02/16, ekinn 24 þ.km,  
bensín, sjálfskiptur.

VERÐ:  
**3.490 þús. kr.**



Rnr. 370758

MMC Outlander Intense  
Nýskr. 06/15, ekinn 33 þ.km,  
dísil, beinskiptur.

VERÐ:  
**3.790 þús. kr.**



Rnr. 370701

Range Rover Evoque  
Nýskr. 11/16, ekinn 16 þ.km,  
dísil, sjálfskiptur.

VERÐ:  
**7.990 þús. kr.**



Rnr. 144217

KIA Sorento III Luxury  
Nýskr. 05/16, ekinn 64 þ.km,  
dísil, sjálfskiptur.

VERÐ:  
**5.490 þús. kr.**



Rnr. 390384

HYUNDAI ix35  
Nýskr. 04/11, ekinn 67 þ.km,  
bensín, sjálfskiptur.

VERÐ:  
**2.190 þús. kr.**



Rnr. 390261

NISSAN Pathfinder SE  
Nýskr. 05/14, ekinn 118 þ.km,  
dísil, sjálfskiptur.

VERÐ:  
**4.490 þús. kr.**

# Manntjón og eyðilegging í Mexíkó

Á þriðja hundrað fórust í öflugum jarðskjálfta sem reið yfir Mexíkó á þriðjudag. Tala látinna hækkaði í gær og fjölmargir leita þeirra sem er saknað. Mexíkó hefur mátt þola fjölmarga sterka jarðskjálfta undanfarna öld og má ástæðuna rekja til þess að landið liggur á skilum þriggja stórra jarðskorpufleka.

**MEXÍKÓ** Að minnsta kosti þrjátíu börn fórust og þrjátíu til viðbótar var saknað eftir að skóli þeirra hrundi í jarðskjálftanum sem skók Mexíkó á þriðjudag. Frá þessu greindi Enrique Pena Nieto, forseti Mexíkó, í gær. Skjálftinn, sem mældist 7,1 stig, olli gífurlegu tjóni í Mexíkóborg og nærliggjandi ríkjum og er talið að alls hafi að minnsta kosti 216 farist í hamförnunum.

Upptök skjálftans voru nærri Atencingo í Puebla-ríki, nærri 120 kílómetra frá Mexíkóborg. Flestir létust hins vegar í Mexíkóborg, 86 talsins. Þá fórst 71 í Morelos-ríki og 43 í Puebla-ríki.

Alfredo del Mazo Maza, ríkisstjóri Mexíkó, lokaði öllum skólum Mexíkó-ríkis í dag og ákvað sömu leiðis að allar almenningssamgöngur yrðu ókeypis. Menntamálaráðu-



Björgunarfólk kallar eftir þögn með því að lyfta höndum. Það eykur líkurnar á að heyrja í þeim gröfnu. NORDICPHOTOS/AFP



Jarðskjálftinn átti upptök sín í suðurhluta Mexíkó.

neyti Mexíkó greindi frá því í gær að 209 skólabyggingar hefðu skemmst vegna skjálftans, þar af 15 illa.

Björgunarfólk hefur nýtt hverja stund til þess að leita að fólki sem festist undir braki úr byggingum en fjölmörg hús hrundu í skjálftanum, þar af 39 í Mexíkóborg. Hefur björgunarfólkið notið aðstoðar hermanna, lögreglu, slökkviliðs og sjálfbodaliða. Í samtali við Televisa sagði Miguel Angel Mancera borgarstjóri í gær að á meðal bygginganna væru sex hæða íbúðablokk, matvöruverslun og verksmíðja.

Þá greindi sjónvarpsstöðin jafn-

framt frá því að 26 hefði verið bjargað úr rústum byggingar sem áður stóð við Álvaro Obregón-stræti en þrettán væru enn fastir í rústunum.

Innviðir Mexíkóborgar eru afar laskaðir eftir hamfarirnar og greindi BBC frá því í gær að um tvær milljónir væru án rafmagns og símasambands. Borgarbúar voru jafnframt varaðir við því að reykja úti á götu þar sem gasleiðslur gætu hafa skemmst.

Stutt er síðan 8,2 stiga skjálfti reið yfir Mexíkó en að sögn jarðfræðings hjá BBC virðast skjálftarnir ótengdir. Um 650 kílómetrar eru á milli upptaka skjálftanna en venjulega eru eftirskjálftar með upptök innan við 100 kílómetra frá upptökum upprunalega skjálftans.

Þá voru á þriðjudag 32 ár liðin frá því að stór skjálfti reið yfir Mexíkóborg og varð um tíu þúsund manns að bana. 400 byggingar hrundu í þeim skjálfta. Skjálfti þriðjudagsins reið yfir þegar jarðskjálftaæfing var haldin í tilefni af afmæli gamla skjálftans og samkvæmt mexíkóskum fjölmiðlum mistúlkuðu allnokkrir skjálftaviðvarnir sem hluta æfingarinnar.

Nítján jarðskjálftar, sterkari en 6,5 stig, hafa riðið yfir svæðið í 250 kílómetra radius frá upptökum skjálfta þriðjudagsins undanfarna öld. Er það vegna þess að í Mexíkó er einna mest skjálftavirkni í heiminum enda er ríkið á flekaskilum þriggja af stærstu jarðskorpuflekum plánetunnar, Norður-Ameríku-flekans, Kókosflekans og Kyrrahafs-flekans. [thorgnyr@frettabladid.is](mailto:thorgnyr@frettabladid.is)

## Nú er gaman að vera til.



Nýr Golf GTE. Rafmagn og bensín hafa sjaldan verið eins góð saman.

Volkswagen Golf GTE gengur bæði fyrir rafmagn og bensíni. Raforkan dugar allt að 50 km og bensínvél kemur sterk inn í lengri ferðum. Hann er umhverfisvænn, fer á 7,6 sek. í 100 km/klst. og statar af viðbótarrafdrifi sem gerir hann að afar sparneytnum tengiltvinnbíl. Komdu í reynsluakstur ef þú vilt hafa gaman af lífinu.

Volkswagen Golf GTE, verð aðeins

3.990.000 kr.

Við látum framtíðina rætast.



Volkswagen

SMASHBOX\_0403

95

smashbox

KYNNINGARDAGAR Í HAGKAUP SMÁRALIND  
21.-25. SEPTEMBER

FYRSTI SINNAR TEGJUNDAR!

# PHOTO FINISH PRIMERIZER

FARÐAGRUNNUR OG RAKAKREM Í SÖMU FORMÚLU!

16250 5046 TX

16250 5046 TX X

20%

AFSLÁTTUR AF ÖLLUM  
SMASHBOX VÖRUM  
21.-25. SEPT.

smashbox

PHOTO FINISH  
PRIMERIZER

PRIMER + MOISTURIZER IN 1

NIC ACID

MAKEUP CREATED AT SMASHBOX PHOTO STUDIOS L.A.

**HAGKAUP**  
Skemmtilegast að versla

# RISA OPNUNARPARTÝ

FIMMTUDAGUR 21/09

**25%  
afsláttu  
af öllu í  
búðinni.**

(Gildir ekki á Lego, leikjatölvum og gjafabréfum.)

FYRSTUR KEMUR



50%

15 stk



40%

50 stk



50%

20 stk



50%

50 stk



40%

50 stk

**JULIA MYROLL JENSEN**  
28 ári  
9 ára reynsla  
af leikfangasölu  
**SÉRFRÆÐINGUR Í LEGO**

FÖSTUDAGUR 22/09

Skautadagur

40%

**SKATEBOARDS**

20%

**Fisher-Price**

25%

**Shopkins**

FYRSTUR KEMUR



40%

50 stk



40%

50 stk



40%

50 stk



40%

30 stk



60%

30 stk

**MIA LENANDER**  
27 ári  
10 ára reynsla  
af leikfangasölu  
**SÉRFRÆÐINGUR  
Í PRE-SCHOOL**

**ToysRus**

# TOYS"R"US OPNA Í KRINGLUNNI

LAUGARDAGUR 23/09

Youtubeday LazyTown  
heimsækir Toys"R"us

30%

FOOTBALL GOALS

25%

GEMMIES  
Make Crystal Creations/Realise des créations en cristaux //Crea disegni de cristali

VACKY-TIVITIES  
Kinetic Sand

25%

FYRSTUR KEMUR



40%

50 stk



50%

50 stk



30%

40 stk



40%

50 stk

SUNNUDAGUR 24/09

250 ókeypis bollakökur

60%

DESPICABLE  
ME3  
MINIONS

STAR  
WARS

20%

MARVEL  
THE AVENGERS

25%

POKÉMON

25%



FYRSTUR KEMUR



40%

30 stk



40%

50 stk



40%

50 stk



50%


50 stk



40%

50 stk

## HITTU GEOFFREY



Kringlunni 4-12  
103 Reykjavík

OPNUNARTÍMI

Fimmtudagur: 10:00-21:00

Föstudagur: 10:00-19:00

Laugardagur: 10:00-18:00

Sunnudagur: 13:00-18:00

TOYS"R"US

## MARKAÐURINN

## Fjárfestar færa sig úr hlutabréfasjóðum

Bein hlutafjareign verðbréfa- og fjárfestingarsjóða í skráðum félögum dróst saman um tugi milljarða í sumar. Mestu munar um innlausnir lífeyrissjóða. Fjárfestar beina sjónum sínum í auknum mæli að fjárfestingum erlendis. Sjóðirnir hafa skilað neikvæðri ávöxtun á árinu.

Visbendingar eru um að fjárfestar hafi á undanförunum mánuðum í auknum mæli tekið fé út úr innlendum hlutabréfasjóðum. Mestu munar um innlausnir lífeyrissjóða, sem hafa aukið fjárfestingar erlendis sem og lánveitingar til sjóðsfélaga, og þá hafa margir einkafjárfestar leitað betri ávöxtunar í öðrum fjárfestingarkostum.

Bein hlutafjareign verðbréfa- og fjárfestingarsjóða í skráðum félögum hefur dregist saman um 36 milljarða á tæplega fjórum mánuðum.

Samkvæmt gögnum sem Kauphöllin tók saman fyrir Fréttablaðið hefur hlutafjareign verðbréfa- og fjárfestingarsjóða farið hlutfallslega lækkanði síðustu mánuði. Slikir sjóðir áttu um 7,9 prósent af heildarmarkaðsvirði fyrirtækja í Kauphöllinni í september, samanlagt um 81,4 milljarða króna, borið saman við 9,8 prósent í lok maímánaðar. Til samanburðar var hlutfallið 10,9 prósent í lok síðasta árs og 12,0 prósent í lok árs 2015.

Heildarmarkaðsvirði skráðra félaga hefur lækkað um 14,5 prósent frá því í lok maí og skýrir það að einhverju leyti minnkandi hlutafjareign hlutabréfasjóða. Önnur skýring er tíu milljarða króna úttekt Frjálsa lífeyrissjóðsins úr sjóðum í rekstri eignastýringarfyrirtækisins Stefnis í júní. Þótt leiðrétt sé fyrir þessum tveimur breytum lækkaði hlutafjár-



Úrvalsvisitala Kauphallarinnar hefur lækkað um rúmlega sjö prósent það sem af er ári. Nær allir hlutabréfasjóðir landsins hafa sýnt neikvæða ávöxtun á sama tíma.

FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

36

milljarðar var samdrátturinn í beinni hlutafjareign verðbréfa- og fjárfestingarsjóða í sumar.

við segir stemninguna á hlutabréfamarkaði dræmari en áður. Það hafi þau áhrif að almenningur sé ekki eins viljugur til þess að festa kaup á hlutabréfum og haldi fremur að sér höndum.

Eins og kunnugt er hefur úrvalsvisitala Kauphallarinnar lækkað um 7,3 prósent það sem af er ári. Af þeim tólf innlendu hlutabréfasjóðum sem sýna ávöxtun á viðskiptavefnum Keldunni hefur aðeins einn sjóður, í stýringu Júpiters, sýnt jákvæða ávöxtun frá áramótum. Allir hinir hafa sýnt neikvæða ávöxtun, en lökust er hún hjá sjóðum í stýringu Landsbréfa.

Kjartan Smári segir verðlagninguna á hlutabréfamarkaði almennt séð ekki vera úr hófi fram, sér í lagi í erlendum samanburði. Sú pólitíska óvissa sem nú sé uppi sé hins vegar ekki til þess fallin að hafa jákvæð áhrif á markaðinn. „Það er ekki ólíklegt að margir fjárfestar haldi að sér höndum og að það verði fremur rólegt yfir markaðinum fram yfir kosningar.“ [kristinningi@frettabladid.is](mailto:kristinningi@frettabladid.is)

eign sjóðanna engu að síður um tíu milljarða króna í sumar.

Samkvæmt tölum frá Seðlabanka Íslands var innlausn hlutdeildarskírteina í hlutabréfasjóðum um 17,1 milljarði króna umfram sölu hlutdeildarskírteina á fyrstu sjö mánuðum ársins. Sé litið til sumarmánaðanna, maí, júní og júlí, nam upphæðin liðlega 12 milljörðum króna.

Einn viðmælenda Fréttablaðsins á fjármálamarkaði segir eignir hlutabréfasjóða almennt hafa dregist saman undanfarið. Margir fjárfestar, þá ekki síst lífeyrissjóðir, hafi beint

sjónum sínum í auknum mæli að fjárfestingum erlendis. Bæði hafi erlendar fjárfestingar aukist í kjölfar þess að stjórnvöld aflétu gjaldeyrishöftum í mars og eins eftir að gengi krónunnar tók að veikjast í júnímánuði eftir linnulausa styrkingu mánuðina á undan.

„Lífeyrissjóðirnir hafa fyrst og fremst einbeitt sér að því að byggja upp eignir erlendis og lána til sjóðsfélaga sinna. Þar hefur verið mikill vöxtur,“ nefnir annar viðmælendi blaðsins.

Kjartan Smári Höskuldsson, framkvæmdastjóri Íslandssjóða, bendir á

að lífeyrissjóðir hafi á síðustu árum leyst til sín í meiri mæli en áður bréf sem þeir áttu í skulda- og hlutabréfasjóðum og ákveðið þess í stað að stýra þeim sjálfir. Það hafi verið þróunin undanfarið.

Auk þess hafi lífeyrissjóðirnir haldið áfram að auka erlendar eignir sínar. „Þeir eru nettó seljendur á hlutabréfamarkaðinum á árinu og velja gjarnan fremur að selja eignir í sjóðum, sem bera kostnað, í stað þess að selja stöku bréfin sín.“ Til viðbótar hafi ekkert lát verið á lánum sjóðanna til sjóðsfélaga.

Sjóðsstjóri sem Fréttablaðið ræddi

## Auglýsing um prestskosningu í Hofsprestakalli, Austurlandsprófastsdæmi, framlagningu kjörskrár

Kjörstjórn þjóðkirkjunnar hefur á grundvelli laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum og með vísan 15. gr. starfsreglna um val og veitingu prestsembættis nr. 144/2016, með síðari breytingum, ákveðið að fram fari almenn prestskosning í Hofsprestakalli, Austurlandsprófastsdæmi. Kosningin verður rafræn og stendur frá kl. 12:00 þann 20. október 2017 til kl. 12:00 þann 3. nóvember 2017.

Einn er í kjöri, Puriður Björg Wíium Árnadóttir, mag. theol.

Sé aðeins einn umsækjandi í kjöri telst hann kjörinn hljóti hann meirihluta greiddra atkvæða, sbr. 21. gr. starfsreglna nr. 144/2016.

Á kjörskrá skal taka þá sem skráðir eru í íslensku þjóðkirkjunni og eiga lögheimili í prestakallinu þremur vikum fyrir kjördag. Jafnframt er það skilyrði kosningarréttar að kjósandi hafi náð 16 ára aldri á þeim degi sem kosningu lýkur, þ.e. 3. nóvember 2017.

Kjörskrá verður lögð fram á aðgangsstýrðum vef þann 29. september 2017. Slóð á vefinn er hægt að nálgast á vefsíðunni kirkjan.is. Þar getur kjósandi flett upp hvort hann sé á kjörskrá. Við aðgangsstýringuna er notuð almenn innskráningarpjónusta þ.e. rafræn skilríki eða Íslykill Þjóðskrár Íslands.

Unnt er að gera athugasemdir við kjörskrá eftir framlagningu hennar. Kjörstjórn skal þegar taka til meðferðar athugasemdir sem henni berast vegna kjörskrár og gera viðeigandi leiðréttingar á henni.

Athugasemdir vegna kjörskrár sem berast kjörstjórn eftir kl. 12:00 þann 17. október 2017 verða ekki teknar til meðferðar, sbr. 3. mgr. 17. gr. starfsreglna nr. 144/2017.

Unnt er að senda athugasemdir vegna kjörskrár á netfangið kirkjan@kirkjan.is.

Allar nánari upplýsingar veitir Hanna Sampsted í síma 528-4000.

Ákvörðun kjörstjórnar um leiðréttingu á kjörskrá má skjóta til yfirkjörstjórnar þjóðkirkjunnar.

Reykjavík, 19. september 2017

f.h. kjörstjórnar þjóðkirkjunnar  
Hjördís Stefánsdóttir, formaður

## Lækkuðu verðmat á N1 um rúmlega tólf prósent

Hagfræðideild Landsbankans hefur lækkað verðmat sitt á oliufélaginu N1 um liðlega 12 prósent, úr 132,9 krónum á hlut í 116,7 krónur. Engu að síður er verðmatsgengi hagfræðideildarinnar 8,5 prósentum yfir gengi hlutabréfa félagsins sem stóð í 107,5 krónum á hlut síðdegis í gær. Ráðleggja sérfræðingar Landsbankans fjárfestum að halda bréfum sínum í félaginu, en áður höfðu þeir mælt með kaupum.

Rekstur N1 á öðrum fjórðungi ársins olli vonbrigðum að mati hagfræðideildarinnar. Í verðmatinu, sem Fréttablaðið hefur undir höndum, er bent á að þrátt fyrir mikinn vöxt í komum ferðamanna og aukna umferð á vegum landsins hafi tekjur og EBITDA – rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta – verið töluvert undir væntingum markaðarins.

Samkvæmt stjórnendum N1 skýrist slök niðurstaða á öðrum fjórðungi af lækkanði heimsmarkaðsverði á olíu og gengisstyrkingu krónunnar. Sérfræðingar hagfræðideildarinnar benda á að þessir áhrifaþættir hafi þróast til betri vegar fyrir félagið undanfarnar vikur, bæði hafi gengi krónunnar veikt og oliuverð hækkað, og því megi búast við því að afkoma N1 verði með ágætum á þriðja fjórðungi ársins.

Hagfræðideildin gerir ráð fyrir 4,4 prósentu tekjuvexti í ár, 4,5 prósentu vexti á næsta ári og 3,5 prósentu vexti árið 2019. „Við teljum að umferð haldi áfram að aukast, hagvöxtur verður töluverður og aukning er í komum erlendra ferðamanna sem sækja þjónustu á stöðvar N1 á landsbyggðinni, sérstaklega á Suðurlandi. Allt eru þetta þættir sem styðja við

tekjuvöxt N1,“ segir í verðmatinu.

Þar er einnig bent á að hörð kjaraþátta á almennum vinnumarkaði kæmi félaginu illa. Í núverandi árferði sé mikil hætt á launaskriði þar sem fyrirtæki þurfi að keppa um starfskrafta. Segir hagfræðideildin að stjórnendur N1 eigi erfitt um vik að draga úr launakostnaði. Er gert ráð fyrir að rekstrarkostnaður félagsins hækki um 5,2 prósent á árinu og verði áfram mikill áhættuþáttur í rekstrinum.

Í verðmatinu er ekki tekið tillit til samlegðaráhrifa af fyrirhuguðum kaupum N1 á smásöluverðum Festi. Sérfræðingar Landsbankans telja þó að gróflaga áætlað geti um 573 milljónir króna sparast vegna kaupanna. Er virði samlegðarinnar þannig 3,8 milljarðar króna eða sem nemur um 12 krónum á hlut, samkvæmt útreikningum bankans. Er meðal annars bent á að takist sameinuðu félagi að fækka störfum um 4 prósent muni það skila sér í sparnaði sem nemur um 400 milljónum króna.

Auk þess geti verið veruleg tækifæri til hagræðingar á sviði innkaupa og með samnýtingu fasteigna og verslana félaganna. Að mati hagfræðideildarinnar væru kaupin jákvætt skref fyrir félagin með tilliti til samlegðaráhrifa og myndi jafnframt gera þau betur í stakk búin til þess að mæta aukinni samkeppni, meðal annars af hálfu bandaríska risans Costco. – **kij**



Eggert Þór Kristófersson, forstjóri N1.



Úrval ferða-  
fylgihluta frá  
Go Travel með  
25% afslætti



**A4**  
KLÚBBURINN

**SAFNAÐU INNEIGN**

Meðlimir í A4 klúbbum  
fá 5% afslátt af öllum  
kaupum í formi inneignar.

Það er einfalt að skrá sig á A4.is  
eða í næstu verslun.  
Vertu með, það margborgar sig.

**25%** **AFSLÁTTUR**

**AF ÖLLUM FERÐAVÖRUM  
FYRIR MEÐLIMI Í A4 KLÚBBNUM**

Gildir til 24. september



Sams<sup>o</sup>nite



■ 16"  
Verð með afslætti **5.999**  
Verð áður 7.999



**Guardit fartölvubakpokar og töskur**

Fáanleg í nokkrum stærðum og litum.

■ 13-14"  
Verð með afslætti **5.999**  
Verð áður 7.999

**Funshine ferðatöskur**

Með 4 hjólum, fáanlegar í nokkrum litum og stærðum.

■ 55 sm	■ 66sm	■ 79 sm
Verð með afslætti <b>7.492</b>	Verð með afslætti <b>8.992</b>	Verð með afslætti <b>10.492</b>
Verð áður 9.990	Verð áður 11.990	Verð áður 13.990



**Base Boost flugtaska**

55 sm Verð með afslætti **12.742**  
Verð áður 16.990



**40% afsláttur**

**Smarttop flugtaska**

55 sm Verð með afslætti **17.990**  
Verð áður 29.990



**42% afsláttur**

**Streamlife flugtaska**

55 sm Verð með afslætti **19.990**  
Verð áður 34.990



Afsláttur gildir ekki með öðrum tilboðum.

Frí heimsending ef verslað er fyrir 5.900 eða meira á [www.a4.is](http://www.a4.is)

A4 Kringlunni / A4 Skeifunni / A4 Smáralind / A4 Hafnarfirði / A4 Akureyri / A4 Egilsstöðum / A4 Selfossi  
[www.a4.is](http://www.a4.is) / Þú getur einnig fylgt okkur á [Facebook](https://www.facebook.com/a4fondur) [Pinterest](https://www.pinterest.com/a4fondur) og [Instagram](https://www.instagram.com/a4verslanir)

**A4**

# Ad astra, Cassini



Kjartan Hreinn Njálsson

kjartanh@frettabladid.is

**E**inum stórkostlegasta rannsóknarleiðangri vísindasögunnar lauk á dögunum þegar geimfarið Cassini steyptist ofan í lofthjúp Satúrnusar. Þar með var á enda þrettán ára vals geimfarsins um plánetuna og hringakerfi hennar. Cassini, sem hringsólað hafði um Satúrnus árum saman, varð eitt með viðfangi sínu er það leystist upp á ógnarhraða í lofthjúpunum.

Cassini-leiðangurinn var ekki aðeins einn metnaðarfyllsti vísindaleiðangur sögunnar, hann markaði einnig þáttaskil í skilningi okkar á Satúrnusi, hinu mikla djásni sólkerfisins. Rúmlega 4.000 vísindagreinar hafa verið birtar sem byggja á gögnum sem geimfarið aflaði og við höfum öðlast dýpri þekkingu á dularfullum fylgitunglum plánetunnar. Þar á meðal er Enkeladus, þar sem mögulega leynast lífvænleg skilyrði á tuga kílómetra dýpi undir víðfeðmri ishelli. Það er Cassini að þakka að við vitjum Satúrnusar næst í leit að lífi.

Leiðangurinn til Satúrnusar var samstarfsverkefni Bandarísku geimvísindastofnunarinnar (NASA), Ítölsku geimvísindastofnunarinnar (ASI) og Geimvísindastofnunar Evrópu (ESA). Þetta var dýrt verkefni. Þessar þjóðir töldu það góða fjárfestingu að eyða sem nemur 350 milljörðum króna í verkefnið.

Ástæðan fyrir þessum vilja er sú staðreynd að geimvísindastofnanir eru í framfarðarsveit þeirra sem vinna að nýtingu hátækni, og það á ýmsum sviðum, allt frá nýjungum í orkutækni og hugbúnaði, til rekstrar geimstöðva og rannsókna á eðli og uppruna alheimsins.

Við Íslendingar höfum um nokkurt skeið verið framarlega í hátækni en atvinnutækifærin eru í engu samræmi við væntingar hins stóra og ört vaxandi hóps sérfræðinga sem hér er. Með því að taka þátt í samstarfi fjölþjóðlegra vísindastofnana myndast ný tækifæri í hátækniönaði. Slíkt samstarf myndi leggja grundvöll að verkefnum sem Ísland gæti ekki hrundið af stað upp á sitt einaeigi og um leið væru stjórnvöld að beina fjármunum beint í innlenda hátækniönaði.

Samstarf þetta, eins og rætt hefur verið um við Evrópsku geimvísindastofnunina, sendir síðan þau skilaboð til þeirra ungmenna sem öðru hverju horfa til himins og velta fyrir sér stjórnunum að við skiljum mikilvægi þess að kanna alheiminn, hönd í hönd við nágranna okkar, og að við höfum orð Virgils úr Eneasarkviðu að leiðarljósi, þar sem Apolló sagði við prinsinn unga Július: „Því heldur maður til stjarnanna“ (sic itur ad astra).



Cassini-leiðangurinn markaði þáttaskil í skilningi okkar á Satúrnusi.

## Halldór



## Frá degi til dags

### Góður liðsstyrkur

Flokkur fólksins hefur verið á mikilli siglingu í skoðanakönnunum upp á síðkastið. Ekki er loku fyrir það skotið að eftir næstu kosningar verði Inga Sæland og félagar komin með myndarlegan þingflokk á Alþingi. Þegar stjórnmálaflokkum gengur vel laða þeir oft hið áhugaverðasta fólk til liðs við sig. Þannig vakti það athygli heimildarmanns Fréttablaðsins í gær að hann sá tvo verkalyðsforkólfa, þá Vilhjálm Birgisson og Ragnar Þór Ingólfsson, á leið inn á flokksstjórnarskrifstofur Flokks fólksins í Hamraborginni. [jonhakon@frettabladid.is](mailto:jonhakon@frettabladid.is)

### Minnihlutinn ræður

„Tími tveggja flokka stjórna liðinn,“ sagði í Fréttablaði gær dagsins og miðað við skoðanakannanir, sem og úrslit síðustu kosninga, er ólíklegt að hægt verði að mynda tveggja flokka meirihlutastjórn í nóvember. Átta flokkar fá menn kjörna á þing samkvæmt könnun fréttastofu og miðað við hvernig síðustu stjórnarmyndunarviðræður gengu verður líklega ekki hægt að mynda þriggja flokka meirihlutastjórn heldur. Mögulega mun þessi staða neyða Íslendinga til þess að líta til nágrannaríkjanna og láta reyna á minnihlutastjórn. Þannig væri ríkisstjórnarflokkum haldið í lágmarki og líkurnar á því að stjórnin falli myndu ef til vill minnka. Tími tveggja flokka stjórna er því ekki endilega liðinn. [thorgnyr@frettabladid.is](mailto:thorgnyr@frettabladid.is)

## Hvað, ef og hefði



Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir sjávarútvegs- og landbúnaðar-ráðherra

**H**vað gerist þegar ríkisstjórnir springa? Það fer auðvitað eftir tímamarknum en í tilfelli fráfarandi stjórnar er ljóst að gríðarmikil vinna fer til spillis. Síðustu mánuðir hafa verið hálfgerð undirbúningstímabil fyrir komandi þingvetur. Það tekur tíma fyrir nýkjörna alþingismenn og ráðherra að setja sig inn í flókin mál, undirbúa frumvörp og átta sig á hvaða reglugerðum þarf að breyta. Alþingi og ráðuneyti eru formfastir vinnustaðir sem þurfa að aðlagast þegar skipt er um fólk í brúnni. Atvinnulífið er auðvitað ekki undanskilið í þessum efnum því þegar ríkisstjórnir springa eða miklir umhæfingar verða í kjölfar kosninga hægist á öllu, fólk forðast óþarfa áhættu og margt fer aftur á byrjunarreit. Þjóðin borgar brúsann því okkur hinum tókst ekki að klára verkefnið sem við tókum að okkur. Í lýðræðisríkjum er þessi endurnýjun auðvitað að mörgu leyti heilbrigð, en líklega ekki á eins árs fresti.

Ef við hefðum nú bara gert þetta svona og hitt hinsegin eru hugsanir sem lýsa ágætlega síðustu dögum. Hvernig hefðum við í ríkisstjórninni getað vandað okkur betur, átt í betri samskiptum, staðið þéttar saman? Það er auðvelt að vera vitur eftir á og lofa bót og betrun. Tækifærið er farið og kemur ekki aftur í sömu mynd.

„Hefði þetta mál ekki sprengt stjórnina þá hefði eitthvað annað gert það,“ er eitthvað sem ég hef heyrt oft á síðustu dögum. En það var þetta mál sem sprengdi stjórnina og við skulum ekki vanmeta það, heldur horfast í augu við það og draga af því lærdóm. Vantraustið sem ríkir til stjórnmálanna gerir það að verkum að þolinmæði almennings gagnvart eigin kjörnum fulltrúum er afskaplega takmörkuð. Að minnu mati er eina leiðin fram á við að opna stjórnkerfið eins og kostur er í öllum málaflokkum. Að sýna fram á hið margumtalaða gagnsæi á borði en ekki bara í orði. Í myrkrinu leynist tortryggnin og leiðin til að eyða henni er að hleypa ljósinu inn og leyfa birtunni að flæða. Þá kemur traustið.



Það er auðvelt að vera vitur eftir á og lofa bót og betrun. Tækifærið er farið og kemur ekki aftur í sömu mynd.

# HEILSÁRS ÞJÓNUSTA

## Öll garð- og vetrarþjónusta

...í áskrift



28 ára fyrirtæki

# GARÐLIST

ALHLIÐA GARÐÞJÓNUSTA

Tunguhálsi 7 - 110 Reykjavík - 554-1989 - [www.gardlist.is](http://www.gardlist.is)



# Lengi lifir í gömlum glæðum

Í DAG



Porvaldur  
Gylfason

Við lifum viðsjárverða tíma. Forsætisráðherra Katalóníu hefur lýst þeirri skoðun að Spánn sé ekki lengur óskorað lýðræðisríki, lýðræðið þar sé sjúkt. Ásakanir um vanvirðingu við lýðræði ganga raunar á báða bóga. Katalónar eiga í höggi við ríkisstjórn Spánar vegna þjóðar- atkvæðagreiðslu sem þingið í Barselónu ákvað að halda 1. október nk. um stofnun sjálfstæðs ríkis í Katalóníu. Stjórnin í Madrid hefur bannað atkvæðagreiðsluna og segist munu draga katalónska stjórnmalamenn fyrir dóm fari hún fram. Margir Katalónar segjast kunna skýringu á þessu háttalagi spænsku stjórnarinnar. Þeir segja m.a. að enn lifi í gömlum glæðum herforingjastjórnar Francos 1936-1975, náins bandamanns Hitlers og Mussolinis.

Þarna er trúlega einnig að finna skýringuna á því að þekktasti lögfræðingur Spánar, Baltasar Garzon, var sviptur lögmannsréttindum þar í 11 ár. Hvað hafði hann til saka unnið? Hann átti manna mestan þátt í að lögum var loksins komið yfir Augusto Pinchet, síleska einræðisherrann. Garzon hóf síðar málsókn heima fyrir vegna mannréttindabrota Franco-stjórnarinnar og einnig gegn argentínskum herforingjum.

Argentína glímir einmitt við áþekkan vanda. Ég þekkti hörku-svipinn á borðalögðum hershöfðingjum sem urðu á vegi mínum í óperunni í Buenos Aires, Teatro Colón, fyrir nokkrum árum. Þeir hafa ekki lagt upp laupana þrátt fyrir glæpina sem á þá sönnuðust og sumir þeirra fengu dóma fyrir. Barnlausir hershöfðingjar urðu sumir uppvisir að því að hafa rænt ungabörnum sumra förnarlamba sinna og ættleitt þau; sérstök leyniskrifstofa sá um málið fyrir þá. Og nú breiða sumir þessara manna og afkomendur þeirra úr sér einnig í okkar heimshluta. Hvert sækja þeir kjarkinn?

## Trump, Koch, Bush, ...

Byrjum í Bandaríkjunum. Ýmis ummæli Trumps forseta, t.d. um að nýnasistar og andstæðingar þeirra hafi góðu fólki á að skipa á báða bóga, er vert að skoða í ljósi þess að faðir hans var handtekinn á fundi Ku Klux Klan, alræmdra hryðju-verkasamtaka sem halda fram yfirburðum hvíta kynstofnsins og taka sér nasismann m.a. að því leyti til fyrirmyndar. Mikil fjárframlög Koch-bræðra til stuðnings fram-þjóðendum repúblikana undangengin ár með fulltingi Hæstaréttar er með líku lagi vert að skoða í ljósi þess að Fred Koch faðir þeirra bræðra starfaði um hrið í Sovétríkjunum Stalins og síðan í Þýzkalandi Hitlers þar sem hann hjálpaði til við að smyrja stríðsmaskínu nasista og hafði stjórnmaláðfagar fyrir sonum sínum æ síðan. Ekki nóg með þetta: Bandarísk skjallasöfn staðfesta að faðir Bush eldri forseta og afi Bush yngri, Prescott Bush, var í nánnum viðskiptatengslum við nasista og átti aðild að valdaráns-tilraun í Washington 1934.

Síðaveiklun bandarískra repúblikana undangengna áratugi hefur ágerzt síðustu ár. Meðfylgjandi stríðsástand á þinginu í Washington og verðskuldað vantraust kjósenda á þinginu er vert að skoða í þessu ljósi. Í þessu þráa andrúmslofti gengur Ku Klux Klan nú í endurnýjun lifdaganna.

Öfgahundarnir þykjast nú eiga bandamann í Hvíta húsinu, bandamann sem hikar ekki við að lýsa samstöðu með þeim, en það gerðu hvorki Bush eldri né Bush yngri nokkurn tímann hvað sem annars má segja um feril þeirra.

## Um harðstjór

Timothy Snyder, prófessor í sagnfræði í Yale-háskóla í Bandaríkjunum, fjallar um þennan vanda í nýrri metsölubók, On Tyranny

(Um harðstjór) sem hann kynnti á Bókmenntahátíð í Reykjavík fyrir skömmu. Snyder er sérfræðingur í sögu Evrópu á 20. öld og lýsir umhugsunarverðum og beinlínis ógnvekjandi hliðstæðum árána milli heimsstyrjaldanna við atburði síðustu ára báðum megin Atlantshafs. Hann rekur m.a. hversu auðræði ógnar nú lýðræði í Bandaríkjunum með fulltingi Hæstaréttar líkt og auðræði og þjófræði stendur rússnesku lýðræði

fyrir þrifum. Snyder veltir því fyrir sér hvort Kaninn sé á sömu leið og Rússar.

Þúttín forseti hefur að sönnu ýmsa hæfa menn í kringum sig, t.d. Elviru Nabiullinu seðlabankastjóra. Sama verður ekki sagt um Trump forseta eins og John Nichols blaðamaður lýsir í nýrri bók um fólkið – hann segir illþýðið – sem Trump hefur raðað í kingum sig, hættulegt fólk sem sættir sig ekki við félagslegar framfarir síðustu

áratuga, þ.m.t. borgararéttindi blökkumanna, og kennir innflytjendum, jafnvel börnum, um ófarir sínar og reynir að snúa klukkunni við.

Í þessu ljósi er vert að skoða framferði Útlendingastofnunar og dómsmálaráðuneytisins gagnvart varnarlausum erlendum börnum hér heima. Sæmdarmissir Alþingis og meðfylgjandi vantraust fólksins í landinu eru angar á sama meidi. Meira næst.

**HONDA**  
The Power of Dreams

## Sparnaðarsnilli - já og miklu meira

Sjálfskiptur Honda Jazz  
frá kr. 2.740.000



www.honda.is

Þessi Jazz þýðir meira. Meira líf, meiri lipurð, meiri tækni til að njóta, meira öryggi, meiri sparneytni, meira rými fyrir sköpun. Fleiri tækifæri fyrir þig til að leika af fingrum fram. **Já, allt þetta og meira til.**

Honda Jazz - vertu meira til.



Vatnagörðum 24-26 • 104 Reykjavík • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

Umboðsaðilar: Bernhard, Reykjanesbæ • Bilver, Akranesi • Höldur, Akureyri • Bragginn, Vestmannaeyjum



## LÉTTU ÞÉR LÍFIÐ

Liprar og þægilegar úlpur frá 10.990 kr.

# macron

Macron.is | Macron Store Reykjavík | Grensásvegi 16

## SVEFNVANDI – KVÍÐI – DEPURÐ



## MAGNOLIA OFFICINALIS

Hefur verið notað við svefnvandamálum, kvíða og depurð í yfir 2000 ár í Asíu

Hrafnhildur Ólafsdóttir starfar við sjálfbodavinnu í Rauða Kross búðinni. „Ég vil alls ekki nota lyfseðilsskyld svefnlyf og ákvað því að prófa Magnolia. Ég tek 2 hylki á kvöldin um klukkustund fyrir svefn og hef ekki sofnað betur í mörg ár.“

Bætt heilsa og betri líðan með Natural Health Labs 100% náttúruleg bætiefni

BALSAM  
balsam.is

Fæst í apótekum, Heilsuhúsið, Hagkaup, Fjarðarkaup, Orkusetrið, Heilsuver, Heilsuhorníð Blómaval, Heilsulausn.is, Heimkaup og Iceland Engiljalla.

0 kr. fyrsti mánuðurinn!



Verið vel tengd

Símafélagið



Byggðu umhverfisvænt hús -úr krosslímtu tré

### Af hverju krosslímtu tré?

- Umhverfisvæn og sjálfbær framleiðsla
- Léttari en steypa
- Frábær einangrun
- Engar kuldabryr sem bjóða heim raka og myglu
- Mjög fljótlegt að reisa
- Einstakir burðareiginleikar
- Jarðskjálftþol eins og best getur orðið
- Pynnri veggir - meira innra rými
- Notalegt og heilsusamlegt innra umhverfi

IDEX

Smíðjuvegi 3 - 200 Kópavogur - Sími 412 1700  
idex@idex.is - www.idex.is

Byggðu til framtíðar með lausnum frá IDEX

# Eldri borgarar mega hvorki vinna né spara!



Björgvin Guðmundsson viðskiptafræðingur

Ríkisstjórnin var búin að vera við völd í 8 mánuði. Hún lofaði að bæta aðstöðu og kjör aldraðra; m.a. að gera það auðveldara fyrir eldri borgara að vera á vinnumarkaðnum. Hvað hefur ríkisstjórnin gert til þess að bæta aðstöðu og kjör aldraðra? Svarið er: Ekkert. Ríkisstjórnin gerði ekki eitt einasta atriði fyrir eldri borgara á þessu tímabili. Þvert á móti: Hún gerði það erfiðara fyrir eldri borgara að vera á vinnumarkaðnum. Og raunar gerði hún það nær ókleift.

Það hefði verið edlilegt, að ríkisstjórnin hækkaði eitthvað lífeyri aldraðra og öryrkja. En það gerði hún ekki. Enda þótt lífeyrir þeirra, sem eingöngu fá lífeyri frá almannaþryggingum, sé svo lágur, að hann dugi ekki til framfærslu gerði ríkisstjórnin ekkert til þess að hækka hann. Hún hélt lífeyri aldraðra og öryrkja niðri við fátæktarmörk og bannaði þeim að vinna. Hún torvaldaði þeim einnig að spara, þar eð vextir af sparifé eru skattlagðir með 20% skatti; fjármagnstekjur skerða einnig ellilífeyri.

Eldri borgarar eiga til dæmis erfitt með að minnka við sig húsnæði; ef þeir leggja einhverja peninga í banka er lífeyrir þeirra hjá Tryggingastofnun umsvifalaust skertur. Sama gildir, ef eldri borgari vill selja sumarbústað og nota andvirðið til efri árána. Ef hann leggur andvirðið í banka er lífeyrir hans hjá Tryggingastofnun strax felldur niður. Það má því segja, að öldruðum séu allar bjargar bannaðar: Þeir mega ekki vinna og þeir mega ekki spara.

Margir telja, að eldri borgarar fái lífeyri frá TR skattfrjálst. En svo er ekki. Lífeyrir þeirra er skattlagður að fullu. Lífeyrir aldraðra frá Tryggingastofnun á að vera skattfrjáls. Það er ekkert vit í því að skammta öldruðum mjög nauman lífeyri og kóróna svo ósómánn með því að taka skatt af hungurlúsinni. Ríkisstjórnin talaði mikið um að hún verði mörgum milljörðum til almannaþrygginga. Það skiptir litlu máli þótt svo hefði verið á meðan lífeyrir aldraðra og öryrkja dugar ekki til framfærslu. Það eina sem skiptir máli er, að lífeyrir á einstakling sé nægilega há. Annars stadar á Norðurlöndunum er lífeyrir ýmist skattfrjáls eða lagt skattaður.

Greiðslur ríkis og lífeyrissjóða til eftirlauna nema um 10% af vergri þjóðarframleiðslu hjá hinum Norðurlandabjóðunum en hér nema þær aðeins um 5% eða helmingi minna.



**Margir telja, að eldri borgarar fái lífeyri frá TR skattfrjálst. En svo er ekki. Lífeyrir þeirra er skattlagður að fullu. Lífeyrir aldraðra frá Tryggingastofnun á að vera skattfrjáls. Það er ekkert vit í því að skammta öldruðum mjög nauman lífeyri og kóróna svo ósómánn með því að taka skatt af hungurlúsinni.**

Ef athugað er hvað eingöngu ríki greiðir mikið til eftirlauna á Norðurlöndum er munurinn meiri. Á Íslandi ver ríkið rúmlega 2% af vergri þjóðarframleiðslu til eftirlauna en í Danmörku greiðir ríkið um 8% til eftirlauna. Auk þess er lífeyrir aldraðra og öryrkja miklu hærri í hinum norrænu ríkjum en hér. Það er því sama hvar er borið niður í samanburði í málefnum almannaþrygginga og í lífeyrismálum. Ísland rekur alls staðar lestina.

## Bjóðum tækifæri í stað bóta



Björk Vilhelmsdóttir félagsráðgjafi

Í dag er 1% atvinnuleysi. Þó eru 1.076 manns á skrá Vinnumálastofnunar á aldrinum 16-30 ára og þar af 617 sem einungis eru með grunnskólamenntun. Við sem samfélag erum ekki að veita þeim tækifæri við hæfi og ef fram heldur sem horfir býður margra langvarandi fátækt með tilheyrandi heilsuleysi og á örorkubótum.

Árið 2015 voru 6,2% fólks á aldrinum 16-29 ára hvorki skráð í nám né í starf. Um er að ræða 4.100 einstaklinga. 42% af þessum hópi fengu atvinnuleysisbætur, 20% örorku- eða endurhæfingarlífeyri, 19% fengu fjárhagsaðstoð frá sveitarfélagi og 19% voru ekki með skráða framfærslu og því líkast til á eigin framfæri eða fjölskyldu sinnar. Þó hópurinn hafi hvorki verið skráður í námi né starfi þurfa ekki allir í þessum hópum að vera í vanda en eftir stendur að stór hluti, jafnvel tvö til þriðju þúsund manns, er ungt fólk utan náms og vinnu sem er í hættu á að verða félagslega útskúfað í samfélaginu.

### Óvirkni er heilsuspillandi

Þeir sem eru óvirkir eiga á hættu að verða félagslega einangradir, vera með tekjur undir fátæktarmörkum og skorta tækifæri til að bæta fjárhagsstöðu sína. Slæm félagsleg staða hefur neikvæð áhrif á heilsufar, sérstaklega með tilliti til geðrænna sjúkdóma. Ótal rannsóknir sýna fram á tengsl óvirkni og verri heilsu og/eða aukinnar notkunar vímuefna. Eins virðist sem ýmsar raskanir og sjúkdómur sem oft eru víðráðanlegir með viðeigandi meðferð og félagslegum stuðningi versni við óvirkni og félagslega einangrun.

### Brotthvarf og lesblinda

Brotthvarf úr framhaldsskólum hér á landi er það mesta sem þekktist í vestrænum ríkjum innan OECD. Brotthvarf er mest meðal þeirra sem standa verr hvað varðar líðan og námsgetu og því þarf að styðja ungt fólk með andlega erfiðleika og námserfiðleika til áframhaldandi skólagöngu í stað þess að horfa á það hverfa frá námi. Það þarf oft lítið til að breyta mjög miklu fyrir nemendum sem annars flosna upp úr námi. Stuðningur sem væri veittur af náms- og starfsráðgjöfum, sálfræðingum og skólafélagsráðgjöfum kostar mun minna fyrir samfélagið en sú þjónusta sem óvirkni fólks kallar á, í formi bótagreiðslna og félags- og heilbrigðisþjónustu.

Lesblinda er dæmi um hindrun þegar kemur að námi og vinnu en bæði innlendir og erlendir rannsóknir hafa sýnt sterk tengsl milli atvinnuleysis og slakrar lestrarfærni.

Í rannsókn Félagsvísindastofnunar árið 2016 meðal ungs fólks sem nýlega hefur fengið örorku- eða endurhæfingarlífeyri vegna geðsjúkdóma og stoðkerfissjúkdóma kemur fram að 33% þeirra sem eru undir þritugum eiga við lesblindu að stríða þrátt fyrir að einungis um 4-5% fólks teljist lesblind. Enn fleiri eru með athyglisbrest með eða án ofvirkni og allt að 80% greina frá kvíða. Þær raskanir sem hér eru nefndar eru oft meðfærillegar, en versna ef fólk fær ekki tækifæri til reglulegrar þátttöku í samfélaginu.

### Vannýtt tækifæri

Íslenskt samfélag hefur tryggt nokkuð vel réttindi fólks sem stendur höllum fæti vegna námserfiðleika og/eða á vinnumarkaði. Bjóða skal nemendum upp á margvísleg úrræði til að mæta þörfum þeirra m.a. fyrir annars konar námsefni og lengri námstíma. Fullorönu fólki með litla grunnenntun, oft vegna brotthvarfs frá námi áður fyrir, standa einnig



**Samfélagið þarf að láta sig varða þetta unga fólk sem okkar eigin skólakerfi hefur ekki náð að mæta. Við berum ábyrgð á brotthvarfi úr framhaldsskólum sem að stórum hluta er tilkomið vegna andlegra erfiðleika og námserfiðleika eins og lesblindu. Það er ekki lausn að greiða fólki eingöngu bætur, láta það afskiptalaust og leyfa því að skrimta í fátækt.**

margvísleg námsúrræði til bóða í gegnum fullorðinsfræðslu. Hins vegar er það dapurleg staðreynd að mörg þessara úrræða eru vannýtt í dag því við gerum ekki edlilegar kröfur til fólks.

### Á ábyrgð okkar allra

Samfélagið þarf að láta sig varða þetta unga fólk sem okkar eigin skólakerfi hefur ekki náð að mæta. Við berum ábyrgð á brotthvarfi úr framhaldsskólum sem að stórum hluta er tilkomið vegna andlegra erfiðleika og námserfiðleika eins og lesblindu. Það er ekki lausn að greiða fólki eingöngu bætur, láta það afskiptalaust og leyfa því að skrimta í fátækt. Fátækt til lengri tíma er skaðleg einstaklingunum og samfélaginu öllu. Því þurfa félagsráðgjafar og aðrir sem vinna með ungu fólki að upplýsa það um hversu alvarlegar afleiðingar það hefur að hverfa frá námi og/eða hætta vinnu. Það á ekki að vera sjálfsagt val og tryggja þarf fyrst þann stuðning sem hver og einn á rétt á.

**visir.is** Sjá má lengri útgáfu greinarinnar á Vísi.

# 4x4

 SSANGYONG

## REXTON - ALVÖRU JEPPI!



VERÐ FRÁ: **4.990.000 KR.**

**GERÐU SAMANBURÐ  
Á VERÐI OG BÚNAÐI**



1975 | Bílabúð Benna | 2015

Verið velkomin í reynsluakstur!

**Reykjavík**  
Tangarhöfða 8  
Sími: 590 2000

**Reykjanesbær**  
Njarðarbraut 9  
Sími: 420 3330

**Bílaríki, Akureyri**  
Glerárgötu 36  
Sími: 461 3636

| [benni.is](http://benni.is).

**Opð:**  
Virka daga frá 9:00 til 18:00  
Laugardag frá 12:00 til 16:00

**Bílabúð  
Benna**

— Sérfræðingar í bílum —

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

# KRÓNAN



## Ferskt

frá akri til okkar  
á 4 dögum

Beint frá  
Kaliforníu

Ódýrt

**499** kr.  
pk.

Jarðarber, Driscolls, 454 g, USA



Tilboðin gilda til 25. september. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á [www.kronan.is](http://www.kronan.is)

# KRÓNAN

Ódýrt



**199** kr. stk.  
ef keypt eru 8 stk.  
**= 1592** kr. / 8 stk.

Alpro jurtamjók  
**269** kr. stk.



Alit í boostið



**299** kr. pk.  
GB gróft haframjöl, 1 kg



**249** kr. pk.

Frosið mangó 250 g - 996 kr.kg



**199** kr. pk.

Frosið grænkál 450 g - 442 kr.kg

Ódýrt

# KRÓNAN

**-25%**



**899** kr. kg

Grísa Spare Ribs, 2 í pakka

Verð áður ~~1199~~ kr. kg

**-30%**




**1189** kr. kg

Grísa snitsel

Verð áður ~~1699~~ kr. kg

# Íslenskt Grísakjöt BOOOOM!



**1359** kr. kg

Grísahnakki úrbeinaður, sneiðar

Verð áður ~~1599~~ kr. kg



**-25%**

**669** kr. kg

Grísahakk

Verð áður ~~899~~ kr. kg



Tilboðin gilda til 25. september. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutimar á [www.kronan.is](http://www.kronan.is)



# KRÓNAN

-20%



**959** kr. kg

Grísasíður

Verð áður ~~1199~~ kr. kg

-20%



**1399** kr. kg

Grísasteik að hætti Dana

Verð áður ~~1799~~ kr. kg

-20%



**399** kr. kg

Grísaskankar

Verð áður ~~499~~ kr. kg

-20%



**1399** kr. kg

Grísastrimlar

Verð áður ~~1799~~ kr. kg





## Þarfnast móðir náttúra umboðsmanns?



Tómas Guðbjartsson skurðlæknir, prófessor og náttúruverndar-sinni



**Náttúra sem ekki getur varið sig – en er samtímis ein okkar helsta auðlind – á undir högg að sækja og verður að fá að njóta vafans.**

Það er flestum ljóst sem fylgst hafa með umræðunni um fyrirhugaða Hvalárvirkjun og stóriðju í Helguvík að náttúra Íslands á undir högg að sækja. Orku-fyrirtæki og erlend stóriðja ásælast vatnsföll okkar og jarðhitasvæði til raforkuframleiðslu. Þetta á við um Strandir, Reykjanes, Þjórsársvæðið, en einnig hjarta landsins, miðhálandið, þar sem hart er sótt að náttúruvernd við jadar Vatnajökulsþjóðgarðs. Skammt frá vill Landsnet ennfremur fórnar við-ernum Sprengisands með lagningu háspennulínu.

### Íslensk náttúra seld í ánauð

Nú eru á teiknaborðinu 8 stórvirkjanir á Íslandi. Þær eiga alls að framleiða 419 MW af orku sem að langmestu leyti (80%) er hugsuð til stóriðju, ekki síst kísilvera í Helguvík. Þessar virkjanir kosta gríðarlegt fé og arðsemi þeirra er umdeild, enda virðist hagnaður af starfsemi-inni sem þær þjóna oft á tíðum færður með bókfærslubrögðum til útlanda.

Íslendingar eru því að selja náttúru sína – og það á undirverði eins og fékkst staðfest í bæklingi iðnaðarráðuneytisins frá 1995 með heitinu „Lowest Energy Prices in Europe for New Contracts – Your Springboard into Europe“, en þannig átti að lokka til landsins orkufrek stóriðjufyrirtæki. Vægast sagt vafasamt. Átakið átti sinn þátt í að gera Ísland að mesta orkuframleiðslulandi í heimi á íbúa. Þó eru enn hættulegri áform um lagningu háspennustrengs til Skotlands. Sú leið hvetur til frekari virkjunar fallvatna á hálandinu. „Grænt rafmagn“ til frænda okkar Skota yrði því dýrkeypt íslenskri náttúru – náttúru sem getur ekki varist klóm fjársterkra erlendra stóriðjufyrirtækja og orkufyrirtækja – aðila sem ekki bera hag komandi kynslóða Íslendinga nægilega fyrir brjósti.

### Umboðsmaður náttúrunnar

Það er umhugsunarefni fyrir okkur Íslendinga hversu veikar eftirlitsstofnanir okkar eru hvað náttúruvernd varðar. Það sést t.d. á hiki Umhverfisstofnunar í málefnum United Silicon í Helguvík. Valdheimildir Skipulagsstofnunar og gölluð Rammaáætlun hrökkva

einnig skammt til að verja hagsmunum náttúrunnar. Ég tel því tímabært að setja á stofn nýtt embætti; Umboðsmann náttúrunnar, sem gjarna mætti vera kona, því þær virðast iðulega viðsýnni en karlar þegar kemur að náttúruvernd. Tilvalið er að nýta sér góða reynslu af embættum Umboðsmanns Alþingis og Umboðsmanns barna – embættum sem hafa gefið góða raun. Í starfslýsingu kæmi fram að umboðsmaður náttúrunnar myndi vinna að því að gæta hagsmuna náttúru Íslands og tryggja að farið sé að lögum og reglugerðum. Embættið myndi ekki taka til meðferðar ágreining milli einstaklinga en myndi leiðbeina þeim sem til þess leita með slík mál og benda á færar leiðir innan stjórnsýslu og hjá dómstólum.

### Full alvara

Tillaga mín er sett fram af fullri alvöru og ég vona að umhverfisráðherra, ríkisstjórn og Alþingi taki hana til gaumgæfilegrar skoðunar. Náttúra sem ekki getur varið sig – en er samtímis ein okkar helsta auðlind – á undir högg að sækja og verður að fá að njóta vafans. Virði íslenskra víðerna og fossa vex sífellt með vaxandi fjölda innlendra og erlendra ferðamanna. Einnig verða seint metnar til fjár þær ánægjustundir sem íslensk náttúra veitir okkur Íslendingum, stundir sem eru helsta uppspretta sköpunar fyrir listamenn okkar og rithöfundu.

Ég tel ljóst að unaðsstundir í náttúru Íslands séu í huga flestra Íslendinga og erlendra gesta dýrmætari en kílóvattstundir. Þau viðhorf eru komin til að vera og stjórnmálamenn sem ekki átta sig á þessu eru úr takti við þjóð sína og minnkandi eftirspurn verður eftir kröftum þeirra á Alþingi. Nýtum því góða stöðu þjóðarbúsins til að bæta vegi og aðra innviði á Vestfjörðum. Á sama tíma á að kynna betur einstaka náttúru svæðisins. Þá mun ferðamönnum þar fjölga og búsetuskilyrði verða vænlegri fyrir heimamenn. Sköpum þannig sátt um náttúruvernd og tryggjum hagsmunum óspilltra víðerna.



# TOUR CHAMPIONSHIP

21.-24. SEPTEMBER

Golfstöðin verður í beinni alla helgina en nú er komið að úrslitamóti **Fed Ex** mótaráðarinnar, **Tour Championship** en Rory McIlroy stóð uppi sem sigurvegari í fyrra. Magnað golf með þeim 30 stigahæstu.



EIMSKIP



Golfstöðin

Golfstöðin

SÍMI 1817 | 365.IS | 365

Kynntu þér áskriftarleiðir á 365.is

# LEIÐ

FIMMTUDAGUR 21. SEPTEMBER 2017

## Tíska



Heiða Skúladóttir, fyrirsæta og nemi, fylgist vel með tískubylgjum og hefur ákveðnar skoðanir á henni. ➔4



Dóróthea Gunnarsdóttir og Árný Marteinsdóttir, eigendur verslunarinnar 16a á Skólavörðustíg. MYND/STEFÁN

# Vilja auka litagleðina

Tískuverslunin 16a, Skólavörðustíg 16a, fagnar ársafmæli á morgun með ljúfum veitingum frá kl. 14-18. Verslunin býður kvenfatnað, töskur og skó. ➔2



COMMA  
CASUAL IDENTITY

*Fallegt, fágæð og töff*

comma,  
SMÁRALIND



Í 16a er að finna fallegan og kvenlegan fatnað í mörgum litum. MYNDIR/STEFÁN

**A**rný Marteinsdóttir og Dórothea Gunnarsdóttir, eigendur verslunarinnar, segja að þegar verslunin var stofnuð á síðasta ári hafi hugmyndin verið sú að auka fataúrval, liti og myndstur. „Okkur fannst vanta liti í fatnað hér á landi. Við heyrðum þetta líka hjá öðrum konum sem töluðu um fábreytt úrval. Hjá okkur er útgangspunkturinn litir, falleg myndstur og lífsgleði,“ segja þær.

„Við fögnum ársafmælinu á morgun, 22. september, og miðað við móttökurnar síðasta árið verðum við að segja að viðskiptavinir okkar eru himinlifandi yfir nýjum sniðum, björtum litum og góðu verði. Við höfum fengið mikið hrós fyrir vöruúrvalið, bæði frá íslenskum viðskiptavinum og ferðamönnum. Fólk finnst gaman að sjá eitthvað nýtt og öðruvísi. Þetta hefur verið virkilega viðburðaríkt ár hjá okkur,“ segja þær stöllur en lögð er sérstök áhersla á góða og persónulega þjónustu í versluninni.

„Við leggjum metnað okkar í nálægð við viðskiptavininn og höldum sérstök kvinnakvöld þegar eftir því er leitað. Þá skapast alveg sérstaklega skemmtileg stemming. Við bjóðum kvannahópum upp á léttar veitingar og sýnum þeim vörurnar með annarri nálgun. Okkur finnst að konur sem klæðast fötum frá okkur skeri sig úr fjöðanum á jákvæðan og kvenlegan hátt. Litir skapa ákveðna gleði og gera samskipti við aðra léttari. Markhópur okkar eru konur á öllum aldri.

Við höfum leitast við að velja hönnuði og framleiðendur eftir bestu sannfæringu. Allt eru þetta gæðamerki sem eru þekkt fyrir vandvirkni og góða hönnun. Má þar nefna King Louie, Sessún, Depeche, Nice Things, Mjuse, Alexander Hotto og Vagabond.

Við höfum gert ýmislegt til þess að hafa umhverfið í versluninni hlýlegt og aðlaðandi. Viðskiptavininum á að líða vel, gefa sér tíma til að skoða og njóta góðrar þjónustu.



Í versluninni er hlýlegt andrúmsloft og persónuleg þjónusta.

Við viljum að konur hafi gaman af því að skoða vörurnar, kíkja í gamla miðbæinn og upplifa stemminguna á Skólavörðustígnum,“ segja þær.

King Louie er aðalmerki 16a en það var stofnað árið 1980 af hollensku pari. „Við kolféllum fyrir þessu merki. Hönnuðirnir eru miklir aðdáendur vintage hluta og fannst til dæmis vanta hina fullkomnu svörtu turtle-neck

peysu. Þau hönnuðu slíka peysu með Levi's 501. Eftir það hefur KL vaxið stöðugt en markmið þeirra er að framleiða fót sem gerir fólk hamingjusamt,“ segja þær. „Það er líka góð tilfinning að KL framleiðir einungis fót við tryggar aðstæður. Fyrirtækið er meðlimur í Fair Wear Foundation en það eru samtök sem skuldbinda sig til að bæta vinnuskilyrði í fataframleiðslu. Þeir hafa



Í versluninni 16a er mikið úrval af vönduðum tóskum og skóm.



Í 16a fæst fallegur og kvenlegur fatnaður í mörgum litum. MYNDIR/STEFÁN

„Við fögnum ársafmælinu á morgun og erum himinlifandi með móttökurnar.“

strangt eftirlit með að vinnutími sé ekki of langur og barnaprælkun er ekki samþykkt. Fylgst er með öllu öryggi og vinnuumhverfi. Framleiðendur KL ferðast til Tyrklands og Asíu á hverju ári til að skoða framleiðsluferlið. Þá hafa eigendur KL unnið að jafnrétti í meira en tuttugu ár. Tíu prósent fatnaðarins

eru með GOTS, global organic textile standard. Það nýjasta í framleiðslunni er pólýester sem unnið er úr PET-flöskum. Undanfarið hefur KL fengið fjölda verðlauna fyrir myndstur í fatnaði.“

16a er einnig með vandaða ítalska gæðaskó sem henta vel fyrir íslenskt veðurfar auk vinsælu Mjuse skónna í fallegum litum, rétt eins of fötin.

Verslunin 16a er með Facebook- og Instagramsíður sem eru reglulega uppfærðar. Heimasíðan er [www.16a.is](http://www.16a.is) og símanúmerið er 562 0016.

24.980 kr.



26.980 kr.



24.980 kr.



29.980 kr.



18.980 kr.



20.980 kr.



23.980 kr.



24.980 kr.



24.980 kr.



27.980 kr.



29.980 kr.



23.980 kr.



27.980 kr.



26.980 kr.



*hjá*  
**Hrafnhildi**

Engjateigi 5 // 581 2141 // [hjahrafnhildi.is](http://hjahrafnhildi.is)

## Kryddaðu fataskápinn



Pils á 13.900 kr.

- einn litur (mjúkt leðurlíkisefni)
- stærð 36 - 46/48

Skyrta á 7.900 kr.

- 2 litir: brúnt, grátt
- stærð 36 - 46/48

Kíkðu á myndir og verð á Facebook

**black pepper**  
FASHION

Laugavegi 178 | Sími 555 1516

Opið: Virkir dagar 11-18 | Laugardagar 11-15



Heiða Skúladóttir er hér með stóru kisuna sína. MYND/HANNA

# Var alltaf hrædd við rauða litinn

Heiða Skúladóttir starfar sem fyrirsæta hjá Eskimo models en er önnur kafin við nám í viðskiptafræði við Háskóla Íslands. Hún gefur sér þó tíma til að spá í tiskuna.

Elin Albertsdóttir  
elin@365.is



**M**eðfram námi og fyrirsætustörfum starfar Heiða sem hótél- og upplýsingamiðstöðva tengiliður í sölu- og markaðsdeild hjá Special Tours svo segja má að það sé nóg að gera hjá henni. Hún fylgist þó heldur betur vel með öllu því sem gerist í tiskuheiminum. „Ég dembi mér ekki á kaf í tisku videigandi tímabils hverju sinni heldur tek það sem mér líkar og aðlaga mínum stíl,“ segir hún. „Auðvitað væri ég til í að endurnýja fataskápinn minn við hverja árstíð, í hinum fullkomna heimi. Ég er mjög hrifin af rauða litnum, köflótta og houndstooth mynstrinu sem ræður ríkjum núna í haust. Haustið er með miklum nostalgubrag enda sækja mynstrin og sniðin innblástur í stríðsárin. Það heillar mig sérstaklega að hausttíska kvenna er samtímis masculine og feminine. Konur geta verið óhræddar við að fara í herradeildina og keypt sér ullarkápur, þykkar peysur og blazer fyrir haustið. Í minni tilfelli, ef ég finn ekki það sem ég er að leita að í kvennadeildinni, þá fer ég í herradeildina. Oftar en ekki þá leynist það þar,“ segir Heiða sem þykir alltaf flott klædd.

Þegar hún er spurð í hvernig fötum henni líði best, svarar hún:

„Ég hugsa fyrst og fremst um þægindi og að verða ekki kalt. Ég er aldrei í öllu svörtu heldur reyni að hafa alltaf eitthvað í lit og ég er líka yfirleitt klædd í „sparilegri“ kantinum, ef svo má segja: þægilegt en ekki kósi. Eina óþægilega flikin sem ég hef þolinmæði fyrir eru skór, ég get verið tímunum saman í óþægilegum skóm, en það sama ætti ekki við um óþægilegan kjól eða buxur til dæmis.“

Uppáhaldsheimasíðan hennar er bloggsíðan HonestlyWTF.com. „Það er samansafn af bloggum sem skrifa um tisku, hönnun, list, innanhússhönnun og mat. Gæti eytt mörgum klukkutímum inni á þessari síðu,“ segir Heiða en hún á líka eftirlætishönnuði. „Já, Gucci, Tom Ford, Zac Posen og Maison Margiela eru í upphaldi þessa stundina. Annars kaupi ég helst fötin mín í Zöru, Cos, GK Reykjavík og Selected en þær verslanir höfðu mest til mín. Ég er stundum eins og klippt út úr bæklingi frá Zöru.“

Heiða hefur hug á að skrá sig á sjálfsvarnarnámskeið. „Ég held að það sé mjög mikilvægt að kunna undirstöðuatriðin í sjálfsvörn. Annars þarf ég að taka mig á í mataræði, því er oft ábótavant, ef ég á að vera hreinskilin. Meðan ég er í skólanum samanstendur mataræðið aðallega af upphelltu kaffi, skyri og tilbúnum samlokum. Ég tek reyndar hollustutímabil og gef sjálfri mér spark í rassinn, en þau vara yfirleitt ekki mjög lengi. Ég reyni að neita mér

aldrei um neitt sem mig langar til að borða, lífið er einfaldlega of stutt til að neita sér um pitsu. Ég trúi frekar á að halda jafnvægi milli hreyfingar og mataræðisins.“

Þegar Heiða er spurð um upphaldslit segist hún hafa verið smeyk við rauðan lit í mörg ár. „Það er sennilega bara ár síðan ég tók hann í sátt og fór að klæðast honum. Hann var áður of yfirþyrmandi og áberandi fyrir mig, sem er einmitt það sem heillar mig við hann í dag. En ég á erfitt með að segja að einhver einn litur sé í upphaldi, það fer svoltið eftir viðfangsefni. Núna er ég sérstaklega hrifin af rauðu, kamel, neiví og gráu í fatnaði.“

Það er fullt að gerast hjá fyrirsætunni og nemanum á næstunni því hún ætlar að heimsækja Eðinborg í næsta mánuði og eyða jólum og áramótum í Ástralíu. „Ég hef ekki komið þangað áður og hlakka mikið til. Mér finnst reyndar sumarið skemmtilegasti árstíminn. Þá kemst maður í smá pásu frá námi og getur unnið og ferðast. Mér er alltaf kalt og þrífst best í hlýrra loftslagi. Svo er skemmtilegast að klæða sig á sumrin, þá getur maður loksins verið klæddur eins og skvísumnar í útlöndum eru klæddar í mars. Maður hættir sér loksins út með berar tær í skónum og létum jakka, mér finnst líka algjör toppur að geta verið berleggja,“ segir Heiða sem er á Instagram undir @heidaskula.

GUERLAIN



## Guerlain kynning í Sigurboganum 20. – 23. september

Við kynnum til leiks tvo nýja farða úr Lingeri De Peau línunni, Aqua Nude og Cushion

Farðarnir eru léttir og rakagefandi.

**20% afsláttur af öllum vörum frá Guerlain**

Guerlain sérfræðingur verður á staðnum og aðstoðar þig við að finna hinn fullkomna farða fyrir þig.

**SIGURBOGINN**  
LAUGAVEGI 80 • TEL. 561 1330 • WWW.SIGURBOGINN.IS



**Bolur**  
ÁÐUR 5.990  
**NÚ 2.990**  
st.S-XXL



**Skyrta**  
ÁÐUR 5.990  
**NÚ 3.990**  
st.S-XXXL



**Kjóll**  
ÁÐUR 7.990  
**NÚ 5.990**  
st.S-XXL



**Peysa**  
ÁÐUR 4.990  
**NÚ 2.990**  
st.S-XXXL



**Kjóll**  
ÁÐUR 5.990  
**NÚ 3.990**  
st.S-XXXL



**Kjóll**  
ÁÐUR 5.990  
**NÚ 2.990**  
st.S-XXXL

**20-50%**  
afsláttur af völdum vörum í dag  
og alla helgina í Kringlunni  
og á Glerártorgi!

**ZIKZAK**  
TÍSKUHÚS

**Góðgerðardagur!**  
5% af veltu dagsins  
rennur til sjálfsvígsfor-  
varnarsamtakanna  
**PIEAT!**



**Túnika**  
ÁÐUR 4.990  
**NÚ 3.990**  
Ein stærð



**Kjóll**  
ÁÐUR 5.990  
**NÚ 2.990**  
st.S-XXXL



**Bolur**  
ÁÐUR 3.990  
**NÚ 1.990**  
st.S-XXL



Nýjar vörur í hverri viku

Netverslun á tiskuhús.is

Stærðir 38-52

my style f

Holtasmára 1  
201 Kópavogur  
(Hjartaverndarhúsið)  
Sími 571 5464

My Style  
tiskuhús



Sólon Örn í uppáhaldsflikinni sinni sem er GUESS bolur, keyptur á Brdr Store. MYNDR/ EYÞÓR

# Elskar alla tísku

Sólon Örn fylgist með uppáhaldstónlistarmönnum sínum á Instagram og fær mikinn innblástur frá rappsennunni. Hann semur tónlist undir listamannsnafninu Shiny Papa.

Starri Freyr  
Jónsson  
starri@365.is



Sólon Örn Sævarsson er 18 ára gamall Kópavogsbúi með mikinn áhuga á tónlist, hönnun og ljósmyndun. Hann starfar um þessar mundir hjá fjarskiptafyrirtækinu Hringdu við ýmiss konar grafísk verkefni en eyðir stærstum hluta frítímans í að semja tónlist. „Ég hef lengi spilað á ýmis hljóðfæri en byrjaði fyrir rúmu ári síðan að útsetja tónlist og hef gert fátt annað síðan. Hingað til hef ég ekki mikið verið að flagga tónlist minni en er þó frekar duglegur að henda tóndæmum inn á SoundCloud og geng þar undir nafninu Shiny Papa. Næstu skref er að bæta söngvörum við tónlist mína. Sjálfur hlusta ég á allar tónlistarstefnur en sem langmest „shadow rapp“ en á það til að búa til „dream pop“. Innblásturinn kemur helst frá Suicideboy\$, Bones, Spooky Black og Beach House. Hingað til hef ég að mestu samið efnið sjálfur en hóf nýlega að brugga tónlist með trommaranum úr Korter í flog sem getur miklu meira en að spila á trommur.“

Hann segir fatastíl sinn afar fjölbreyttan og hann klæðist nánast hverju sem er. „Áhugi minn á tísku byrjaði hægt og rólega í menntaskóla og áður en ég vissi af var ég farinn að eyða allt, allt of miklum peningum í föt. Ég elska alla tísku en er mest að vinna með „streetwear“ fatnað. Einnig fylgist ég með uppáhaldstónlistarmönnum mínum á Instagram og fæ mikinn innblástur frá rappsennunni. Ég fylgist sömu leiðis stíft með

Buxurnar og peysan voru keypt í Weekday í Berlín. Sölgeraugun eru frá Armani.



Carhartt buxur og taska sem Sólon Örn keypti í Berlín. „Húfuna keypti ég einhvers staðar hér landi og ég man hreinlega ekki hvaðan peysan kemur, ég á orðið alltof margar svartar hettupeysur.“

/r/streetwear þræðinum á Reddit.“

Áttu þér uppáhaldsverslanir? Í útlöndum stekk ég alltaf í næstu Foot Locker en í Berlín á ég uppáhaldsbúð sem heitir Sneakers 'n Stuff. Mér finnst úrvalið vera frekar slappt á Íslandi en mér finnst Smash og Húrra oft gera góða hluti. Einnig reyni ég að kaupa föt í búðum sem selja notuð föt. Ég elska t.d. að kíkja í Fatamarkaðinn hjá Hlemmi eða í búðir Rauða krossins og leita að földum gimsteinum. Áttu eina uppáhaldsflik? Núna held ég mest upp á GUESS bolinn minn og Retro Jordan 1 skóna mína. Ef þú spyrð mig aftur eftir mánuð

verður svarið örugglega ekki það sama.

Áttu einhverja uppáhaldshönnuði? Uppáhaldsfatahönnuðurinn minn hlýtur að vera Tinker Hatfield. Ég held einnig mikið upp á Ralph Lauren og Gucci þessa stundina.

Bestu og verstu fatakaupin? Ég lét nýlega sérsauma á mig belti í Berlín sem er eflaust með betri kaupum sem ég hef gert. Þau verstu eru Stone Island peysa sem ég keypti fyrir nokkru síðan. Hún kostaði alltof mikið og passar ekki einu sinni á mig þannig að hún er bara inni í skáp að safna ryki.

Notar þú fylgihluti? Ég geng oft með hringa og er alltaf með eyrnalokka. Einnig safna ég sölgeraugum og á mikið af derhúfum.

## LEIÐSÖGUNÁM

### VIÐURKENNT STARFSNÁM AF ATVINNULÍFINU

Hnitmiðað og skemmtilegt nám fyrir þá sem vilja kynnast Íslandi í máli og myndum. Námið er opið öllum þeim sem áhuga hafa á að læra hvernig standa skal að leiðsögn erlendra og innlendra ferðamanna um Ísland.

-Flest stéttarfélag styrkja nemendur til náms.  
-Nemendur geta að námi loknu gerst félagsmenn í Leiðsögufélaginu

#### Helstu námsgreinar:

- Helstu viðkomustaðir ferðamanna á Íslandi í máli og myndum.
- Mannleg samkipti, leiðsögutækni, hestar, fuglar og flóra. Framsaga.
- Saga landsins, jarðfræði, bókmenntir og listir, menningartengd ferðaþjónusta.
- Skipulagðar ferðir og afþreyingaferðir. Ritgerðaverkefni og margt fleira.

Leiðbeinendur eru þaulvanir leiðsögumenn og sérfræðingar hver á sínu sviði. Boðið er uppá dag – og kvöldnám, auk þess er farið í fjölda vettvangsferða.

#### Umsögn:

S.Í. vetur stundaði ég leiðsögunám í Ferðamálastólaskóla Íslands. Námið stóð vel undir væntingum þar sem fjölmargir kennarar komu að kennslunni og áttu þeir auðvelt með að ná til mín og auka áhuga minn á námsefninu og ekki síst að vekja mig til umhugsunar um þá auðlind sem landið okkar er og þá virðingu sem okkur ber að sýna því. Kennararnir voru mjög færir og fróðir hver á sínu sviði og áttu auðvelt með að koma efni til skila. Námið gefur mikla atvinnuöguleika og spennandi tímar eru framundan.



Guðrún Helga  
Bjarnadóttir,  
Vestmannaeyjum

Opið 8-22

Ferðamálastólaskóli Íslands

Ferðamálastólaskóli Íslands • www.menntun.is • Sími 567 1466



Síðar peysur  
100% bómull

kr. 6.500.-


Str. S-XXL

Litir: svart, grátt,  
dökkblátt



Við erum á Facebook

Bæjarlind 6 • S. 554 7030



## ÁSKRIFTIN FYLGIR ÞÉR

Með sjónvarpsáskrift hjá 365 getur þú horft á uppáhaldsþónvarpsefnið þitt, hvar og hvenær sem er – því áskriftin fylgir þér

365  
365ASKRIFT.IS



# FYRSTA BLANDA NIVEA AF Q10 & HREINU C-VÍTAMÍNI



ÞESSIR TVEIR KRAFTMIKLU SINDURVARAR GERA HÚÐFRUMUNUM KLEIFT  
AÐ TAKA UPP 50% MEIRA SÚREFNI\* SEM GEFUR HÚÐINNI MEIRI ORKU.  
NÝJA FORMÚLAN ER SÉRSTAKLEGA VERNDUÐ Í LOFTÞÉTTRI PAKKNINGU.



KRINGLUNNI | 588 2300

INDISKA

## NÝJAR SENDINGAR AF VETRARVÖRUM

YFIRHAFNIR - DRAKTIR - KJÓLAR



# Tískan

Skipholti 21, 105 Reykjavík  
Sími 551 0770 | www.tiskan.is

B/A/S/L/E/R MaxMara BRAX

# A.W.A.K.E í London

Natalia Alvedian sýndi nýjustu línu sína á tískuvikunni í London. Kim og Kanye eru stórhryfin af A.W.A.K.E.

**H**in rússneska Natalia Alvedian er hönnuðurinn á bak við A.W.A.K.E en hún sýndi nýjustu línu sína á tískuvikunni í London. Natalia flutti til London til að setja merkið á laggirnar árið 2012 og lét þar með langþráðan draum rætast eftir að hafa í nokkur ár ritstýrt Harper's Bazaar í Rússlandi. Hún reyndi sig einnig við ljósmyndun og þótti takast vel upp en segir sjálf að hana hafi langað til að hanna fót frá því hún var 10 ára. Hún hafi ekki þorað og vann

því lengi sem stílisti. Maðurinn hennar hafi loks hvatt hana til að demba sér út í djúpu laugina. Nafn merkisins stendur fyrir All Wonderful Adventures Kindle Enthusiasm og nýtur vaxandi vinsælda meðal tískuspekúlanta, eins og Kim Kardashian og Kanye West.

Natalia sækir innblástur meðal annars til japanskrar menningar og teiknimynda og vill að kvenlegar línur njóti sín í flikunum sem hún hannar.



## Nýjar vörur streyma inn

Stærðir 38-58

Verzlunin Belladonna



# belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is

333 kr á dag\*

SKEMMTIPAKKINN

\*9.990.- á mánuði.

365.is | Sími 1817

365

# Byggjum von um betra líf



Fylgstu með söfnunarpætti í beinni útsendingu á RÚV og í Sjónvarpi  
Símans laugardaginn 23. september kl. 19:45

2.000 kr.

**903 1502**

5.000 kr.

**903 1505**

8.000 kr.

**903 1508**



S K O T

Pipar TBWA

trichshot

MEDIA  
RENTAL



Audioland

benecos  
málfræðingur

KONTRAST

Síminn

RÚV



# Smáauglýsingar

512 5000

Afgreiðsla smáauglýsinga og simi er opin alla virka daga frá 9-16  
Netfang: [smaar@frettabladid.is](mailto:smaar@frettabladid.is)

## Bílar & Farartæki



Suzuki fjörgengis utanborðsmótorar Nettir, léttir, sparneytnir, hjóðlátir og áreiðanlegir. Eigum flestar stærðir á lager.

**SUZUKI UMBODIÐ ehf**  
Skeifunni 17, 108 Reykjavík  
Sími: 565-1725  
[suzuki@suzuki.is](mailto:suzuki@suzuki.is)  
[Suzuki.is / suzukisport.is](http://Suzuki.is / suzukisport.is)

## Bílar til sölu



### VEITINGABÍLL

Matarbíll allt nýtt, rafmagn, gas, tæki og innréttingar, fullur af græjum, ekinn 30þ. skoðaður 19. Verð aðeins 3,5 uppl. 820-5181

## Hjólhýsi



### HOBBY HJÓLHÝSI 2018 STÓRSPARNADUR!

Nú er rétti tíminn til að panta Hobby hjólhýsi fyrir vorid beint frá Evrópu. Við aðstoðum þig.

Allar fyrirspurnir sendist á:

[kriben@simnet.is](mailto:kriben@simnet.is)

s. 863 4449

## Hjólbarðar



### NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.

Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppi ný. Vaka s. 567 6700

## Þjónusta

## Hreingerningar

### VY-ÞRIF EHF.

Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 [www.vy.is](http://www.vy.is)

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

Getum bætt við okkur inni verkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengi. Tilboð eða tímavinna. Ltið Mál ehf. Sigurður 896-5758

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., planófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 [www.flytja.is](http://www.flytja.is) flytja@flytja.is

## Nudd

Slökurnudd, heilsunudd á nuddstofunni á Grafarvogi. Tímabantanir í Síma 771 2117.

## Spádómar

### KÆRLEIKS-LJÓSID

Spámiðill Tarot lestur og kristalkúla

Vísu 566 7311 euro

Tímabantanir í síma 8694650

## Rafvirkjun

### RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025

Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggitur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

Ábendingahnappinn má finna á [www.barnaheill.is](http://www.barnaheill.is)



## Sérfræðingar í ráðningum

Ánægðir viðskiptavinir eru okkar besta auglýsing

**FAST** Ráðningar

[lind@fastradningar.is](mailto:lind@fastradningar.is)  
[mjoll@fastradningar.is](mailto:mjoll@fastradningar.is)

[www.fastradningar.is](http://www.fastradningar.is)



PEUGEOT

### 5008 Style 7-manna

Nýskráður 6/2015, ekinn 92 þús.km., dísel, sjálfskiptur.

Verð kr. 2.690.000



OPEL

### Mokka

Nýskráður 5/2015, ekinn 8 þús.km., bensín, sjálfskiptur.

Verð kr. 3.190.000



KIA

### Ceed EX 1.6 dísil

Nýskráður 6/2011, ekinn 45 þús.km., dísel, sjálfskiptur.

Verð kr. 1.790.000



HONDA

### Civic Comfort

Nýskráður 3/2016, ekinn 33 þús.km., bensín, sjálfskiptur.

Verð kr. 2.590.000



KIA

### Sorento Dísil

Nýskráður 4/2013, ekinn 80 þús.km., dísel, sjálfskiptur.

Verð kr. 4.690.000



HYUNDAI

### IX35 GLS

Nýskráður 3/2013, ekinn 87 þús.km., bensín, sjálfskiptur.

Verð kr. 2.490.000



## BÍLL DAGSINS

### SUBARU Forester

Nýskráður 6/2007, ekinn 94 þús.km., bensín, sjálfskiptur.

Bíll dagsins kr.

**1.190.000**



HONDA

### CR-V Executive

Nýskráður 9/2007, ekinn 156 þús.km., bensín, sjálfskiptur.

Verð kr. 1.690.000



HONDA

### CR-V Elegance

Nýskráður 11/2007, ekinn 114 þús.km., bensín, sjálfskiptur.

Verð kr. 1.690.000



## Opnunartími

Mánudaga - föstudaga milli kl. 10:00 og 18:00  
Lokað laugardaga í sumar.



## NOTAÐIR BÍLAR

Bílaáskjalarnum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • [notadir.bernhard.is](mailto:notadir.bernhard.is)

Tilboðsverð miðast við bein kaup og enga upptöku, fjölbreytt lánakjör í boði.

**Keypt & Selt**

**Til sölu**



SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI  
Heimsending. www.humarsalan.is  
Pöntunarsími: 8676677

**Óskast keypt**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**  
Alla virka daga í verslun okkar  
Laugavegi 61 Jón & Óskar  
jonogoskar.is s.552-4910

**Tómstundir & Ferðir**

**Fyrir veiðimenn**

**ÚTSALA**  
Allar stangaveiðivörur  
**Orvis Rapala**  
SHIMANO  
AIRFLO PENN FLAEN  
Vesturröst  
Laugaveg 178 - sími: 551 6770 - www.vesturröst.is

**Skólar & Námskeið**

**Ökukennsla**

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

**Húsnæði**

**Húsnæði í boði**

**TIL LEIGU NÝLEGT 133 - 1.000 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í REYKJAVÍK**  
133 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.  
Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000

**Geymsluhúsnæði**

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**  
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**  
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**  
**SÍMI 555-3464**  
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**Atvinna**

**Atvinna í boði**

**AUKA/HELGARVINNA**  
Við sendibílaakstur. Morgunhress óskast til að keyra með brauðmeti 2-3 í viku eftir samkomulagi milli ca 6-10, þar af amk aðra hvora helgi. Hugsanlega sniðugt fyrir námsmann (með möguleika á góðri sumarvinnu næsta sumar) uppl í s: 8926363/skutlari@yahoo.com

Vissir þú að... Barnaheill  
þú hefur rétt á varnargævi einokla.

**Yfir 13.000 eignir á skrá**

fasteignir.is á **vísir.is**

**Þjónustuauglýsingar**

Sími 512 5407

**GENERAL HJÓLBARDAR**  
Hjólbarðaviðgerðir  
Smurbjónusta  
Bremsur  
Demparar  
Rafgeymar  
o.fl.  
Gylfafiöt 3  
Grafarvogsi  
Sími 567 4468  
dekk@gummisteypa.is

**Rafstilling ehf**  
startarar - alternatorar - perur  
viðgerðir - sala  
hröð og góð þjónusta  
Dugguvogi 23 - s: 5814991  
rafstilling@rafstilling.is

**vélastilling**  
Auðbrekku 19 - 200 Kópavogi - Sími 554 3140 - velastilling@simnet.is  
**Alhliða bílaverkstæði**

**Snyrti & nuddstofan Smart**  
Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ  
Alltaf frábær tilboð í gangi hjá okkur!  
Kíkið á facebook síðu okkar:  
facebook.com/snyrti og nuddstofan smart  
Verið hjartanlega velkomin.  
Tímá pantanir í s. 789 3031 & 897 3035 • helgasig2@gmail.com  
og á Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

**viftur.is**  
Viftur • Blikkrör • Aukahlutir  
**íshúsið**  
S: 566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

**Öryggismyndavél fyrir sumarbústað og heimili.**  
Tekur venjulegt GSM SIM kort,  
Hægt að panta mynd eða hlusta svæði.  
SMS og MMS viðvörðun í síma og netfang.  
Lætur vita ef rafmagn fer af og hiti breytist.  
Hægt er að tengja allt að 15 auka skynjara.  
Vöktun á heitum potti, raka, þrýstingi o.fl.  
Stýring á hita, kveikja ljós, renna í pottinn.  
Getur tengst blikkljós og sírenu. Stýrist með appi.  
**Uppl. í síma 699-6869 og rafeindir.is**

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@365.is sigrunh@365.is

## Fasteignir

## Fasteignir til sölu á Ásbrú



## AÐALTRÖÐ 4

Stærð: 391 m<sup>2</sup>  
Byggt: 1960  
Tegund: Atvinnuhúsnæði  
Húsinu fylgir 2.626 m<sup>2</sup> lóð  
Fasteignamat: 9.450.000 kr.

Eignin verður til sýnis mánudaginn 25. september næstkomandi milli kl. 13-15. Tilboð óskast eigi síðar en kl. 11 föstudaginn 29. september. Nánari upplýsingar á [kadeco.is](http://kadeco.is)

Á innan við áratug hefur byggst upp á Ásbrú, fyrrum varnarsvæðinu við Keflavíkurflugvöll, þróttmikið og litríkt samfélag með öfluga menntastofnun, fjölda spennandi fyrirtækja, gróskumikla nýsköpun og blómstrandi mannlíf. Hröð uppbygging í gagnaveraiðnaði og örpörungarækt, ásamt nálægð við Keflavíkurflugvöll gera Ásbrú að góðu vaxtarsvæði til framtíðar.

**Pú getur skoðað allar eignir sem félagið hefur til sölu á [kadeco.is](http://kadeco.is)**



Próunarfélag Keflavíkurflugvallar | Sími 425 2100 | [www.kadeco.is](http://www.kadeco.is)

SPENNANDI REKSTUR  
– Auðveld kaup! –

**TIL SÖLU:** Af sérstökum ástæðum er til sölu lítil en öflug heildsala með dagvöru.

Flott einkaumboð fylgja. Góð sala og dreifing í gangi í topp verslanir. Gott svigrúm til álagningar. Spennandi stækkunarmöguleikar fyrir öflugan einstakling.

Upplýsingar gefur Björgvin í s. 773 4500 eða [bjorgvin@atv.is](mailto:bjorgvin@atv.is)



Björgvin Óskarsson  
Fyrirtækjaráðgjafi  
lögg. leigumiðlari  
lögg. eignaskiptal.

## Tilkynningar

SÝSLUMAÐURINN  
Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINUUTANKJÖRFUNDAR-  
ATKVÆÐAGREIÐSLA

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla vegna kosninga til Alþingis sem fram fara 28. október 2017, hefst við embætti Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu miðvikudaginn 20. september 2017.

Atkvæðagreiðslan fer í fyrstu fram á skrifstofu embættisins að Hlíðasmára 1 í Kópavogi á opnunartíma embættisins, frá 8:30 til 15:00.

Um breytingar sem kunna að verða á opnunartímum má sjá heimasíðu embættisins á [www.syslumenn.is](http://www.syslumenn.is)

Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu  
Þórolfur Halldórsson

Sterk tengsl  
í íslensku atvinnulífi  
[www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is)

## RÁÐNINGAR

Árangur fyrirtækja ræðst af þekkingu, getu og reynslu starfsmanna. Hver einstök ráðning er mikilvæg fjárfesting og er hagur bæði fyrirtækis og viðkomandi einstaklings að vel takist til.

Intellecta ehf. Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 [intellecta.is](http://intellecta.is)

intellecta

# 1. des. 2018. Þjóðhátíð eða hnípin þjóð í vanda?



**Svanur Kristjánsson**  
 prófessor emeritus í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands

Þegar stjórnarskrá konungsríkisins Íslands var endurskoðuð árið 1944 var um það einhugur að breyta því einu sem breyta þyrfti af nauðsyn við þau kaflaskil. Við fyrstu hentugleika yrði stjórnarskráin svo tekin til gagnarrar endurskoðunar. Þannig líkti Sveinn Björnsson, fyrsti forseti lýðveldisins, henni við „bætta flik, sem sniðin var upprunalega fyrir annað land, með öðrum viðhorfum, fyrir heilli öld“.

(Ávarp forseta Íslands, Guðna Th. Jóhannessonar, við setningu Alþingis 12. sept. 2017.)



**Undanfarið höfum við horft upp á afleiðingar þess að hafa stjórnarskrá og lög sem kveða ekki skýrt á um umboð, vald og ábyrgð handhafa ríkisvaldsins.**

Í rúm 70 ár hefur Alþingi ekki efnt hátiðleg loforð gefin íslenskrar þjóð um endurskoðun stjórnarskrárinnar: Að grunnlög lýðveldisins séu byggð á hugsjónum og stjórnskipulagi lýðræðis og mannréttinda en ekki arfleifð frá stjórnarskrá konungsríkisins Danmerkur – frá 1849! Meirihluta Alþingis virðist meira að segja engu máli skipta að í þjóðaratkvæðagreiðslu 20. október 2012 samþykktu 67% kjósenda meginatriði nýrrar stjórnarskrár sem Stjórnlagaráð samdi að frumkvæði Alþingis.

Undanfarið höfum við horft upp

á afleiðingar þess að hafa stjórnarskrá og lög sem kveða ekki skýrt á um umboð, vald og ábyrgð handhafa ríkisvaldsins. Hver bar t.d. ábyrgð á skipan dómara í Landsrétt? Meirihluti Alþingis benti á dómsmálaráðherra. Dómsmálaráðherra benti á forseta Íslands. Forseti Íslands gerði sjálfstæða rannsókn og kvað upp þann úrskurð að Alþingi hefði farið að lögum við atkvæðagreiðslu við skipan dómara. Ekki þarf að rekja hér þann

sársauka og niðurlægingu sem „uppreist æra“ dæmdra kynferðisafbrotamanna veldur þeim sem sist skyldi. Í ávarpi sínu við setningu Alþingis kom forseti Íslands að kjarna málsins: „Við óbreytt ástand verður ekki unað. Eftir óbreyttu verklagi verður ekki unnið.“

1. desember 2018 verða 100 ár liðin frá því Ísland varð fullvalda ríki. Hver verður þá staða íslenska lýðveldisins? Við Íslendingar eigum einungis tvo valkosti:

• 1. desember 2018 verður sannkallaður þjóðhátíðardagur. Íslendingar hafa samið Samfélagssáttmála og nýja stjórnarskrá. Byggt var á grundvelli frumvarps stjórnlagaráðs en gerðar þær breytingar sem þjóð og þing töldu vera til bóta.

Meirihluti þings og þjóðar samþykkir nýju stjórnarskrána. Ekki var fallist á kröfu sérhagsmunahópa um neitunarvald þeirra varðandi gerð stjórnarskrárinnar.

• 1. desember 2018 verður dagur þjóðlegra umbúða án innihalds. Veislur fyrirfólks eru haldnar og ráðamenn flytja hástemmdar ræður um fáheyrða sigurgöngu íslenskrar þjóðar. Folkið í landinu lætur sér fátt um finnast enda tekst engum að fela hinn bitra sannleik: Íslendingar eru enn hnípin þjóð í vanda, ófær um byggja upp venjulegt vestrænt lýðræðisríki með Samfélagssáttmála og vandaða stjórnarskrá.

## AFMÆLISVEISLA

### FJÖRIÐ HELDUR ÁFRAM • ÓTRÚLEG AFMÆLISVEISLA

**11" HD IPS**  
1366x768 ComfyView  
**INTEL N2840**  
2.58GHz Dual Core örgjörvi  
**2GB minni**  
DDR3 1600MHz  
**32GB SSD**  
eMMC diskur

**AFMÆLIS TILBOÐ**  
VERÐ ÁÐUR 39.990

**15" FHD LED**  
1920x1080 ComfyView skjár  
**AMD A9-9200**  
Dual-Core 2.5GHz Turbo  
**8GB minni**  
DDR4 2133MHz  
**256GB SSD**  
diskur

**AFMÆLIS TILBOÐ**  
VERÐ ÁÐUR 89.990

**MÖGNUD FJARSTÝRING**  
Sem nötrar þegar dróni er skotin, hljóð effectar og Star Wars tónlist, festing fyrir síma með Appi fyrir Android eða iOS.

Sjá myndband hér!

**ACER CB3 131**  
Örpunn og físlétt Chromebook úr silkiskornu áli með öflugra AC neti

**34.990**

**11" Chromebook með Google Chrome OS**

**ASPIRE 3 A315**  
Ný þynnri kynslóð með silkiskorið bak og sjöundu kynslóð öflugri örgjörva

**79.990**

**15" Aspire með Radeon R5 skjá korti**

**STAR WARS DRÓNÍ**  
Ný kynslóð dróna þar sem hægt er að keppa við aðra spilara í Laser Tag leikjum ;)

**34.990**

**Handmálaður dróni með Battle Laser keppnisham**

**NÝ SENDING**  
VAR AD LENDA

**PS4 SLIM 1TB**  
42.990

**HVÍT SLIM 500GB**  
39.990

**FRÁBÆR Í FATAMERKINGAR**

**MERKIVÉLIN VINSÆLA**  
NÝ OG ENDURBÆTT ÚTGÁFA  
AÐEINS 1. STK Á MANN

**BROTHER PT-H100**  
Frábær merkivél með 178 innbyggðum táknum

**1.490**

**ACER ES1-523**  
Glasleg físlétt Acer Aspire fartölva

**46.990**

**ACER ICONIA ONE**  
10" FHD IPS lúxus spjalatölva

**29.990**

**24" BENQ SKJÁR**  
AMVA-LED MED 1920x1080

**19.990**

**EASY USB!**  
USB I MICRO USB SEM SNÝR ALLTAF RÉTT

**990**

**HERSCHEL BAKPÖKI**  
FYLGRÍ MEB!

**13" MACBOOK AIR**  
128GB MacBook Air með Intel i5

**154.990**

# TÖLVUTEK

**8BLS BÆKLINGUR Á TÖLVUTEK.IS**

Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

## KRÓNAN

**Ferskt frá akri til okkar á 4 dögum**

Beint frá Kaliforníu

**Ódýrt**

# 499

kr. pk.

Jarðarber, Driscolls, 454 g, USA

## GEFÐU VATN

gjofsemgefur.is  
907 2003

Hjálparstarf kirkjunnar

## Aldursskipting þjálfara Íslandsmeistaraliða í knattspyrnu karla frá 1959 til 2017



### Elstu Íslandsmeistarapjálfararnir

60 ára	Ólafur Jóhannesson	Valur	2017
53 ára	Yuri Sedov	Víkingi R.	1982
52 ára	Yuri Sedov	Víkingur R.	1981
49 ára	Óli B. Jónsson	Valur	1967
49 ára	Júri Ilitchev	Valur	1976
49 ára	Ólafur Jóhannesson	FH	2006

Ólafur Jóhannesson með skeiðklukkuna góðu í leik með Val í sumar. Færir klukkan honum lukku eða er hún kannski eitt af lyklatríðunum á bak við velgengni Ólafs sem þjálfara? FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Full búð af nýjum vörum!

Verið velkomin í Verslun Guðsteins, Laugavegi 34



Síðan 1918



Bros auglýsingavörur með þínu merki

Skoðaðu litríkt úrval á [bros.is](http://bros.is)

Bros auglýsingavörur,  
Norðlingabraut 14.

**BROS**  
AUGLÝSINGAVÖRUR  
— með þínu merki

# Ólafur er sá langelsti

Ólafur Jóhannesson, þjálfari Vals í Pepsi-deildinni, hélt upp á sextugsafmælið sama sumar og hann gerði lið að Íslandsmeisturum í fjórða sinn á þjálfaraferlinum. Með því sló hann met sem Yuri Sedov var búinn að eiga í 35 ár.

**FÓTBOLTI** Þegar flestir þjálfarar eru sestir í helgan stein þá er Ólafur Jóhannesson enn að sýna yngri þjálfurunum í Pepsi-deildinni hvernig þjálfarar fara að því að gera lið að meisturum.

Hann hélt upp á sextugsafmælið í lok júní og aðeins tæpum tveimur mánuðum síðar tryggði Valsliðið sér titilinn þrátt fyrir að tvær umferðir væru enn eftir af Íslandsmótinu.

Þetta er fjórði Íslandsmeistaratitill Ólafs sem þjálfara og í þremur af þessum fjórum skiptum hefur titillinn verið í höfn fyrir lokaumferðina. Það var aðeins sá fyrsti, haustið 2004, sem vannst ekki fyrir en í síðustu umferð.

Með því að vinna titilinn í ár, ellefu árum eftir að sá síðasti kom í hús, þá setti Ólafur nýtt met í efstu deild á Íslandi. Elsti Íslandsmeistarapjálfarinn fyrir þetta tímabil var Yuri Sedov sem gerði Víkinga að Íslandsmeisturum tvö ár í röð í byrjun níunda áratugarins.

### Kom 51 árs til Íslands

Sovétmaðurinn Yuri Sedov fæddist í Moskvu í mars 1929 og var því orðinn 51 árs þegar hann kom til Íslands árið 1980. Víkingar unnu titilinn bæði 1981 og 1982 en seinna árið var Sedov því orðinn 53 ára gamall. Sedov sló fyrra árið met Óla B. Jónssonar.

Ólafur er því að bæta þetta met um heil sjö ár.

Ólafur var áður í þriðja til fimmta sæti á listanum frá því að hann gerði FH að Íslandsmeisturum 49 ára gamall sumarið 2006. Júri Ilitchev (Valur 1976) og Óli B. Jónsson (Valur 1967) voru einnig 49 ára þegar þeir gerðu

» Ólafur hefur unnið titil á sjö síðustu tímabilum sínum sem þjálfari í efstu deild.

### Sjö titlatímabil í röð

2004	FH	Íslandsmeistari
2005	FH	Íslandsmeistari
2006	FH	Íslandsmeistari
2007	FH	Bikarmeistari
2015	Valur	Bikarmeistari
2016	Valur	Bikarmeistari
2017	Valur	Íslandsmeistari

lið að Íslandsmeisturum á sínum tíma á sjöunda og áttunda áratugi síðustu aldar.

### Tveir með 9 af 14 titlum

Lærlingur Ólafs, Heimir Guðjónsson, hefur unnið fimm Íslandsmeistaratitla frá því að hann tók við liði FH af Ólafi fyrir níu árum. Heimir var fyrst fyrirliðinn hjá Ólafi og svo aðstoðarþjálfari hans eftir að skórnir fóru upp á hillu. Þeir félagar hafa því saman unnið 9 af 14 Íslandsmeistaratitlum í boði frá 2004.

Ólafur var nálægt því að bæta annað met en ellefu ár eru á milli Íslandsmeistaratitla hans. Ríkharður Jónsson gerði ÍA að Íslandsmeisturum með tólf ára millibili (1958 og 1970).

Ríkharður þjálfaði reyndar Íslandsmeistaralið ÍA framan af sumri 1960 en Guðjón Finnbogason tók svo við um mitt sumar og gerði liðið að meisturum. Það liðu síðan tíu ár á milli titla hjá Herði Helgasyni

(1984 og 1994) en þessir tveir ásamt Ólafi skera sig úr á þessum lista yfir lengstu bið á milli titla.

Ólafur er bæði sérstakur og óútreiknanlegur í samskiptum sínum við fjölmiðla og það er ekki hægt að halda því fram að blaðamenn viti hvar þeir hafa hann. Hann heldur öllum á tånum í kringum sig og leikmönnum sínum örugglega líka. Það eru nefnilega ekki allir sem eru með aðalmarkaskorara liðsins á bekknum í leik þar sem liðið getur orðið meistari. Patrick Pedersen fékk hins vegar ekki mínútu í sigurleiknum á móti Fjölni á sunnudaginn. Það kom ekki að sök því Valsmenn skoruðu fjögur mörk í leiknum og tryggðu sér titilinn.

### Finnur efnivið í meistaralið

Þjálfaraaðferðir Ólafs bera árangur og smiðurinn finnur sér alltaf efnivið í meistaralið þegar hann þjálfar í efstu deild. Hann bjó til meistaralið í FH þegar flestir voru búnir að afskrifa hann og enginn hafði unnið titil áður hjá félaginu og hann hefur nú endurtekið dæmið á Hlíðarenda. Margir bjuggust ekki við miklu þegar hann tók við Valsliðinu 57 ára gamall og álitu að hans tími væri liðinn.

Valsliðið hefur hins vegar unnið titil á hverju ári og er nú Íslandsmeistari í fyrsta sinn í áratug.

Ólafur hefur þar með unnið stóran titil á sjö tímabilum í röð sem þjálfari í efstu deild. FH vann titil á hverju ári frá 2004 til 2007 (3 Íslandsmeistaratitlar og bikarmeistaratitill) og Valsmenn hafa unnið titil undanfarin þrjú ár (2 bikarmeistaratitla og Íslandsmeistaratitill).

ooj@frettabladid.is



# Fjölnismenn geta felst Skagamenn í dag

**FÓTBOLTI** Skagamenn geta fallið í þriðja sinn á níu árum í dag og það þrátt fyrir að þeir séu ekki að spila. Fjölnismönnum nægir að krækja í stig á heimavelli sínum á móti FH til að senda Skagaliðið niður í Inkasso-deildina.

Leikur Fjölnis og FH tilheyrir fimm-tándu umferð Pepsi-deildarinnar og átti að fara fram um miðjan ágúst en honum var frestað vegna bikarúrslita-leiksins og þátttöku FH-inga í Evrópu-keppinni.

Skagamenn féllu úr deildinni bæði haustið 2008 og haustið 2013 en hafa

verið meðal þeirra bestu undanfarin þrjú tímabil. Skagamenn eru í vonlitilli stöðu þegar tvær umferðir eru eftir af mótnu en fimm stig í síðustu þremur leikjum þýða að ÍA-liðið er enn á lífi. Það gæti hins vegar breyst með jafntefli eða sigri Fjölnisliðsins á móti FH í Grafarvoginum í kvöld.

Meira en helmingur stiga Fjölnismanna á útivelli í sumar kom í sigri á FH í fyrri leiknum í Kaplakrika (3 af 5) en aftur á móti hafa aðeins fjögur lið náð betri árangri á heimavelli en Grafarvogslíðið í deildinni í sumar (16 stig í 9 leikjum).

FH-ingar hafa líka að miklu að keppa. Þeir geta tryggt sér Evrópusæti með sigri í kvöld en þá væri öruggt að Hafnarfjarðarliðið endar í annaðhvort öðru eða þriðja sæti deildarinnar.

Fjölnismenn þurfa líka á stigum að halda í baráttunni við að halda sæti sínu í deildinni. Þeir sitja eins og er í síðasta örugga sætinu en Grafarvogspiltar eru aðeins stigi á undan Víkingi Ólafsvík.

Leikur Fjölnis og FH fer fram á Extra vellinum í Grafarvogi, hefst klukkan 16.30 og verður einnig sýndur beint á Stöð 2 Sport. – óó



Fjölnismenn eru örlagavaldar Skagamannanna í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



Neymar var dýr en hvað myndi Lionel Messi kosta í dag? NORDICPHOTOS/GETTY

**PSG EYÐILAGÐI MARKAÐINN** Franska stórliðið Paris Saint-Germain eyðilagði leikmannamarkaðinn með kaupnum á Neymar og ekki verður ástandið skárri þegar það gengur endanlega frá kaupum á franska ungstirninu Kylian Mbappé frá Monaco. Þetta er skoðun brasilíska framherjans Giovane Elber sem áður spilaði með Bayern München og Lyon.

PSG borgaði Barcelona 222 milljónir evra fyrir Neymar og á eftir að greiða Monaco 180 milljónir fyrir Mbappé. Samtals eru þetta 402 milljónir evra á einu ári eða ríflega 50 milljarðar íslenskra króna.

Eðlilega velta menn því fyrir sér hvernig PSG sleppur í gegnum Financial Fair Play-reglurnar með svona kaupum en evrópska knattspyrnusambandið hefur staðfest að það er að skoða þessi viðskipti.

„Það er ekkert félag í þýsku 1. deildinni sem getur borgað 100 eða 200 milljónir fyrir leikmann. Fyrir utan það er enginn leikmaður svona mikils virði,“ segir Elber í viðtali við DAZN.

„Neymar er frábær leikmaður en PSG rústaði markaðnum með því að borga svona hátt verð. Og ekki bara kaupin á Neymar heldur Mbappé líka. Að borga 200 milljónir evra fyrir hann er bara óheilbriggt fyrir fótboltann,“ segir Giovanni Elber.

**PÚÐURSKOT HJÁ LIVERPOOL** Liverpool féll úr enska deildabikarnum eftir 2-0 tap á móti Leicester City. Það vantaði þó ekki lofandi sóknir og færi hjá Liverpool-mönnum eins og í leikjunum á undan.

Liverpool hefur þannig reynt 80 skot í þremur leikjum á innan við viku og aðeins þrjú þeirra hafa endað í markinu. Það gerir aðeins tæplega fjögur prósent skotnýtingu. SkySports fjallar um þetta.

Alex Oxlade-Chamberlain, Philippe Coutinho, Andrew Robertson og Dominic Solanke fengu allir færi í fyrri hálfleiknum á móti Leicester en engum þeirra tókst að skora.

Stórsigur Liverpool á Arsenal er löngu gleymdur. Liðið var skotið niður á jörðina í stóru tapi fyrir Manchester City í næsta leik og náði síðan ekki að vinna neinn af þessum þremur leikjum sínum í þessari viku.

# BÓKA MARKAÐUR á Fiskislóð 39

Gjöf fyrir alla sem mæta

OPIÐ ALLA DAGA kl. 10–19

Heitt á könnunni

Allt að 90% afsláttur

Ný tilboð í hverri viku




990 kr.



690 kr.




990 kr.



Nanna norn – pakki 1.990 kr.



1.490 kr.



690 kr.




690 kr.



80%

100 stk. á 690 kr.



2.990 kr.

\*Birt með fyrirvara um prentvillur. Tilboðin gilda á meðan birgðir endast.

# TÍMAMÓT



Elskulegur eiginmaður, faðir, tengdafaðir, stjúpaðir og afi,  
**Erlendur Guðmundsson**

fv. flugstjóri hjá Icelandair,  
Úthlíð 8, 105 Reykjavík,

lést á heimili sínu fimmtudaginn  
14. september eftir skammvinn veikindi.

Jarðarförin fer fram í Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn  
22. september klukkan 13.00. Þeim sem vilja minnst hans  
er bent á Minningarsjóð líknardeildar og heimahlynningar  
Landspítalans.

**Ingunn Erna Stefánsdóttir**

**Kristín Vala Erlendsdóttir**

**Gunnlaugur P. Erlendsson**

**Guðmundur Kr. Erlendsson**

**Stefán Árni Þorgeirsson**

**Halla Sólveig Þorgeirsdóttir**

**Auður Rán Þorgeirsdóttir**

barnabörn.

**Karl Thoroddsen**

**Carsten Duvander**

**Þóra H. Þorgeirsdóttir**

**Tristan E. Gribbin**

**Björn Gunnarsson**

**Hermann Karlsson**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,  
amma, langamma og langlangamma,

**Ásta G. Þorkelsdóttir**

kjólameistari,  
áður Norðurbrún 1,

sem lést á hjúkrunarheimilinu Grund  
11. september sl., verður jarðsöngin  
frá Áskirkju föstudaginn 22. september kl. 11.00.

**Kolbrún, Nathanael og Helgí Ágústsbörn  
og fjölskyldur.**



Elsku hjartans sonur okkar og bróðir,

**Arnar Dór Hlynsson**

Hagaföt 9, Akranesi,

lést í faðmi fjölskyldunnar  
fimmtudaginn 14. september.  
Arnar Dór verður jarðsöngin frá  
Akranesarkirkju föstudaginn  
22. september kl. 13.00.

**Hlynur Sigurdórsson**

**Jónína Herdís Sigurðardóttir**

**Ásgerður Hlynisdóttir**

**Freyr Hlynsson**

**Eva Ösp Sæmundsdóttir**

**Aron Þór Kristjánsson**

**Ragnheiður Ásgeirsdóttir**

**Michael Wahl Andersen**



Okkar ástkæri

**Sigurður Jónas Marinósson**

lést á heimili sínu 13. september.

Útför hans fer fram frá  
Kollafjarðarneskirkju laugardaginn  
23. september kl. 15. Blóm og kransar  
afþakkaðir en þeim sem vilja minnst  
Sigurðar er bent á Krabbameinsfélagið Sigurvon.

**Gróa Bjarnadóttir**

**Jón Álfgeir Sigurðarson**

**Viðir Álfgeir Sigurðarson**

**Marinó Álfgeir Sigurðsson**

**Sigurður Álfgeir Sigurðarson**

**Fjóla Karen Sigurðardóttir**

og fjölskyldur.



Elskuleg eiginkona mín, móðir,  
tengdamóðir, amma og langamma,

**Sigrún Einarsdóttir**

húsfreyja,  
Nesi í Reykholtssdal,

lést á Heilbrigðisstofnun Vesturlands  
á Akranesi 16. september sl.

Útförin fer fram frá Reykholtskirkju  
laugardaginn 23. september kl. 11.00.

**Bjarni Guðrúðsson**

**Sigurður Bjarnason**

**Einar Bjarnason**

**Sigrún Benediktsdóttir**

**Sigríður Bjarnadóttir**

**Helga Björk Bjarnadóttir**

**Vaka Kristjánsdóttir**

**Birgir Hlíðar Guðmundsson**

barnabörn og barnabarnabörn.

## Gulleggið í áratug

Í dag rennur út umsóknarfrestur fyrir þátttöku í Gullegginu en keppnin varð tíu ára á þessu ári. Keppnin er vettvangur frumkvöðla til að koma hugmyndum sínum á framfæri.

**K**eppnin átti 10 ára afmæli á þessu ári og 2.300 viðskipta-hugmyndir hafa farið í gegnum keppnina frá upphafi. Við gerðum könnun meðal þessara hundrað sem hafa verið í tíu efstu sætunum og það kom í ljós að 71% þeirra sem lentu í efstu tíu sætunum stofnuðu fyrirtæki í kjölfar þátttöku og 76% fyrirtækjanna eru starfandi enn í dag,“ segir Edda Konráðsdóttir, verkefnastjóri hjá Icelandic Startups þar sem hún stýrir Gullegginu.

Gulleggið er frumkvöðlakeppni sem allir geta tekið þátt í. Keppnin er góður vettvangur frumkvöðla til þess að koma hugmyndum sínum á framfæri og gera úr þeim áætlanir sem og fyrsta skrefið að því að stofna fyrirtæki. Gullegginu er stýrt af Icelandic Startups sem hefur fósttrað frumkvöðla á Íslandi síðasta áratuginn. Félagið er einkarekið og nýtur stuðnings atvinnulífsins til að bjóða frumkvöðlum og sprötafyrirtækjum þjónustu án endurgjalds.

*Eru skilyrði fyrir því að sækja um?* „Það eru engin skilyrði – allir sem sækja um komast inn í keppnina. Það kostar ekki neitt að skrá sig og senda inn viðskipta-áætlun. Við bjóðum upp á þrjár vinnusmiðjur keppninni. Þar fara allir inn og móta viðskiptaáætlunina sem þeir skila svo inn í keppnina.

Það er líka hægt að skrá sig án hugmynd-



**Edda Konráðsdóttir er verkefnastjóri Icelandic Startups og stjórnandi Gulleggisins.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ar, sitja vinnusmiðjurnar og eiga kost á að komast inn í annað teymi, kynnast nýju fólki og vinna að viðskiptahugmynd með einhverjum öðrum – þetta er eitthvað sem við prufuðum fyrir nokkrum árum vegna þess að við vorum að fá svo mikið af fyrirspurnum frá fólki sem hafði áhuga en var kannski ekki með réttu hugmyndina og vildi nýta sér þessar vinnusmiðjur.

Á vinnusmiðjunum fáum við inn sérfræðinga sem tala um allt sem viðkemur því að stofna fyrirtæki ásamt mentorum og reyndum frumkvöðlum sem ganga á milli og hjálpa öllum.“

*Hvernig eru bestu hugmyndirnar svo valdar?* „Það er hundrað manna rýnihópur sem les yfir allar áætlanirnar og velur 10 bestu hugmyndirnar. Þessar topp 10 hugmyndir fara á eina vinnusmiðju saman.

Svo erum við með tvö opin kynningarkvöld, í ár verða þau annars vegar í Nova og svo í Marel. Þá munu þessi 10 efstu teymi kynna hugmyndir sínar. Og svo er lokadagurinn okkar 28. október. Þann morgun eru teymin með lokakynningar, fjárfestakynningar, fyrir dómnefnd og sem velur þar fyrsta, annað og þriðja sætið.“

*Hvað er í boði fyrir sigurvegarana?* „Fyrsta sætið fær milljón, annað sætið hálfa milljón og þriðja sætið 300 þúsund. Ofan á það er fullt af aukaverðlaunum og fríum ráðgjafartímum frá samstarfsaðilunum okkar – stærstu bakhjarlarnir eru Landsbankinn, KPMG, Nova, Advel Lögmenn, Marel á Íslandi og Alcoa.

Samhliða keppninni er Val fólksins sem fer fram á netinu og það eru önnur verðlaun sem eru veitt á lokadeginum.“

Þess má geta að Gulleggið hefur unnið að því markvisst síðustu ár að hækka hlutfall kvenna í keppninni og hefur sú vinna skilað því að hlutfallið var næstum jafnt síðast.

Nú fer hver að verða síðastur að sækja um en opið er fyrir umsóknir þangað til klukkan fjögur í dag.

[stefanthor@frettabladid.is](mailto:stefanthor@frettabladid.is)



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar,  
tengdamóðir, amma og langamma,

**Ingibjörg Einarsdóttir**

Fjarðarbakka 9, Seyðisfirði,

lést aðfaranótt laugardagsins  
16. september. Útför hennar fer fram  
frá Seyðisfjarðarkirkju þriðjudaginn  
26. september kl. 14.00.

**Jóhann Grétar Einarsson**

**Þórunn Gróa Jóhannsdóttir**

**Helga Ingibjörg Jóhannsdóttir**

**Sigrún Ingibjörg Jóhannsdóttir**

barnabörn og barnabarnabörn.

**Þorsteinn A. Jónasson**

**Jóhann Björn Jónasson**

**Hjálmar Árnason**



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,  
tengdafaðir, sonur, bróðir og mágur,

**Sigurgeir Óskar Owen Haraldsson**

lést á gjörgæsludeild Landspítalans við  
Hringbraut laugardaginn 16. september.  
Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju  
miðvikudaginn 27. september klukkan 13.00.

**Ína Owen Valsdóttir**

**Sigurbjörg H. Sigurgeirsdóttir**

**Áróra Rut Owen**

**Haraldur Owen**

**Sigurbjörg F. Óskarsdóttir**

**Guðmundur B. Sigurgeirsson**

**Þorbjörg Finnbogadóttir**

**Brynjólfur Gestsson**

systkini og fjölskyldur þeirra.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,  
tengdafaðir, bróðir, afi og langafi,

**Kristján Erlendur Haraldsson**

lést á Landspítalanum við Hringbraut  
þriðjudaginn 5. september.

Útförin fer fram frá Kópavogskirkju í dag  
fimmtudaginn 21. september klukkan 11.

**Erla Hjartardóttir**

**Guðmundur Haraldsson**

**Þórður Haraldsson**

**Marinella R. Haraldsdóttir**

**Kristján R. Kristjánsson**

**Haraldur Kristjánsson**

**Davíð Örn Kristínarson**

**Guðfinna Sigurðardóttir**

**Halla Sigríður Þorvaldsdóttir**

**Valgerður D. Jónsdóttir**

**Krista, Felicia, Ísak**

**Benedikt Björn**

**Kristján Haraldsson**

**Ragnar Orri Benediktsson**

**Erla Heiðrún Benediktsdóttir**

**Guðný Ó. Á. Sveinbjörnsd.**

**Dagur Steinn Sveinbjörnsd.**

**Gunnar H. Valdimarsson, Valdimar Valdimarsson**

**Audrey Freyja Clarke**

**Kristján Dór**

**Helga Sigurðardóttir**

**Sigurður Atli, Sigrún Björk, Helga Júlía**

**Guðmundur Rúnar Árnason**

**Þóra Margrétardóttir**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið [timamot@365.is](mailto:timamot@365.is).

Auglýsingar á að senda á [auglysingar@frettabladid.is](mailto:auglysingar@frettabladid.is) eða hringja í síma 512 5000.

# PIZZU OFURTILBOÐ

Iceland  
THIN & CRISPY OG DEEP PAN  
VERÐ  
**249**  
KR.STK



# Iceland


\* Tilboðið gildir á meðan birgðir endast

ENGIHJALLI · VESTURBERG · ARNARBAKKI · GLÆSIBÆR

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Fimmtudagur

Allhvöss sunnan-átt var vestan-lands í nótt, en hægari austan til. Austan kaldi í dag en allhvass vindur sunnan Eyjafjalla. Rigning með köflum sunnan til en víða bjartviðri norðanlands. Hiti 7 til 12 stig.



## Föstudagur

<b>Reykjavík</b> 9° ↻ 8	<b>Ísafjörður</b> 6° ↻ 5	<b>Akureyri</b> 9° ↗ 4
<b>Egilsstaðir</b> 9° ↗ 8	<b>Kirkjubæjarkl.</b> 8° ↖ 4	<b>Hveravellir</b> 3° ↖ 11

## Laugardagur

<b>Reykjavík</b> 11° ↖ 19	<b>Ísafjörður</b> 5° ↖ 11	<b>Akureyri</b> 8° ↖ 13
<b>Egilsstaðir</b> 8° ↖ 14	<b>Kirkjubæjarkl.</b> 9° ↖ 18	<b>Hveravellir</b> 6° ↖ 16

### LÉTT

6	2		4	5	1
1		4	6	2	9
	7	8	9		
	8		1		9 6
9					7
	4	1		9	5 2
		3			
7				4	6
	5		2	1	7 3

### MIDLUNGS

	2			8	3	6
			3		9	7
1			9	2		
7			6		8	
		8	4			7
6	1			8		3 5
					6	4
5	3					8 9
4			3			

### PUNG

		4	8			3	7
						4	2
	9					5	
				1	9	7	3
	7		4			6	
3	4	1		6	2		
	2			5			
	1	9		7			6 8
7		3					

### Krossgáta

- LÁRÉTT**
- vist
  - hávaði
  - púka
  - útdeildi
  - tveir eins
  - mokuðu
  - hroki
  - golf áhald
  - flik
  - flana
  - til
  - hanga
- LÓÐRÉTT**
- korn
  - hætta
  - limlesta
  - draup
  - fiskur
  - yfirgaf
  - viðmót
  - óskuðu
  - skrá
  - frá

1		2	3	4	5
6	7		8		
9			10		11
12			13		
	14				15
16				17	
18		19			20
21					

## Skák Gunnar Björnsson

Basman átti leik gegn Balsan í Ísrael árið 1981.

**Hvítur á leik**  
**1. Hg6+! fxc6 2. Dh8+! Kxh8**  
**3. Hxf8# 1-0.** Í dag kemur í ljós hverjir mætast í úrslitum Heimsbikarmótsins í skák.

[www.skak.is](http://www.skak.is): Heimsbikar-mótið.



3	5	1	2	9	6	4	8	7
7	4	2	8	1	3	5	9	6
6	8	9	4	5	7	1	2	3
4	1	6	3	8	2	9	7	5
2	7	3	5	4	9	6	1	8
8	9	5	6	7	1	3	4	2
5	3	8	1	2	4	7	6	9
9	2	4	7	6	5	8	3	1
1	6	7	9	3	8	2	5	4
4	3	7	8	5	9	2	6	1
5	6	9	2	1	7	8	3	4
1	2	8	3	4	6	7	5	9
6	5	1	4	7	2	9	8	3
7	8	2	9	6	3	4	1	5
9	4	3	1	8	5	6	2	7
8	7	6	5	9	1	3	4	2
2	1	4	7	3	8	5	9	6
3	9	5	6	2	4	1	7	8
4	2	8	5	7	1	6	9	3
7	5	6	3	9	2	4	8	1
9	3	1	8	6	4	5	2	7
5	8	9	4	1	6	7	3	2
1	7	4	2	3	9	8	5	6
2	6	3	7	5	8	9	1	4
6	4	5	9	2	3	1	7	8
3	1	7	6	8	5	2	4	9
8	9	2	1	4	7	3	6	5

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Pondus



## Gelgjan



## Barnalán



# REYKJAVÍK SÍÐDEGIS

ALLA VIRKA DAGA  
MILLI 16:00 OG 18:30.

**BYLGJAN**  
989

# LITLIR FÆTUR ÞURFA LÍKA STUÐNING

Í ÚTILÍF FÆRÐ ÞÚ FJÖLBREYTT ÚRVAL  
AF GÆÐASKÓM FYRIR BÖRN OG  
UNGLINGA FRÁ ÞEKKTUM MERKJUM

**Nike**

Zoom Pegasus 34  
Stærðir: 35,5-38,5  
12.990 kr.



**Nike**

Zoom Pegasus 34  
Stærðir: 35,5-38,5  
12.990 kr.



**Nike**

Revolution 3  
Stærðir: 27,5-35  
5.490 kr.



**Nike**

Team Hustle D 8  
Stærðir: 27,5-35  
6.990 kr.



**Under Armour**

Get B Zee  
Stærðir: 35,5-38,5  
9.990 kr.



**Hummel**

Reflex Infant  
Stærðir: 19-25  
5.990 kr.



**Hummel**

Reflex Infant  
Stærðir: 19-25  
5.990 kr.



**Hummel**

Actus Jr.  
Stærðir: 26-38  
9.990 kr.



**Hummel**

Actus Jr.  
Stærðir: 26-38  
9.990 kr.



# ÚTILÍF

síðan 1974



Volkswagen Phideon GTE er nú í boði í Kína, en hann er tengiltvinnbill.

## VW Phaeton rafmagnsbíll kynntur í Genf í mars

Volkswagen framleiddi flaggskip sitt Phaeton á árunum 2002 til 2016 og framleiddi alls 84.235 eintök af þessum stóra lúxusbíl sem mörgum fannst að ætti ekki heima í bílaúrvali Volkswagen. Framleiðslunni, sem fram fór í Dresden í austurhluta Þýskalands, var sem sagt hætt þar í fyrra, en hélt samt áfram í Kína og er þar framleiddur undir nafninu Phideon.

Ætlunin var, áður en ákvörðun var tekin um að hætta framleiðslu Phaeton í Þýskalandi, að kynna nýja kynslóð hans á næsta ári. Volkswagen hefur í raun aldrei gefist algveg upp á framleiðslu Phaeton

fyrir Evrópumarkað þó svo hann fáið þar ekki nú. Til vitnis um það ætlar Volkswagen að sýna nýja gerð bílsins á bílasýningunni í Genf í mars á næsta ári, en sá bill mun eingöngu verða drifinn áfram á rafmagn. Hann á að komast heila 600 kílómetra á fullri hleðslu.

Volkswagen finnst það sérlega við hæfi að flaggskip fyrirtækisins sé hreinræktaður rafmagnsbíll og það rímar ágætlega við nýja stefnu fyrirtækisins eftir dísilvélasvindlið. Þó svo að Volkswagen ætli að kynna Phaeton í Genf í mars á næsta ári þá kemur hann líklega ekki á markað fyrir en um áramótin 2019/2020.



Nú er Ísband í Mosfellsbæ hins vegar með umboðið fyrir Fiat Chrysler bíla og öll þau bílamerki sem því tilheyra.

## Krúttið á götunum

Fiat 500 gekk í endurnýjun lífdaga og er nú sem betur fer farinn að sjást á götunum aftur. Hrikalega sætur og skemmtilegur akstursbíll.

Einn best heppnaði smábíll síðustu ára er hin endurlíf-gaða Fiat 500 krúttbomba. Fiat framleiddi forvera hans og alnafna í tæplega fjórum milljónum eintaka árin 1957 til 1975 og tók svo upp þræðinn árið 2007. Hann sló strax í gegn aftur, enda fór þar skemmtilega hannaður bíll í réttri stærð fyrir borgarumferðina í sunnanverðri Evrópu, eða alls staðar, því hvar er ekki gott að vera á smáum bíl sem auðvelt er að koma fyrir og smokra sér áfram í? Fyrstu árin eftir upprisuna sáust ekki margir Fiat 500 bílar hérlandis, enda ekkert virkt umboð fyrir Fiat bíla þá. Nú er Ísband í Mosfellsbæ hins vegar með umboðið fyrir Fiat Chrysler bíla og öll þau bílamerki sem því tilheyra.



Fiat 500 má fá með 69 hestafla og 1,2 lítra vél frá 1.990.000 kr. nú á svokölluðum sláandi afslætti Ísband í haust.

Farinn að sjást á götunum aftur Ísband hefur einmitt verið með í boði Fiat 500 bílinn og því er hann farinn að sjást á götunum hér og vissulega gleður það augað. Fréttablaðið fékk um daginn afnot af einum slíkum bíl og það í lit sem hæfir þeim svo vel, áberandi og nærbuxnaljósbláum lit sem klæddi hann einkar vel. Gláður bíll í glöðum lit. En ætli bílstjóri hans hafi verið eins gláður eftir prufu á gripnum? Jú, það er ekki nóg með að bíllinn líti skemmtilega út, hann er líka skemmtilegur í akstri og líklega myndi hann ekki seljast í viðlíka magni ef svo væri ekki. Það sem meira er, það má fá Fiat 500 ári

spækan með nýrri og frábærri 0,9 lítra TwinAir vél sem er 105 hestöfl. Það eru ekki fá hestöfl fyrir svo lítinn og léttan bíl og með henni þýtur hann áfram eins og pila.

Ekki sakaði að reynsluakstursbíllinn var með blæju og það skein sól í heidi. Þá er ekki slæmt á vera á blæjubíl þó svo sólardagarnir séu fleiri í Róm en í Reykjavík. Þetta jók á allan þann „hip and cool“-faktor sem fylgdi því að hafa þennan sæta bíl sem ferðafélaga einn sólardag eða svo. Held ég hafi hreinlega yngst um 30 ár á stundinni.

Innra útlit hans er svo til að setja punktinn yfir i-ið, en þar fer afar líflæg

og flott hönnun. Það er meira segja hægt að fá Fiat 500 með svo flottri leðurinnréttingu að lúxusbílar svitna í samanburði. Með því er kominn einn laglegasti bíll sem greinarritari leit í sumar og voru þeir ekki fáir.

Fiat 500 má fá með 69 hestafla og 1,2 lítra vél frá 1.990.000 kr. nú á svokölluðum sláandi afslætti Ísband í haust. Hann má fá með 105 hestafla vélinni frá 2.590.000 kr. og með ferlega fallegri innréttingu. Hvort tveggja vel boðið hjá Ísband fyrir ferlega skemmtilegan bíl. Full ástæða er til að hvetja fólk sem hefur smekkt fyrir fallegum bílum til að skoða Fiat 500 í Mosfellsbænum.

## Renault-Nissan stærsti bílaframleiðandi heims á fyrri helmingi ársins

Framleiddi 5,27 milljón bíla fyrstu 6 mánuðina og gert ráð er fyrir 10,5 milljónum í ár.

Það eru ekki lengur Volkswagen eða Toyota sem framleiða flesta bíla á heimsvísu, heldur Renault-Nissan, en sala Mitsubishi bíla telst nú með sölu Renault-Nissan eftir að fyrirtækið keypti ráðandi hlut í Mitsubishi. Renault-Nissan seldi 5,27 milljón bíla á fyrstu 6 mánuðum ársins og sló með því við bæði Volkswagen og Toyota. Búist er við því að heildarsala Renault-Nissan á árinu verði



Renault-Nissan ásamt Mitsubishi er orðið að risafyrirtæki.

10,5 milljón bílar og með því mun fyrirtækið örugglega verða söluhæsti bílaframleiðandi heims í ár.

14 milljón bílar árið 2022 Gert er ráð fyrir því að sala Renault-Nissan verði orðin 14 milljón bílar á ári árið 2022 og að 30 prósent af heildarsölu fyrirtækjanna verði raf-

magnsbílar eða tengiltvinnbílur. Þá er gert ráð fyrir því að velta Renault-Nissan verði orðin 25.700 milljarðar króna, eða þriðjungur meiri en á þessu ári. Renault-Nissan gerir ráð fyrir því að þá verði fyrirtækið búið að kynna tólf nýja hreinræktaða rafmagnsbíla og með því byggja á góðri sölu núverandi söluhárra rafmagnsbíla sinna, Nissan Leaf og Renault Zoe. Renault-Nissan ætlar einnig að auka hressilega við hagnað fyrirtækisins með stærðarhagkvæmni og sameiginlegri notkun íhluta í bílum Renault, Nissan og Mitsubishi. Árið 2022 gerir Renault-Nissan ráð fyrir því að 70 prósent bíla Renault-Nissan og Mitsubishi eigi sameiginlegan undirvagn með annarri bílgerð fyrirtækjanna og að 75 prósent þeirra sé með sömu vél og er í annarri gerð.

**Purelife Kísill**

HREIN SILICA FYRIR HÚÐ HÁR OG NEGLUR

MAMMAVEITBEST.IS

**ALUPROF** **GEZE**

Bjóðum upp á sjálfvirkan hurðaopnarbúnað, hringhurðir, hurðir og gluggakerfi ásamt uppsetningu og viðhaldi á búnaði.

Áratuga reynsla.

**Framúrskarandi fyrirtæki**

**JARN & GLER**

Járn & Gler hf. • Skútuvogur 1h. Barkarvogsmegin  
104 Reykjavík • S. 58 58 900 • www.jarngler.is



[www.netto.is](http://www.netto.is)



**-67%**

## KALKÚNALEGGIR

LAUSFRYSTIR



**296** KR  
KG



ÁÐUR: ~~898~~ KR/KG

**VERÐ  
SPRENGJA!**

### SÚKKULAÐIBITAKEX

X-TRA 150 GR.

**119** KR  
PK

ÁÐUR: ~~198~~ KR/PK

### X-TRA EPLASAFI

100% 1,5 L

**139** KR  
STK

ÁÐUR: ~~279~~ KR/STK

### X-TRA VÍNGÚMMÍ

300 GR.

**179** KR  
PK

ÁÐUR: ~~298~~ KR/PK



**-40%**



**-140** KR



**-40%**

Tilboðin gilda 21. - 24. september 2017 [www.netto.is](http://www.netto.is)

Tilboðin gilda meðan birgðir endast • Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl • Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Búðakór • Grandi • Mjódd • Salavegur • Hafnarfjörður • Hrísalundur • Glerártorg • Húsavík • Höfn • Íðavellir • Grindavík • Krossmói • Borgarnes • Ísafjörður • Egilsstaðir • Selfoss

# Það er eitthvað rautt undir nefinu

**Nýtt verk eftir Tyrving Tyrvingsson, Kartöfluæturnar, verður frumsýnt á Litla sviði Borgarleikhússins í kvöld.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir  
gun@frettabladid.is



Leikritið mitt Kartöfluæturnar fjallar um nokkuð skrautlega fjölskyldu í Kópavogi sem á ýmis mál óútkljáð innbyrðis. Lísa, aðalpersónan, vann fyrir Rauða krossinn sem hjúkrunarfræðingur í Kósóvó í stríðinu – hún er nagli. Byr núna í gamla fjölskylduhúsinu og hefur verið að gera á því endurbætur síðustu ár en gengur hægt, það er hálfur veggur hér og vantar skáphurð þar. Lísa er rosalega flink í sínu fagi og öllu vön, eins og vænta má um konu sem kemur úr hjálparstarfi erlendis, en hún er kannski ekki alveg eins flink í að koma almennilega fram við dóttur sína og tækla vandamálin heima.

Þannig byrjar Tyrvingur Tyrvingsson leikskáld að lýsa nýjustu afurð sinni – Kartöfluæturnum – sem verður frumsýnd í Borgarleikhúsinu í kvöld, og hann heldur áfram.

„Dóttirin er strætóbílstjóri og þarf að fara til sérfræðings í Mjóddinni af því það er eitthvað rautt undir nefinu sem hún veit ekki hvað er. Hún fer svolítið mikið til lækna og í þetta sinn þarf hún að biðja mömmu sína að passa son sinn. Lísu finnst náttúrulega þessi rauði blettur ekki merki- legur miðað við vellandi svöðusárin sem hún hefur þurft að meðhöndla í Kósóvó. En þannig byrjar leikritið að dóttirin biður mömmu sína um þóssun og þá hefst eiginlega stremb-

**TIL AÐ VINNA ÞAÐ ÞARF LÍSA AÐ KOMA HREINT FRAM OG SEGJA SKILIÐ VIÐ STÓRU STRÍÐSHETJUNA, ÞAÐ ER SNÚIÐ.**

ið ferðalag þessara mæðgna í þá átt að ná saman.“

Þegar stjúpsonur Lísu kemur inn í myndina flækist málið verulega, að sögn Tyrving. „Þá byrjar lítið fjölskyldustríð.“ lýsir hann. „Til að vinna það þarf Lísa að koma hreint fram og segja skilið við stóru stríðshetjuna, það er snúið.“

Leikarar í verkinu eru þau Sigrún Edda Björnsdóttir, Atli Rafn Sigurðarson, Edda Björg Eyjólfsdóttir, Gunnar Hrafn Kristjánsson og Vala Kristín Eiríksdóttir og leikstjóri er Ólafur Egill Egilsson.

Tyrvingur kveðst svakalega heppinn með allt þetta lið. „Ég skrifaði leikritið fyrir Borgarleikhúsið með Sigrúnu Eddu í huga sem aðalpersónu og hún er á sviðinu eiginlega allan tímann. Edda Björg er dóttirin. Þær Sigrún hafa oft leikið mæðgur áður og maður finnur það alveg. Það er mikil hreyfing á sviðinu. Kartöfluæturnar er krefjandi sýning fyrir Sigrúnu Eddu en hún hefur gríðarlegt þol.“

Tyrvingur segir margar vinkonur sínar eiga hetjur fyrir mæður og þær hafi lýst fyrir honum því hlutskipti. „Ég var búinn að hlusta mikið á þessar vinkonur mínar áður en ég fór að skrifa og fattaði það þegar ég byrjaði á leikritinu að það var lengi búið að banka á dyrnar.“



Tyrvingur segir efni Kartöfluætanna lengi hafa verið búið að banka á dyrnar hjá honum. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Tímabundið rof á raunveruleikastjórnuninni

### LEIKHÚS

1984



George Orwell

Borgarleikhúsið

**Leikarar:** Þorvaldur Davíð Kristjánsson, Þuríður Blær Jóhannesdóttir, Jóhann Sigurðarson, Valur Freyr Einarsson, Hannes Óli Ágústsson, Þórunn Arna Kristjánsdóttir, Haraldur Ari Stefánsson og Erlen Isabella Einarisdóttir

**Leikstjórn:** Bergur Þór Ingólfsson

**Leikmynd:** Sigríður Sunna Reynisdóttir

**Búningar:** Sigríður Sunna Reynisdóttir og Elísabet Alma Svendsen

**Lýsing og myndband:** Björn Bergsteinn Guðmundsson og Ingi Bekk

**Tónlist og hljóð:** Garðar Borgþórsson

**Leikgervi:** Margét Benediktsdóttir

**Leikgerð:** Robert Icke og Duncan Macmillan

**Þýðing:** Eiríkur Örn Norðdahl

Skáldsagan 1984 eftir George Orwell er fyrir löngu orðin klassik og birtist nú áhorfendum Borgarleikhússins í nýlegri breskri leikgerð sem Bergur Þór Ingólfsson leikstýrir. En þá er bara hálf sagan sögð. Frumsýningin fór fram síðastliðinn föstudag, sama dag og ríkisstjórn landsins féll, en

Bergur Þór átti ansi stóran hlut í þeim gjörningi. Tímasetningin er eins og lygasaga skrifuð af Winston Smith, aðalpersónu verksins, fyrir Flokkinn, nema þetta er blákaldrur veruleikinn.

Flokkurinn sér um sína, Flokkurinn sér um fólk og Flokkurinn sér um yfirþyrmandi raunveruleikastjórnun. Stríð er friður, frelsi er þrældómur, fáfræði er styrkur og lygar eru sannleikur. Skilaboðin hljóma óþægilega kunnuglega. Bókin er stýtt hressilega af ensku höfundunum og þeirra handrit stýtt aðeins meira af aðstandendum sýningarinnar. Eiríkur Örn Norðdahl þýðir verkið haganlega en talmál er stundum af hátiðlegt. Þó er þýðing hans á 'newspeak' yfir í „nýsprog“ á skjön við heim verksins þar sem orð eru meitluð niður í sína einföldustu mynd, þarna hefði mátt gera betur.

Þorvaldur Davíð Kristjánsson fer með hlutverk félaga Winston, hann er flokksbróðir í Ytri Flokknum og starfsmaður í Sannleiksráðuneytinu þar sem hann sér um að endurskrifa söguna og eyða gögnum um einstaklinga sem hafa sviðið Flokkinn enda hafa þeir aldrei verið til. Winston þráir að aftengjast hugmyndafræði flokksins en því miður virðist Þorvaldur Davíð líka vera aftengdur sýningunni. Tilfinningarnar eru þarna og angistin nær stundum í gegn en þyrfti að vera átakanlegri og rista dýpra.

Winston finnur nasapefinn af frelsinu þegar hann verður ástfanginn af Júlíu, sem leikin er af Þuríði Blævi Jóhannesdóttur af natni en kannski aðeins of miklu sakleysi. Valur Freyr Einarsson gerir sér lítið fyrir og stelur sýningunni, þó verður að skrifast að hlutverk O'Briens er bitastæðasta rullan. Hann sýnir að hótanir og pólitískur áróður er hættulegastur þegar hann er framreiddur með stökustu ró, eins og ekkert sé sjálfsgaðara og eðlilegra.

Önnur hlutverk eru töluvert smærri í sniðum. Hannesi Óla Ágústssyni og nýliðanum Haraldi Ara Stefánssyni tekst báðum að skapa heilsteyptar persónur byggðar á örfáum atriðum. Þórunn Arna Kristjánsdóttir nýtur sín best í angurværu söngatriði, Jóhann Sigurðarson birtist áhorfendum sem sögumaður og svikahraupur en er vannýttur og hin kornunga Erlen Isabella kemur inn með hveli.

Stóri bróðir á að vera alls staðar, í öllum skúmaskotum og á öllum skjáum, en þetta stöðuga eftirlit er ekki nægilega þrúgandi í sviðsetningunni. Myndbönd koma og fara, dróni svifur um salinn í byrjun verksins og allir eru með snjallsíma, ekkert af þessu er nýtt á nógu sannfærandi hátt. Slíkt verður að skrifast á leikstjórnann en Bergur Þór smíðar þennan heim ekki nægilega þétt.



Valur Freyr og Þorvaldur Davíð í hlutverkum sínum. MYND/BORGARLEIKHÚSIÐ

Herslumuninn vantar, bæði í leik og hönnun. Leikmynd Sigríðar Sunnu Reynisdóttur minnir á stiga M. C. Escher sem á snjallan hátt endurspeglar hugmyndafræðilega þennan öfugsnúna heim. Aftur á móti er hlutaskipt leikmyndin ekki hentug fyrir lipra sviðsetningu. Ljósahönnunin skapar oddhvassa skugga og einangrandi rými, þessa film-noir-fagurfræði hefði mátt útfæra betur.

Síðasti hluti sýningarinnar á að fá áhorfendur til að gnista tönnum af spennu, óþægindum og viðbjóði en sannfærandi frammiastaða Vals Freys nær ekki að rífa framvinduna upp úr hófstílltum ónotum. Afbökun Garðars Borgþórssonar á Agnus Dei eftir

Johann Sebastian Bach var einstaklega góð en annars var hljóðheimur sýningarinnar ekki eftirminnilegur.

Miðað við allt sem á hefur skolið síðustu daga þá virðist raunveruleikinn skrítnari og súrrealískari en skáldskapurinn. 1984 ætti að vera meira stuðandi, líflegri og hættulegri. Stóri bróðir fylgdist nefnilega með okkur í alvörunni og leyndarhyggjan er alltumlykjandi. Efniviðurinn er til staðar en úrvinnslan var ekki nægilega markviss til að neistinn yrði að stóru báli. **Sigríður Jónsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Skilaboð sýningarinnar eru hrollvekjandi, tímasetningin ótrúleg, en finvinnuna vantar.



# DORMA

Láttu drauminn rætast

# Fyrir þínar bestu stundir



[www.dorma.is](http://www.dorma.is)

Ný og betri vefverslun

**ALLTAF  
OPIN**

# Haustr-tilboðin



**20%**  
AFSLÁTTUR

**MEGA**  
opinn hornssófi

Stór eða líttill hornsófi. Grátt, slitsterkt áklæði. Hægri eða vinstri tunga. Stærri gerð: 294 x 240 cm

Fullt verð: 219.900 kr.

Aðeins **169.900 kr.**



**20%**  
AFSLÁTTUR

**SAGA**  
tungusófi

Ljós- eða dökkgrátt slitsterkt áklæði. Stærð: 205 x 140 x 85 cm.

Fullt verð: 119.900 kr.

Aðeins **94.900 kr.**



**MOLINA**  
sófa- og lampaborð

Lakkað dökkgrátt eða hvítt með viðarlöppum.

Sófaborð: Ø 80 cm H: 45 cm

Verð: 17.900 kr.

Lampab.: Ø 50 cm H: 36 cm

Verð: 9.900 kr.

ÓTRÚLEGT  
DORMA  
VERÐ



**C&J SILVER**  
**STILLANLEGT**

Shape dýna

- Lagar sig fullkomlega að líkama þínum
- Alovera áklæði sem gefur silkimjúka áferð
- Engir rykmaurar; ofnæmisprófuð
- 5 ára ábyrgð!

**C&J stillanleg rúm:**

- Inndraganlegur botn
- 2x450 kg lyftimótorar
- Mótor þarfnast ekki viðhalds
- Tvíhert stál í burðar-grind
- Hliðar- og enda-stoppaparar
- Hljóðlátur mótör

**25%**  
AFSLÁTTUR  
af Shape  
dýnum

SHAPE  
BY NATURE'S BEDDING



Verðdæmi: 2 x 90 x 200 cm. Fullt verð: 337.900 kr. Nú aðeins **312.950 kr.**

Afgreiðslutími Rvk  
Mánudaga til föstudaga kl. 10-18  
Laugardaga kl. 11-17  
Sunnudaga kl. 13-17 (Smáratorg)

Holtagörðum, Reykjavík  
512 6800  
Smáratorgi, Kópavogi  
512 6800

Dalsbraut 1, Akureyri  
558 1100  
Skeiði 1, Ísafirði  
456 4566

# DORMA

Láttu drauminn rætast

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur.

# Báðar með eitthvað fígúratíft í blóðinu

**Myndlistarkonurnar Brynhildur Þorgeirsdóttir og Guðrún Tryggvadóttir opna sýninguna Verulegar í Listasafni Árnesinga í Hveragerði á laugardaginn.**

Ég er með trónur og tryllinga. Það eru verur. Sýningin heitir líka Verulegar, við Guðrún erum báðar með eitthvað fígúratíft í blóðinu. Þó erum við líka dálítið veikar fyrir landslagi og steinum – enda eru verurnar þaðan.“ Þetta segir Brynhildur Þorgeirsdóttir myndlistarmaður, spurð út í sýninguna sem hún og Guðrún Tryggvadóttir, kollegi hennar, opna í Listasafni Árnesinga í Hveragerði á laugardaginn klukkan 15.

Brynhildur er stödd á vinnustofu sinni í Reykjavík og strax farin að vinna í næsta verkefni. Segir þó verið að stilla sýningunni upp í Hveragerði. „En eitt útiverk eftir mig verður flutt austur í fyrramálið (í dag) með kranabíl. Það er 6,5 tonn. Þá fer ég líka og lít yfir. Annars sér Inga um þetta allt saman. Það er þægilegt.“

Inga er að sjálfsgöðu safnstjórninn, Inga Jónsdóttir, sem Brynhildur segir hafa skýra sýn á það hvernig öllu sé best fyrir komið. „Guðrún er týpiskur listmálari og ég týpiskur myndhöggvari, við fáum stórt pláss

**ÞÓ ERUM VIÐ LÍKA  
DÁLITIÐ VEIKAR  
FYRIR LANDSLAGI OG STEINUM  
– ENDA ERU VERURNAR ÞAÐAN.**

og erum finar þarna saman.“

Listakonurnar tengjast bæði að fornu og nýju. Brynhildur ólst upp á Hrafnkelsstöðum í Hrunamannahreppi, Guðrún á ættir að rekja í sama hrepp. Þær voru samferða gegnum Myndlista- og handíðaskólann 1974 og hittust aftur níu árum síðar, eftir framhaldsnám hvor í sinni heimsálfu. Þá á Hringbraut 119 þar sem myndlistarmenn og pönkarar höfðust við og einbeittu sér að andstöðu við hefðbundna list þess tíma. Brynhildur segir fáein verk frá þessum umbrotatímum vera á sýningunni, en flest séu þau frá síðustu þremur árum.

Listasafn Árnesinga er opið frá 12 til 18 alla daga í september en fimmtudaga til sunnudaga frá og með 1. október. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

gun@frettabladid.is



Brynhildur myndhöggvari og Guðrún málari fóru saman í gegnum Myndlistarskólann. Nú ætla þær að sýna saman.

**Hjá okkur færðu  
allt nema ölið!**

**Oktoberfest**

**HOKUS  
POKUS**

**www.hokuspokus.is**  
Verzlun og vefverzlun  
Laugavegi 69 S. 551-7955

**Starfsmanna-  
og munaskápar**

**RMI**  
OFNASMÍDJAN  
www.rymi.is

## Snilld aftur á bak eða áfram

### TÓNLIST

★★★★★

**Verk eftir Ibert, Gounod og Lutoslawski** í flutningi Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

**Eldborg í Hörpu**

fimmtudaginn 14. september

**Einleikari:** Stefán Ragnar Höskuldsson.

**Stjórnandi:** Yan Pascal Tortelier.

Einn fremsti „klassíski“ tónlistarmaður þjóðarinnar er Stefán Ragnar Höskuldsson flautuleikari. Hann er kunnur víða um heim fyrir einleik og kammarmúsík, auk þess sem hann er 1. flautuleikari Sinfóníuhljómsveitarinnar í Chicago. Hún er ein sú besta í heimi, svo það er engin smávegis upphæfð.

Stefán lék einleik í konsertinum eftir Jaques Ibert á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands á fimmtudagskvöldið. Konsertinn er gríðarlega kröfuharður fyrir einleikarann, en hann er ekki endilega skemmtilegasta tónlist sem fyrirfinnst. Viss taugaveiklun er í henni sem skrifast á endalaust skringilegar laglinur. Þær hoppa síkvikar út um allt tónsviðið án pásu. Kannski er tilgangur þeirra fyrst og fremst að sýna hvað flautuleikarinn er flinkur.

Engu að síður var afar ánægjulegt að hlusta á konsertinn því Stefán spilaði svo vel. Sérhver nóta var þaulhugsuð og vandlega mótuð. Hröðustu tónahlaup léku í höndunum á honum. Tónninn í flautunni var svo fagur að það skipti í raun engu máli hvað Stefán gerði. Hann hefði þess vegna getað flutt eitthvert þekkt verk aftur á bak. Maður hefði samt notið flutningsins.

Ekki síðra var Syrinx eftir Debussy, sem var aukalag Stefáns. Tónlistin er innblásin af grískum goðsögum og eftir því var leikur Stefáns seiðandi. Hann var þrung-



„Sérhver nóta var þaulhugsuð og vandlega mótuð. Hröðustu tónahlaup léku í höndunum á honum,“ segir um leik Stefáns Ragnars. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

inn andrúmslofti íhugunar, fullur af alvöru og andakt. Útkoman var unaðsleg áheyrnar.

Yan Pascal Tortelier stjórnadi hljómsveitinni, sem var með besta móti á tónleikunum. Samspil hennar og einleikarans var nákvæmt og hnitmiðað. Sinfónía nr. 1 eftir Gounod var einnig sérlega létt og leikandi, glaðleg og fjörug í leik hljómsveitarinnar.

Síðasta tónsmíðin á efnisskránni var Konsert fyrir hljómsveit eftir Lutoslawski. Venjulega er utanadkomandi einleikari þegar konsertformið er annars vegar. En í þessum konsert skiptast litlir ólíkir hópar innan hljómsveitarinnar sjálfra á að vera einleikarinn. Stundum er um sérkennilegar hljóðfærasamsetningar að ræða, eins og t.d. í slagverkinu, sem skapa kröftug

blæbrigði. Í það heila er tónmálið ótrúlega djærft, allt að því manískt, hver svo sem einleikarinn er.

Konsertinn á efnisskránni sætir nokkrum tíðindum, því hljómsveitin hefur sjaldan leikið jafn vel. Hvilikur flutningur! Heildarhljómurinn var sérdeilis glæsilegur, þéttur og fókuseraður, safaríkur og flottur. Strengjaleikurinn var óvanalega breiður og munúðarfullur, málmblásturinn yfirtengilegur. Þannig mætti lengi telja. Tullkunin var ákóf og kröftug, nánast brjálæðisleg. Hvergi var dauður punktur; rauði þráðurinn í tónlistinni slitnaði aldrei og hápunktarnir voru stórkostlegir. Það gerist ekki betra.

Jónas Sen

**NIÐURSTADA:** Einleikurinn var framúrskarandi, hljómsveitin aldrei betri.

# Rýmingsarsala bókaútgefenda í **Glæsibæ**

NÚ Á  
NÝJUM  
STAÐ

## VERÐHRUN!

ALLIR SEM  
VERSLA  
FÁ BÓK  
AÐ GJÖF

BÆKUR  
FRÁ  
99 KR.

Allt að

# 90%

## AFSLÁTTUR

Dagana 14. sept. til 8. okt.  
í **Glæsibæ** (þar sem Útilíf var áður til húsa)

Opnunartími 10-18  
alla daga vikunnar

## Þjónustumiðstöð tónlistarfólks



**TÓNASTÖÐIN**  
Allt fyrir tónlistarmanninn

Ísbúðin  
**HAFÍS**  
Gæjleymannleg upplifun

Íslenskur ís með ítalskri hefð

Komdu og fáðu rjómaís og laktósafrían vegan ís

Bæjarhrauni 2 | Hafnarfröi | Sími: 4370000 | hafis@hafis.is

## ALLT FYRIR HEIMILIÐ



Síðumúla 30 - Reykjavík  
Hofsbót 4 - Akureyri

**Vogue**  
FYRIR HEIMILIÐ

## L-Mesitran

Náttúruleg sárgræðsla með hunangi

Hunangplástur og sárakrem með hunangi. Hentar á allar tegundir sára. Plásturinn hentar vel á lítil yfirborðssár. Nauðsynlegur á sára hæla eftir göngur.



- Fæst í apótekum -

**Williams & Halls**  
www.wh.is

# Móðir, náttúra og vítahringur sköpunar

KVIKMYNDIR

mother!

★★★★★

**Leikstjóri:** Darren Aronofsky  
**Framleiðendur:** Scott Franklin, Ari Handel  
**Handrit:** Darren Aronofsky  
**Kvikmyndataka:** Matthew Libatique  
**Aðalhlutverk:** Jennifer Lawrence, Javier Bardem

Hann Darren Aronofsky er ekki beinlínis þekktur fyrir það að fara pent í hlutina, sama hvaða verkefni hann tekur að sér. Flestar ef ekki allar myndir hans eru ágengar, grafalvarlegar, hugmyndadrifnar og hafa að einhverju leyti snúist um persónur sem haldnar eru vissri þráhyggju sem seinna meir setur líf þeirra á hliðina eða leiðir til sjálfs-eyðileggingar.

Skilaboðin eru yfirleitt mjög augljós í Aronofsky-myndum en það er sama hvort viðkomandi kann að meta manninn sem leikstjóra eða ekki, það er erfitt að neita því að hvert verk frá honum feli í sér talsvert hugrekki og skilji eitthvað eftir sig.

Það er því óvenju mikið sagt að mother! (já, með lágstaf og upphrópunarmerki vist) sé það djarfasta og svartasta sem Aronofsky hefur hingað til komið sér út í; mynd sem er nánast í eðli sínu hönnuð til þess að fæla meirihluta fólks frá, en gerð til þess að skapa umræður. Á einn veg er þetta ein metnaðarfyllsta og brjáláðasta mynd leikstjórans til þessa og á annan sú allra persónulegasta og hreinskilnasta.

Myndin segir frá ónefndu pari á afskekktum stað, sem er einnig ónefndur. Maðurinn er skáld og plagaður af ritstíflu en konan bjartsýn og umhyggjusöm húsfreyja. Hlutirnir virðast samt í fyrstu vera nokkuð rólegir (þó fjarrí því að vera „eðlilegir“) en öll tilveran breytist með komu óvæntra gesta. Fyrir en varir fjólgar hratt í mannskapnum og þegar allt fer að flæða út um dyr fer heimur húsfreyjunnar í rúst, á biblíulegan mælikvarða, ef svo má segja.

Mikilvægt er að hafa það strax í huga að myndin er öll ein gróðarstór myndlíking, og þrátt fyrir að tilfinningarnar séu jarðbundnar og eflaust viðtengjanlegar fyrir einhverja, er ekki ætlast til þess að allt sé tekið bókstaflega. Þetta er ekki saga um persónur, heldur erkitýpur og augljósar staðalmyndir fyrir þemun og hugmyndirnar sem sóst er eftir. Smám saman fer myndin að spila út eins og abstrakt martröð, og finna má fyrir áhrifum frá David Lynch og sérstaklega Roman Polanski, þó svo að útkoman sé algerlega einstök í sjálfri sér.

Leikstjórinn nær allavega að vinna fyrir þessu upphrópunarmerki í titlinum.

Aronofsky heldur aldeilis ekki aftur af neinu og hefur margt í huga með mother!

Fyrst og fremst höfum við hér grimma og súrrealíska skilaboðasögu sem hefur sitt að segja um sköpun, móður jörð, átrúnaðargöð, frægð, verstu eðlishvatir mannsins og hvernig eitt einhliða ástarsamband getur rýrnað með eitruðum hætti – svo aðeins eitthvað sé nefnt. Eins og það sé ekki nóg er þetta í senn eitt furðulegasta „rimix“ af gamla testamentinu og nýja sem fyrirfinnst.



Michelle Pfeiffer bregður fyrir í mikilvægu aukahlutverki í mother!

Eftir stendur annars vegar frambærilegur og vandadur sálfræðihrollur en hið óvænta er að þarna undir yfirborðinu leynist líka sötusvört kómedía (án grins). Á komandi árum mun fólk deila stift um það hvort þetta sé lokkandi, martráðarkennt og bitastætt meistarastykki eða argasta sörp sem buið er að sósa upp úr mikilli tilgerð.

mother! er annars ekki bara fyrsta myndin frá Aronofsky sem notast ekki við tónlist frá snillingnum Clint Mansell, heldur sú fyrsta sem leikstjórinn gerir án stefja yfirhöfuð. Upphaflega var það Jóhann Jóhannsson sem vann að tónlistinni áður en ákveðið var að sleppa henni. Ákvörðun þessi reyndist vera mjög skörp.

Hvaða tónlist sem er hefði getað gert myndina meira yfirþyrmandi og trúlega fullmaníska. Rammarnir lýsa sér meira eða minna sjálfir og öll óþægindin rísa með hjálp frá fyrirtaks hljóðvinnslu, faglegru klippingu, stórglæsilegri kvikmyndatöku frá hinum fasta tókumanni leikstjórans, Matthew Libatique, og ekki síst gallalausum

leiktilþrifum frá Jennifer Lawrence, enda er öll sagan sögð frá hennar sjónarhorni og töku-stíllinn í takt við það.

Lawrence hefur tekið að sér krefjandi rullu þar sem nærri því allur tilfinningaskalin fær að njóta sín í linnulausum nærmyndum. Hvernig stórstjarnan sprengir sig andlega út í seinni hluta sögunnar gerir hann þeim mun átakanlegri. Eymdin, sakleysið og órvæntingin er trúverðug og rúmlega það.

Svo er það Javier Bardem, sem er firnasterkur og áhorfandinn veit sjaldan hvar hann hefur karakterinn. Bardem er hlýr í smáskömmtum en oftast fjarlægur, stundum jafnvel ógnandi. Ed Harris og Michelle Pfeiffer bregður einnig fyrir í mikilvægum aukahlutverkum og stimpla sig sem dularfullar, skemmtilegar og sérlega minnisstæðar viðbætur.

Ákvörðunarstaður framvindunnar er fyrirsjáanlegur en ferðin þangað er samt óljós. Að sjálfsögðu fer það varla á milli mála að ýmsar senur gætu gengið hressilega fram af fólki, minnst tvær. mother! er náttúrulega ekki gerð til þess að vekja mild viðbrögð en Aronofsky er heldur ekki eingöngu að þessu til að ógra eða predika.

Skilaboðin eru einföld en úrvinnslan er marglaga og einlæg í því hvernig myndmáli og tilfinningum er háttað, og heildarpakkinn er eitthvað sem fólk getur túlkað á mismunandi hátt. Það má vissulega deila um það hvort Aronofsky sé að reyna að troða of miklu inn eða ganga fulllangt með hið augljósa en þegar rússíbanareidið er svona kjörkuð, hvöss, úthugsuð og dáleiddandi í geðveikinni er erfitt að hafa augun af skjánum. Hér er ekki neitt „elsku mamma“. **Tómas Valgeirsson**



Allur tilfinningaskalin fær að njóta sín hjá Jennifer Lawrence og Javier Bardem er firnasterkur í myndinni.

**NIÐURSTADA:** Dirfskufull, eftirminnileg, umræðuverð og snarklíkuð kvikmynd í orðsins fyllstu merkingu. Það er lítið pláss fyrir milliveg, fólk annaðhvort fyrir lítur eða filar hana í klessu. Undirritaður er í seinni hópnum.



**20% KYNNINGAAFSLÁTTUR AF FIFTIES HÚSGÖGNUM**  
**STOFUDAGAR**

GILDIR 21.-27. SEPTEMBER



**20% AFSLÁTTUR AF SÓFABORÐUM**



**20% AFSLÁTTUR AF HLIÐARBORÐUM**



the  
**PIER**

Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880 • Selfossi 522 7890

**LAUGARÁS BÍÓ** **5%** **mid.is**

**AMERICAN ASSASSIN** SÝND KL. 8, 10.20

**UNDIR TRÉNU** SÝND KL. 6, 10.50

**SONUR STÓRFÖTAR** SÝND KL. 6

**SAMBÍÓIN SAMBIO.IS** KAPTU BÍÓMIÐANN Í SAMBÍÓ APPINU

**MOTHER!** SÝND KL. 8, 10.30

**SKRÍMSLA FJÖLSKYLDAN** Frábær ný mynd fyrir alla fjölskylduna. Sýnd með íslensku tali.

**AMERICAN MADE** SÝND KL. 8, 10.30

**DUNKIRK** SÝND KL. 8, 10.30

ÁLFABAKKA	EGILSHÖLL	KRINGLUNNI
IT kl. 6:10 - 8 - 9 - 10:50	IT kl. 5:15 - 8 - 10:45	IT kl. 5:10 - 8 - 10:20 - 10:50
IT VIP kl. 5 - 8 - 10:50	MOTHER! kl. 5:25 - 8 - 10:35	MOTHER! kl. 5 - 7:40 - 10:20
MOTHER! kl. 5:20 - 8 - 10:50	AMERICAN MADE kl. 5:30 - 8 - 10:30	SKRÍMSLAFJÖLSKYLDAN ÍSL TAL kl. 5:50
SKRÍMSLAFJÖLSKYLDAN ÍSL TAL kl. 5:50	SKRÍMSLAFJÖLSKYLDAN ÍSL TAL kl. 5:40	DUNKIRK kl. 8
EVERYTHING, EVERYTHING kl. 5:50 - 8	HITMAN'S BODYGUARD kl. 8 - 10:30	KEFLAVÍK
HITMAN'S BODYGUARD kl. 5:30 - 8 - 10:30	IT kl. 8 - 10:50	IT kl. 10:05
ANNABELLE: CREATION kl. 10:10	MOTHER! kl. 8 - 10:50	MOTHER! kl. 8 - 10:35
	SKRÍMSLAFJÖLSKYLDAN ÍSL TAL kl. 5:50	UNDIR TRÉNU kl. 8
	EVERYTHING, EVERYTHING kl. 5:50	

**Góða skemmtun í bíó**

**Umboðsmaður skuldara**

**OPIÐ ALLA VIRKA DAGA KL. 9.00 - 15.00**

Símatími ráðgjafa er þriðjudaga og fimmtudaga kl. 13.00-14.00

SÍMI 512 6600  
GRÆNT NÚMER 800 6600  
KRINGLAN 1 103 REYKJAVÍK

**ums.is**

**Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur**

hvar@frettabladid.is

**21. SEPTEMBER 2017**

**Tónlist**

**Hvað?** Live Music : Vegan Klikan, Hewkii, Seint  
**Hvenær?** 22.00  
**Hvar?** Boston, Laugavegi  
Nokkrar hljómveitir spila og syngja á Boston í kvöld.

**Hvað?** Einar Scheving Band - feat. Phil Doyle (Jazz/Funk)  
**Hvenær?** 21.00  
**Hvar?** Dillon, Laugavegi

**Hvað?** Caterpillarmen & Brött Brekka á Húrra  
**Hvenær?** 22.00  
**Hvar?** Húrra, Naustunum  
**Hvað?** Pemakvöld 1 - Karitas Harpa



**RAFMAGNSREIÐHJÓL**

**30% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM HJÓLUM**

**MIKIÐ ÚRVAL AF RAFMAGNSREIÐHJÓLUM**

Urðarhvarfi 4 / 203 Kópavogi  
Sími 557 4848 / www.nitro.is

Ragnheiður Gröndal tekur lagið á Café Rosenberg í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

(Gömlu íslensku perlurnar)  
**Hvenær?** 21.00  
**Hvar?** Sólon, Bankastræti  
Í samstarfi við Sólon Bistro verður Karitas Harpa með mánadarlegar uppákomur eða þematengdar tónlistarstundir í vetur. Fyrsta kvöldið verður í kvöld en þá fær Karitas til liðs við sig píanóleikarann Stefán Þorleifsson og ætla þau að leika fyrir gesti gömlu íslensku perlurnar. Þá erum við að tala um klassísk lög frá Sigfúsi Halldórssyni, lög sungin af Elly og Villa Vill svo dæmi séu nefnd.

**Hvað?** Ragga Gröndal  
**Hvenær?** 21.30  
**Hvar?** Rosenberg, Klapparstíg  
Ragga Gröndal kemur fram á Rosenberg í kvöld. Hún mun flytja blöndu

af nýju efni, íslenskum þjóðlögum og eldra efni af plötum sínum. Með henni á tónleikunum verður gítarleikarinn Guðmundur Pétursson.

**Viðburðir**

**Hvað?** Í Myrkri kvikmyndaklúbbur með Ben Rivers og Johannes Gierlinger  
**Hvenær?** 21.15  
**Hvar?** Kling & Bang, Grandagarði  
Boðið verður upp á reglulegar sýningar á völdum heimildarmyndum og experimental kvikmyndum eftir nokkra af áhugaverðustu kvikmyndagerðarmönnum samtímans. Fyrsta sýning klúbbsins verður í kvöld. Þá verður myndin Two years at sea eftir Ben Rivers sýnd og einnig stuttmynd A subsequent fulfillment of a pre-historic wish eftir Johannes Gierlinger. Það er ókeypis inn, en tekið verður á móti frjálsum framlögum. Þau munu renna beint til kvikmyndagerðarfólksins eða til annarrar starfsemi að þess vali.

**Hvað?** Rússnesk kvikmyndasýning í Vatnasafninu  
**Hvenær?** 20.00  
**Hvar?** Vatnasafninu, Stykkishólmi  
Í tilefni af 5. rússnesku kvikmynda-vikunni hér á landi verður myndin



Það er alltaf eitthvað bitastætt að gerast í Marshallhúsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

Monakh i bes (The Monk and the Demon) sýnd í Vatnasafninu.

**Hvað?** Tónlist og lestur á Töfraljalli  
**Hvenær?** 20.00  
**Hvar?** Nýlistasafnið, Grandagarði  
Leiðangurinn á Töfraljallið (2013-2020) er tilraun með tíma og rúm sem kannar skynjun, þekkingu og vitundarsvið, fyrr og nú. Við viljum líta út fyrir mörk okkar sjálfhverfu tilvistarskilyrða, og samtímis viðurkenna og horfast í augu við öfl sköpunar og eyðileggingar í fortíð og samtið. Leiðangursfélagar eru Ása Helga Hjörleifsdóttir, Birna Bjarnadóttir, Gauti Kristmannsson, Haraldur Jónsson, Karlotta Blöndal, Steingrímur Eyfjörð og Unnar Örn J. Auðarson.

**BIO PARADIS** HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

Stella í Orlofi..... 18:00  
The Square..... 17:15, 20:00, 22:15  
Sjól og skart..... 18:00  
Sami Blood..... 20:00  
Kongens Nei..... 20:00  
The Limehouse Golem..... 22:45  
Ég Man Þig..... 22:30

**Stella í Orlofi**

**PANTAÐU EXTRA**  
FYRIR 30. SEPT.  
OG FÁÐU EITTHVAÐ ALVEG

Þú færð EXTRA búnað á nýjan  
RENAULT ef þú pantar fyrir 30. september



**RENAULT**  
Passion for life

# NÝR MEGANE

Hlaðinn tækninýjungum og staðalbúnaði.



## NÝR RENAULT MEGANE ZEN

1,5 DÍSil, ELDSNEYTISNOTKUN FRÁ 3,7 L/100 KM\*

VERÐ: 3.040.000 KR.



Þú færð EXTRA búnað á nýjan  
Megane að verðmæti **300.000 kr.**

ESP stöðugleikastýring, ASR spólvörn, 6 öryggispúðar (5 stjörnur í EuroNCAP), LED dagljós, leðurklætt stýri með aðgerðahnöppum, Bluetooth símabúnaður með raddstýringu, 2ja svæða tölvustýrð loftkæling, upphitun framsæti, fjarlægðarvarar að aftan og framan, 16" álfelgur, regnskynjari fyrir rúðupurrkur, sjálfvirk há/lág ljós (High beam assist), akreinavari (Lane departure warning), vegaskiltisnemi (Roadsign recognition).



„ÞÚ TANKAR SJALDNAR  
Á RENAULT“

GE bílar  
Reykjanesbæ  
www.gebilar.is  
420 0400

Bílasalan Bílás  
Akranesi  
www.bilas.is  
431 2622

Bílasala Akureyrar  
Akureyri  
www.bilak.is  
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands  
Egilsstöðum  
www.bva.is  
470 5070

IB ehf.  
Selfossi  
www.ib.is  
480 8080

BL söluumboð  
Vestmannaeyjum  
481 1313  
862 2516

**BL ehf**  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / www.bl.is



## DAGSKRÁ

## Fimmtudagur



## TOE TAG PAROLE: TO LIVE AND DIE ON YARD A

KL. 22:55

Heimildarmynd um harðan raunveruleika ungra einstaklinga í ríkisfangelsinu í Kaliforníu en þar er sérstök deild þar sem lögð er áhersla á mannækt og mikla sjálfvinnu. Flestir þar inni höfðu litla möguleika á lausn svo þeir hafa allt að vinna og engu að tapa.

Frábært  
Fimmtudagskvöld

Fáðu þér áskrift á 365.is



## MASTERCHEF USA

KL. 19:50

Skemmtileg sería með Gordon Ramsay í forgrunni þar sem áhugakokkar keppast við að vinna bragðlauka dómnefndarinnar á sitt band.



## NCIS

KL. 20:35

Stórgóðir og léttir spennuþættir sem fjalla um Leroy Jethro Gibbs og félag hans í rannsóknardeild bandaríska sjóhersins.



## ANIMAL KINGDOM

KL. 21:20

Ungur maður flytur til ættingja sinna eftir að móðir hans deyr og lendir þar inni í vægast sagt flókinni atburðarás.



## INSECURE

KL. 22:10

Skemmtilegir þættir um hispurslausa en afar ódugga konu sem leikin er af Issu Rae sem er jafnframt höfundur þáttanna.



## HATEFUL EIGHT

KL. 22:00

Mögnuð bíómynd úr smíðju Quentins Tarantino með Samuel L. Jackson, Kurt Russell og Jennifer Jason Leigh í aðahlutverkum.



## UNDATEABLE

KL. 19:50

Gamanþáttasería um nokkra hressa vini sem eru að leita að stóru ástinni en vantar sárlega aðstoð við leitina.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.

365.is

## STÖÐ 2

07.00 The Simpsons  
07.25 Kalli kanína og félagar  
07.50 Tommi og Jenni  
08.10 The Middle  
08.35 Ellen  
09.15 Bold and the Beautiful  
09.35 The Doctors  
10.15 Mom  
10.35 The Mindy Project  
11.05 Project Runway  
11.50 Hell's Kitchen USA  
12.35 Nágrannar  
13.00 Funny People  
15.25 My Big Fat Greek Wedding 2  
17.00 Bold and the Beautiful  
17.25 Ellen Skemmtilegur spjallþáttur með hinni einu og sönnu Ellen DeGeneres sem fær til sín góða gesti og slær á léttu strengi. Þættirnir eru með þeim vinælustu í sinni röð um allan heim enda hefur Ellen einstakt lag á gestum sínum og nær að skapa einstakt andrúmsloft í salnum sem skilar sér beint til áhorfenda sem sitja heima í stofu.

18.05 Nágrannar  
18.30 Fréttir Stöðvar 2  
18.55 Ísland í dag  
19.10 Sportpakinn  
19.20 Fréttayfirlit og veður  
19.25 2 Broke Girls  
19.45 Masterchef USA Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur með Gordon Ramsey í forgrunni þar sem áhugakokkar keppast við að vinna bragðlauka dómnefndarinnar yfir á sitt band. Ýmsar þrautir eru lagðar fram í eldamennskunni og þar reynir á hugmyndaflug, úrræði og færni þátttakenda. Að lokum eru það þó alltaf dómarnir sem kveða upp sinn dóm og ákveða hverjir fá að halda áfram og eiga möguleika á að standa uppi sem Meistarakokkurinn.  
20.30NCIS  
21.15 Animal Kingdom  
22.05 Insecure  
22.40 Toe Tag Parole . To Live And Die On Yard A  
00.05 Real Time With Bill Maher  
01.10 Loch Ness  
02.00 The Sinner  
02.50 Wallander  
04.20 The Mentalist  
05.05 Humans  
05.55 Humans

## STÖÐ 2 SPORT

07.25 Man. Utd. - Burton Albion  
09.05 Hamburg - Bor. Dortmund  
12.35 Víkingur Ó. - Víkingur R.  
14.15 1 á 1  
14.40 Arsenal - Doncaster Rovers  
16.20 Fjölnir - FH Bein útsending frá leik Fjölnis og FH í Pepsi deild karla.  
18.30 Chelsea - Nottingh. Forest  
20.40 Premier League World  
21.10 NFL Gameday  
21.40 UFC Unleashed  
22.25 Manch. United - Everton  
00.05 Chelsea - Arsenal

## STÖÐ 2 SPORT 2

07.00 Feyenoord - Manch. City  
08.40 Arsenal - FC Köln  
10.25 Atalanta - Everton  
12.05 Evrópuvæildarmörkin  
12.55 WBA - Manchester City  
14.35 Real Madrid - Real Betis  
16.15 Denver Broncos - Dallas Cowboys  
18.55 Man. Utd. - Burton Albion  
20.35 Formúla 1 - Keppni  
23.10 Fjölnir - FH  
00.50 Premier League World  
01.50 NFL Gameday  
02.20 UFC Unleashed

## ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó  
FM 89,5 Retro  
FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan  
FM 93,5 Rás 1  
FM 95,7 FM957

FM 96,3 FM Suðurland  
FM 96,7 Létt Bylgjan  
FM 97,7 X-ið

FM 98,9 Bylgjan  
FM 99,4 Útvarp Saga  
FM 100,5 K100

FM 102,9 Lindin

## STÖÐ 3

17.30 New Girl  
17.55 Mike & Molly  
18.15 The Big Bang Theory  
18.35 Modern Family  
19.00 Curb Your Enthusiasm  
19.30 Höfðingjar heim að sækja Þættir með Evu Laufey Kjaran Hermannsdóttur þar sem hún heim-sækir þjóðþekktu Íslendinga.  
19.50 Undateable  
20.15 Angie Tribeca  
20.40 Luck  
21.30 Höfðingjar heim að sækja  
21.55 Banshee  
22.55 Gilmore Girls  
23.40 Eastbound & Down  
00.10 The Big Bang Theory  
00.30 Modern Family  
00.55 Curb Your Enthusiasm

## STÖÐ 2 KRAKKAR

07.00 Tindur  
07.11 Töfrahetjurnar  
07.25 K3  
07.38 Mæja býfluga  
07.47 Stóri og Litli  
08.00 Dóra könnuður  
08.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar  
08.47 Doddi litli og Eyrnastór  
09.00 Áfram Diego, áfram!  
09.24 Svampur Sveinsson  
09.49 Lalli  
09.55 Rasmus Klumpur og félagar  
10.00 Strumpanir  
10.25 Hvellur keppnisbill  
10.37 Ævintýraferðin  
10.49 Gulla og grænjaxlarnir  
11.00 Tindur  
11.11 Töfrahetjurnar  
11.25 K3  
11.38 Mæja býfluga  
11.47 Stóri og Litli  
12.00 Dóra könnuður  
12.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar  
12.47 Doddi litli og Eyrnastór  
13.00 Áfram Diego, áfram!  
13.24 Svampur Sveinsson  
13.49 Lalli  
13.55 Rasmus Klumpur og félagar  
14.00 Strumpanir  
14.25 Hvellur keppnisbill  
14.37 Ævintýraferðin  
14.49 Gulla og grænjaxlarnir  
15.00 Tindur  
15.11 Töfrahetjurnar  
15.25 K3  
15.38 Mæja býfluga  
15.47 Stóri og Litli  
16.00 Dóra könnuður  
16.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar  
16.47 Doddi litli og Eyrnastór  
17.00 Áfram Diego, áfram!  
17.24 Svampur Sveinsson  
17.49 Lalli  
17.55 Rasmus Klumpur og félagar  
18.00 Strumpanir  
18.25 Hvellur keppnisbill  
18.37 Ævintýraferðin  
18.49 Gulla og grænjaxlarnir  
19.00 Lina langsokkur á ferð og flugi

## GOLFSTÖÐIN

07.50 BMW Championship  
11.50 Golfing World 2017  
12.40 Champions Tour Highlights  
13.35 Evian Championship  
16.35 Inside the PGA Tour  
17.00 Tour Championship  
22.00 Golfing World  
22.50 Inside the PGA Tour  
23.15 Tour Championship

## STÖÐ 2 BÍÓ

12.30 Before We Go  
14.05 Fed up  
15.40 The Yellow Handkerchief  
17.15 Before We Go  
18.50 Fed up Mögnuð heimildarmynd frá árinu 2014 sem fjallar um áhrif viðbættis sykurs í bandarískum matvælaíðnaði á heilsu manna. Notkun á sykri hefur skapað eitt alvarlegasta heilsufarsvandamál sem bæði Bandaríkin og fleiri lönd eru að glíma við í dag. Fed up er mynd sem enginn ætti að láta framhjá sér fara.  
20.25 The Yellow Handkerchief Dramatísk ástar- og reynslusaga með William Hurt, Mariu Bellow, Eddie Redmayne og Kristen Stewart. Þrír ólíkir einstaklingar sem þekkjast ekkert innbyrðis ákveða að aka saman til New Orleans í bifreið eins þeirra. Inn í málin blandast síðan fyrrverandi unnusta annars mannsins og úr verður afar eftirminnleg mynd og saga sem lætur engan ósnortinn.  
22.00 Hateful Eight  
00.45 Flight 7500 Spennutryllir frá árinu 2014 sem segir frá 230 farþegum og áhöfn flugs frá Los Angeles til Tókýó. Skömmu eftir flugtak byrja undarlegir hlutir að gerast og það virðist vera sem yfirnáttúrulegt afl sé leynist í vélinni.  
02.05 Pressure  
03.35 Hateful Eight

## RÚV

07.20 Loforð  
17.50 Tákn málsfréttir  
18.00 KrakkaRÚV  
18.01 Elías  
18.12 Veistu hvað ég elska þig mikið  
18.25 Hvergidrengir  
18.50 Krakkafréttir  
19.00 Fréttir  
19.25 Íþróttir  
19.30 Veður  
19.35 Kastljós og Menningin  
20.05 Hásetar  
20.35 Í helgan stein  
21.05 Berlínarsaga  
22.00 Tíufréttir  
22.15 Veðurfréttir  
22.20 Skammhlaup  
23.15 Svikamylla  
00.15 Kastljós og Menningin

## SJÓNVARP SÍMANS

08.00 Everybody Loves Raymond  
08.25 Dr. Phil  
09.05 90210  
09.50 Royal Pains  
10.35 Síminn + Spotify  
12.05 The Bachelorette  
13.35 Dr. Phil  
14.15 Life in Pieces  
14.40 How Not to DIY  
15.30 Family Guy  
15.55 The Royal Family  
16.20 Everybody Loves Raymond  
16.45 King of Queens  
17.10 How I Met Your Mother  
17.35 Dr. Phil  
18.15 The Tonight Show  
18.55 The Late Late Show  
19.35 America's Funniest Home Videos  
20.00 The Biggest Loser - Ísland  
21.00 Ghosts Of Girlfriends Past  
22.40 This is 40  
00.55 The Tonight Show  
01.35 The Late Late Show  
02.15 24  
03.00 Law & Order. Special Victims Unit  
03.45 Elementary  
04.30 House of Lies



# BIOEFFECT

## KYNNINGARDAGAR


Í LYFJUM & HEILSU



20% AFSLÁTTUR DAGANA 21.–24. SEPTEMBER  
AF BIOEFFECT HÚÐVÖRUM

BIOEFFECT® húðvörurnar eru margverðlaunaðar íslenskar hágæðavörur með einstaka virkni og eru vörurnar fáanlegar í yfir 1.000 verslunum í 25 löndum. BIOEFFECT húðvörurnar innihalda EGF frumuvaka sem gegnir lykilhlutverki í líffræði húðarinnar og stuðlar að endurnýjun hennar. Frumuvakinn er framleiddur í byggi með einstakri erfðatækni sem byggir á meira en 10 ára þróunarstarfi.

 BIOEFFECT á Íslandi



[www.bioeffect.com](http://www.bioeffect.com)

[www.lyfogheilsa.is](http://www.lyfogheilsa.is)

 Lyf & heilsa  
Við hlustum!

# Íslensk útgáfa af sænskum rappsmelli

Jóhann Kristófer, Jóhanna Rakei og Birnir hafa hoppað á remix af sænska rapphittaranum Gucci Song sem er upphaflega með rapparanum Michel Dida. Stór nöfn í sænsku senunni hafa horft til Íslands og því lá beint við að gera eitt remix.



Logi Pedro ætlar að halda skandinavískt rappkvöld á næstunni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**G**ucci Song með sænska rapparanum Michel Dida fær á morgun sérstakt íslenskt remix þar sem þau Jóhanna Rakei, Jóhann Kristófer og Birnir bæta við það sem sænskir frændur vorir voru búnir að byggja. Gucci Song hefur verið frekar vinsælt lag í Svíþjóð í sumar.

Lagið er úr smíðju Trans94, umboðsskrifstofu og útgáfufyrirtækis í Svíþjóð. Hópurinn sér m.a. um sænsku tónlistarmennina Silvönu Imam, sem kom fram á tónlistarhátiðinni Iceland Airwaves í fyrra, fyrrnefndan Michel Dida, Erik Lundin og Cherrie en sú síðastnefnda vann til verðlauna á sænsku Grammi-verðlaunahátiðinni árið 2016 fyrir R&B og hiphopp-plötu ársins.

„Það er heiður að vera í sambandi við þetta gengi. Trans94 eru svolítið mikið búnir að vera að gera svona remix-verkefni og fleira – það var að koma út heimildarmynd um Silvana Imam og bók sem heitir Third Culture Kids sem fjallar um krakka sem hafa alist upp í öðrum menningarheimi en foreldrar þeirra koma úr. Þetta er bara nett gengi.“

Michel Dida er mjög flottur. Síðast þegar hann gerði svona stórt remix var það lagið Höru Mej Bae sem varð risastórt á Norðurlöndunum.

Það kom remix með stelpum einngöngu – Zara Larson er til dæmis með í því. Gucci Song

**MICHEL DIDA ER MJÖG FLOTTUR. SÍÐAST ÞEGAR HANN GERDI SVONA STÓRT REMIX VAR ÞAÐ LAGIÐ HÖRU MEJ BAE SEM VARÐ RISASTÓRT Á NORÐURLÖNDUNUM.**

hefur fengið remix með sænskum göturöppurum og Dida vildi gera spes remix með íslenskum röppurum – þeir eru búnir að fylgjast með senunni hérna heima og finnst það náttúrulega mjög spennandi og því lá alveg beint við að gera eitt-hvað feitt hérna heima, þannig að Jóhann, Jóhanna Rakei og Birnir negldu niður vers. Þetta er allt bara mjög spennandi, þetta eru stærstu og virtustu rappararnir í Svíþjóð í dag, myndi ég segja,“ segir Logi Pedro Stefánsson, einn af heilunum bak við verkefnið.

Er eitthvað fleira svona á leiðinni frá ykkur? „Þetta er partur af stærra samstarfi sem við Les Freres Stefson erum búnir að vera að setja upp. Við höfum verið að vinna með röppurum í Danmörku, á Írlandi og svo í Svíþjóð núna. Við erum búnir að að fá til Íslands danska rapparann Emil Stabill – hann kom á Airwaves og svo fengum við hann aftur á MR-ball – við erum líka að vonast til að hann komi og spili aftur í haust. Sama máli gegnir um Unge Ferrari sem er norskur rappari – hann spilaði á Airwaves og svo MR-ballinu. Síðan er það írskt band sem er að koma á Airwaves sem heitir Hare Squead sem við linkuðum upp með þegar við vorum að spila í Brighton og væbuðum með. Við fengum þá til að koma á Airwaves og vonandi í stúdíó. Þeir eru búnir að taka þátt í einu Sturlu Atlas lagi sem kemur vonandi út í haust. Þetta band hefur til dæmis gert lag með Goldlink og er að fá sturlaða spilun. Það er bara gaman að þessi frábæra íslenska sena sé ekki bara að gera hiphopp sem er vinsælt hérna heima heldur í raun samkeppnishæft úti í heimi.“

Lagið Gucci Song „Reykjavík remix“ kemur á streymisveituna Spotify á morgun. stefanthor@frettabladid.is



Birnir stókk á remixið ásamt Jóhönnu Rakei og Jóhanni Kristófer. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTÓN BRINK



## Vítamíndagur

**20–30%**

afsláttur af öllum vítamínum hjá Lyfjum & heilsu til 9. okt.

**Lyf & heilsa**  
Við hlustum!

# F&F

**20%** afsláttur  
af völdum ungbarnavörum  
**14.-24. september**



**1.568 kr**  
v.á. 1.960 kr.



**1.016 kr**  
v.á. 1.270 kr.



**1.568 kr**  
v.á. 1.960 kr.



**3.544 kr**  
v.á. 4.430 kr.



**1.176 kr**  
v.á. 1.470 kr.



**1.568 kr**  
v.á. 1.960 kr.



Sett  
**1.568 kr**  
v.á. 1.960 kr.



**1.408 kr**  
v.á. 1.760 kr.



**1.568 kr**  
v.á. 1.960 kr.



**1.176 kr**  
v.á. 1.470 kr.



Sett  
**2.360 kr**  
v.á. 2.950 kr.



**1.568 kr**  
v.á. 1.960 kr.



**2.360 kr**  
v.á. 2.950 kr.



2 í pk.  
**1.408 kr**  
v.á. 1.760 kr.



**1.568 kr**  
v.á. 1.960 kr.



**1.016 kr**  
v.á. 1.270 kr.



2 í pk.  
**1.408 kr**  
v.á. 1.760 kr.



2 í pk.  
**1.408 kr**  
v.á. 1.760 kr.

 **Finndu okkur á Facebook**

Skeifan, Spöng, Garðabær, Smáralind,  
Borgarnes, Njarðvík, Selfoss og Akureyri.

ATH! Mismunandi vöruúrval eftir verslunum

## Varmadælur & loftkæling



Kælitækni



**Midea**  
It's your Idea



- Kyndir húsið á veturna og kælir á sumrin
- Fyrir norðlægjar slóðir
- Fjarstýring fylgir
- Hægt að fá WiFi

Verð frá aðeins  
kr. 155.000 m.vsk  
Midea MOB12  
Max 4,92 kW  
2,19 kW við -7° úti og  
20° inni hita (COP 2,44)  
f. íbúð ca 60m<sup>2</sup>.



Hágæða amerísk heilsurúm sem auðvelt er að elska

Sofðu rótt í alla nótt

**rekkjan**

HEILSURÚM

## Simaveski.is



Símaveski, heyrnartól, snúrur og allt fyrir símann.

Simaveski.is, S. 517 0150 – 2. hæð Smáralind

**PLUKKFIÐSKUR**

**HAFIÐ FISKVERSLUN**

Hlíðasmára • Spönginni • Skipholt

**HUMAR**

## Heilsan okkar

Ragnhildur Guðrún Finnbjörnsdóttir, umhverfis- og auðlindafræðingur og doktor í lýðheilsuvísindum



### Hvernig minnka ég plastnotkun?

Allt plast sem hefur verið framleitt er enn til í einni eða annarri mynd. Í raun eyðist plast ekki heldur verður það að sífelldu minni ögnum sem kallast örplast. Stór hluti af framleiddu plasti endar í sjó eða vatni, skemmir lífríki og getur valdið dauða dýra. Þrátt fyrir þetta spilar plast stórt hlutverk í okkar daglega lífi og er til margt nyttsamlegt en eins og með aðra ofneyslu þurfum við að draga úr einnota notkun plast.

Ein leið til að minnka notkun er að sleppa einnota plasti á borð við plastpoka, sogrör, plasthnífapör og -diska og þess háttar. Tökum með fjölnota poka þegar við verslum og einnig poka undir ávexti og grænmeti. Hægt er að kaupa sápuþykki í stað fljótandi handsápu og taka með fjölnota ílát þegar farið er í fisk- og kjötbúðina og jafnvel ísbúðina og hafa með sér fjölnota kaffimál. Í stað þess að nota einnota plast í eldhúsinu er betra að nota t.d. matvælaumbúðir úr gleri, fjölnota plasti eða Abeego umbúðir (úr m.a. býflugnavaxi). Að auki getum við haft mikil áhrif á framboð og neyslu. Því fleiri sem neita plastumbúðum í verslunum og á veitingastöðum því fyrr fara fyrir tæki að bjóða upp á umhverfisvænni lausnir.

Nú stendur yfir árvekiatíkið „Plastlaus september“ til að vekja fólk til umhugsunar á plastnotkun. Að baki verkefninu stendur þverfaglegur hópur kvenna auk þess sem verkefnið er styrkt af Umhverfisstofnun, helstu sveitarfélögum höfuðborgarsvæðisins, Landvernd og fleirum. Lesa má um átakið á [plastlausseptember.is](http://plastlausseptember.is) en þar er einnig að finna fleiri ráð um hvernig draga má úr plastnotkun.

**NIÐURSTAÐA:** Hættum að nota einnota plastvörur og drögum úr ofneyslu t.d. með fjölnota innkaupapokum og ílátum.

Lesendum er bent á að senda sérfræðingum okkar spurningar tengdar heilsu og lífsstíl á [heilsanokkar@frettabladid.is](mailto:heilsanokkar@frettabladid.is).



Avril Lavigne er nokkuð óvænt á toppnum. Hún tilkynnti í ágúst að nýtt efni væri væntanlegt frá henni. Það er því oft verið að leita að henni og hennar efni sem er kjörið fyrir tölvuglæpamenn. NORDICPHOTOS/GETTY

# Lavigne hættulegust á netinu

Vírusvarnafyrirtækið McAfee birti í vikunni lista yfir fræga einstaklinga sem líklegast þykir að fylgi vírus þegar leitað er að þeim á netinu. Avril Lavigne er á toppnum.

Hættulegast er að leita að Avril Lavigne samkvæmt lista McAfee vírusvarnafyrirtækisins en þetta er í 11. skipti sem fyrirtækið birtir listann. Toppætið kemur svolítið á óvart en Lavigne hefur ekki verið mjög áberandi í umræðunni undanfarin ár. „Tölvuglæpamenn notast við vinsæl leitarorð og reyna að komast yfir viðkvæmar persónuupplýsingar með því að smita tölvurnar af vírusum,“ segir í tilkynningu frá fyrirtækinu. – bb

### Topp 10 listinn

1. Avril Lavigne
2. Bruno Mars
3. Carly Rae Jepsen
4. Zayn Malik
5. Celine Dion
6. Calvin Harris
7. Justin Bieber
8. Diddy
9. Katy Perry
10. Beyoncé

## Vala kíkir í töskuna hjá Ragnhildi og Ingu Lind

Vala Matt verður með umfjöllun um átakið á allra vörum í Íslandi í dag á Stöð 2 í kvöld. Þar hittir hún hugsjónakonurnar sem standa að söfnuninni, Guðnýju Pálsdóttur, Gróu Ásgeirsdóttur og Elísabetu Sveinsdóttur. Svo mun hún líka heim-sækja Ragnhildi Steinunni Jónsdóttur og Ingu Lind Karlsdóttur, sem báðar keyptu gloss til styrktar Á allra vörum, og fær að kíkja í töskuna þeirra. „Mér lék forvitni á að vita hvað þær væru með annað en glossið góða í veskinu. Og þar kenndi ýmissa grasa. Ragn-

**MÉR LÉK FORVITNI Á AÐ VITA HVAD ÞÆR VÆRU MEÐ ANNAD EN GLOSSIÐ GÓÐA Í VESKINU.**



hildur Steinunn er alltaf með mjög snyrtilegt veski og ekki neinn óþarfa í sinni tösku,“ segir Vala. „Inga Lind var aftur á móti búin að laga til í sinni tösku og skildi eftir heilmikið rusl í þeirri tösku sem hún ekki sýndi okkur. Sem okkur fannst dálítið fyndið,“ segir Vala og skellir upp úr. – gha



Vala Matt gægist ofan í nokkrar handtöskur í Íslandi í dag í kvöld.

HAUSTSPRENGJA ELLINGSEN  
**20% AFSLÁTTUR**  
21.SEPTEMBER – 3.OKTÓBER



**ELLINGSEN**


FISKISLÓÐ 1 REYKJAVÍK / TRYGGVAGÖTU 1-3 AKUREYRI / 580 8500 / SÍÐAN 1916



**1** Stúlkan sem gat ekki fyrirgefið  
David Lagercrantz



**2** Með lífið að veði  
Yeonmi Park



**3** Gagn og gaman  
Helgi E. / Ísak J.




**4** Nornin  
Camilla Läckberg



**5** Bláköld lygi  
Quentin Bates




**6** Afætur  
Jussi Adler Olsen



**7** Verstu börn í heimi  
David Walliams



**8** Pottur, Panna og Nanna  
Nanna Rögnvaldardóttir



**9** Independent People  
Halldór Laxness



**10** Kóngulær í sýningargluggum  
Kristín Ómarsdóttir



Neðri hæðin er 156 fermetrar. Frá anddyri er gengið inn í opið rými sem tengir saman eldhús, sjónvarpshol og setu- stofu. Þar er gluggi sem hleypir birtu inn í eignina og gefur geggjáð útsýni. MYNDIR/HEIMILI FASTEIGNASALA

# Dýrasti búgarður landsins til sölu

Hólmaþing 16 er komið á sölu en eignin er 692 fm og inni í því eru tvær aukaíbúðir, 105 fm bílskúr og hesthús svo fátt eitt sé nefnt. Brunabótamatið er um 180 milljónir.

Þetta er falin perla,“ segir Brynjólfur Snorrason fasteignasali en hann er með Hólmaþing 16 til sölu sem er einstakt einbýlishús við Elliðavatn. Eignin er samtals 691,7 fm með útsýni yfir Elliðavatn og Bláfjöll og óska núverandi eigendur eftir tilboði. „Það er mikill áhugi á eigninni og ég fæ tvær til þrjár fyrirspurnir á dag,“ segir Brynjólfur.


Eignin er timburhús á steypum grunni og skiptist í 451,8 fm aðalbyggingu sem er með aukaíbúð í kjallara, 105,8 fm bílskúr sem er með með aukaíbúð á rishæð, 40 fm gróðurhús og 94,1 fm hesthús.

Hesthúsið er fyrir sex til átta hesta. Þar er flísalagt anddyri, eldhús með hita í gólfi, góðum borðkrók og útsýni yfir Elliðavatnið og baðherbergi með flisum á gólfi, opnanlegu fagi og upphengdu klósetti. Hesthúsið sjálft er með nýlegt afgirt gerði og í næsta nágrenni eru fallegar reiðleiðir, m.a. um Vatnsenda og Elliðavatn.

Það er því vel hægt að kalla þetta búgarð en þeir eru sjaldséðir á höfuðborgarsvæðinu þótt megi finna þá nokkra í Kópavogi. Enginn af þeim er þó til sölu. „Þó það gerist ekki endilega strax þá mun þessi eign fara. Hún er það einstök,“ segir Brynjólfur. [benediktboas@365.is](mailto:benediktboas@365.is)



Útsýni er stórkostlegt og nýtur 41 m<sup>2</sup> timburverönd fyrir framan húsið sín vel.



Bílskúrin er yfir 100 fermetrar, með heitu og köldu vatni og góðri vinnuaðstöðu. Á efri hæð bílskúrsins er stúdíóíbúð sem er í útleigu.

### Hólmaþing 16

- 691,7 m<sup>2</sup>
- Byggt 2007
- 14 herbergi
- 4 baðherbergi
- 10 svefnherbergi
- Sérinnngangur
- Bílskúr
- Prennar svalir
- Garður
- Þvottahús

### Aðrar 200 milljóna króna eignir til sölu á Íslandi

- Vesturgata 25  
Verð: 250.000.000
- Lindargata 39  
Verð: 229.000.000
- Garðastræti 40  
Verð: 235.000.000
- Bergstaðastræti 81  
Verð: 230.000.000
- Bergstaðastræti 79  
Verð: 195.000.000

NÓA

**NÝTT**



# Nóa Kúlu

eru mættar í nýjum klæðum!

Gríptu Rjómakúlu, Lakkrískúlu og glænýjar Piparkúlu - allar í nýjum poka.

# FRÉTTABLAÐIÐ

Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð 512 5000 [Vísir](#)

Ritstjórn 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild auglysingar@frettabladid.is Prentun Ísafoldarprentsmiðja

PÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VIÐSVEGAR UM LANDIÐ.

Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.



FRÉTTABLAÐIÐ  
mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing Dreifing dreifing@postdreifing.is  
Ef blaðið berst ekki 800 1177

## BAKÞANKAR

Frosta Logasonar



## Kjörnir fulltrúar

Það er ekki gæfulegt ástandið á litla landinu okkar í dag. Þriðja ríkisstjórnin sem hrökklast frá eða springur á síðastliðnum átta árum. Vissulega má færa rök fyrir því að með þessu sé fólkið í landinu að öðlast meiri völd. Það er jú gott að fá annað tækifæri til að kjósa ef maður var ekki sáttur við útkomuna síðast. En ómurlegt ef þetta færir okkur ekkert nema feitan reikning í ríkissjóð og nákvæmlega sama vesenið aftur á Alþingi.

Þið sem ætlið að bjóða ykkur fram í þetta skiptið ættuð að hafa nokkur atriði í huga áður en farið er af stað. Það er ekki eftirspurn eftir fólki sem ætlar í flokks-pólitískan leðjuslag um hvernig hægt sé að skipta kökunni milli einkavina og vandamanna. Okkur vantar ekki fólk til þess að standa vörð um myrkustu leyndarmál stjórnsýslunnar. Okkur vantar ekki fólk til að hafa vit fyrir okkur hinum.

Okkur vantar ekki fólk sem ætlar að sýna floknum sínum blinda hollustu. Við þurfum fólk sem leitast við að tryggja okkur öllum sanngjörn lög í landinu. Þar sem til dæmis vímuefnaneytendur fái ekki þyngri refsidóma en barnaniðingar og nauðgarar. Við viljum heiðarleika og gegnsæi.

Að lokum eigum við landsmenn að fá að vera í friði fyrir stjórnmal-unum. Við eigum að geta treyst því að fólkið sem veljist til áhrifa í lýðræðislegum kosningum geti sýnt stöðu sinni þá virðingu að verkefni verði leyst með vand-virkni og sóma, okkur öllum til heilla. Hagsmunir heildarinnar eiga vera ykkar eina viðfangsefni. Það er allt og sumt. Annars óska ég ykkur öllum velfarnaðar og velgengni.

# LJÓS OG PERUR

# 25%

# AFSLÁTTUR

**OSRAM** LED kertapera. 6W, E14, 2400K. **596 kr.**  
54194622  
Almennt verð: 796kr.

**GITTER** loftljós. Svart, E27, 17x25cm. **4.496 kr.**  
52238125  
Almennt verð: 5.995kr.

**OSRAM** LED. 8W, E27, 2700K. **596 kr.**  
54194572  
Almennt verð: 795kr.

**AMBER** loftljós. Gler, E27, 17x23,5cm. **8.996 kr.**  
52238388  
Almennt verð: 11.995kr.

**SILENCE** loftljós. Hvítt, E27, 40cm. **14.996 kr.**  
52269353  
Almennt verð: 19.995kr.

**STATUS** loftljós. Hvítt/plast, 5xE27, 41cm. **18.746 kr.**  
52266087  
Almennt verð: 24.995kr.

**DALMA** loftljós. Kopar, E27, 30cm. **5.996 kr.**  
52269347  
Almennt verð: 7.995kr.

**Brilliant**

**SCAN LIGHT**

**OSRAM**

**Brilliant**

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN Í ICELAND ENGIHJALLA, VESTURBERGI, ARNARBAIKKA OG GLÆSIBÆ

OPIÐ 24 TÍMA

**Iceland**

**KRONAN**

**AIKÍ boostið**

HAKKET GRŒNKÁL

Ódýrt

**199 kr. pk.**

Frosið grænkál 450 g - 442 kr/kg

VERKFAERA-BOX Til 27. september **-20%**

ÁLTRÖPPUR OG STIGAR Til 27. september **-25%**

RAFMAGNS-VERKFAERI Til 27. september **-20%**

HAND-VERKFAERI Til 27. september **-30%**

JÁRN-HILLUR Til 27. september **-30%**

HÁPRÝSTI-DÆLUR Til 27. september **-25%**

**BYKO**

GERUM PETTA SAMAN



www.byko.is